

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL

EVROPU 2016

Dómareifanir

1. hefti 2016 (janúar-júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Oddný Mjöll Arnardóttir
Ritnefnd: María Thejll
Ásgerður Ragnarsdóttir

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
1. hefti 20165 (janúar–júní)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145

Umbrot: Þorkell J. Sigurðsson

Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu

Frá ritstjóra

Í þessu hefti með reifunum dóma frá Mannréttindadómstól Evrópu er að finna fjölbreytt úrval dóma frá fyrri hluta árs 2016. Líkt og oft áður eru mál varðandi friðhelgi einkalífs skv. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu fyrirferðarmikil.

Dómur yfirdeildar í máli *Biao gegn Danmörku* frá 24. maí 2016 er áhuga-verður í þessu sambandi, en þar reyndi á friðhelgi einkalífs í tengslum við bann við mismunun skv. 14. gr. sáttmálans. Í málinu hafði danskur ríkisborgari af ghanískum uppruna kvænst ghanískum ríkisborgara sem aldrei hafði komið til Danmerkur. Þegar þau sóttu um búsetuleyfi fyrir hana í Danmörku var þeim hafnað á grundvelli svokallaðrar „28 ára reglu“ sem fól í sér að hjón fá ekki fjölskyldusameiningu í Danmörku ef þau hafa sterkari tengsl við annað ríki, nema annað hjóna hafi haft danskan ríkisborgararétt í a.m.k. 28 ár eða hafi ekki ríkisborgararétt en sé fætt í Danmörku eða hafi komið þangað sem ungt barn og hafi búið þar í a.m.k. 28 ár. Á yfirborðinu er „28 ára reglan“ hlutlaus, en dómstóllinn féllst á að í henni fælist óbein mismunun á grundvelli þjóðernisuppruna þar sem reglan komi hlutfallslega verr við þá sem öðlast ríkisborgararétt eftir fæðingu en þá sem eru almennt af öðrum þjóðernisuppruna en dönskum. Málið er nýjasti dómur Mannréttindadómstólsins þar sem reynir á óbeina mismunun, en áður hafði dómstóllinn einungis komist að þeirri niðurstöðu að um óbeina mismunun hefði verið að ræða í málum þar sem hlutfallslega fleirum Roma-börnum var komið fyrir í sérskólum, sbr. dóm yfirdeildar í máli *D.H. og fleiri gegn Tékklandi* frá 13. nóvember 2007. Það vekur einnig athygli að í málinu lágu ekki fyrir ítarlegar tölfræðilegar upplýsingar um samsetningu hópanna þó að Mannréttindadómstóllinn hefði kallað eftir þeim frá danska ríkinu, en dómstóllinn leiddi ofangreindar niðurstöður fram með umfjöllun um efnisreglur danskra laga og með vísan til þess sem út frá almennri skynsemi má gera ráð fyrir um þjóðernisuppruna hópanna sem bornir voru saman.

Mál *Bárbulescu gegn Rúmeníu*, sem dæmt var 12. janúar 2016, er einnig athyglisvert. Kæranda var sagt upp störfum hjá einkafyrirtæki fyrir að nota Yahoo Messenger-aðgang til persónulegra samskipta, en aðgangurinn var stofnaður í þeim tilgangi að svara fyrirspurnum viðskiptavina. Þetta braut í bága við innri reglur fyrirtækisins. Dómstóllinn taldi ekki um brot á jákvæðum skyldum ríkisins að ræða þótt það hefði ekki verið talið brot á friðhelgi einkalífs fyrir innlendum dómstólum að vinnuveitandinn færi inn á þennan Yahoo Messenger-aðgang í eftirlitsskyni, en engar aðrar upplýsingar eða gögn, sem geymd voru á tölvu kæranda, voru skoðuð. Niðurstaðan var því sú, með sex atkvæðum gegn einu, að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Málinu hefur verið vísað til yfirdeildar og verður fróðlegt að sjá hverjar endanlegar lyktir málsins verða.

Mál varðandi mörg fleiri réttindi er að finna í þessu hefti dómareifana. Að lokum verður einungis vakin athygli á tveimur málum enn, en þau varða réttindi fatlaðs fólks. Í *Guberina gegn Króatíu* frá 22. mars 2016 reyndi á friðhelgi eignarréttar skv. 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann í tengslum við 14. gr. hans. Í málinu var það talið mismunun að ekki var komið til mótis við föður fatlaðs barns

sem þurfti að flytja í hús með lyftu vegna sérþarfa barnsins, en honum hafði verið synjað um skattaundanþágu sem hafði í framkvæmd einungis verið veitt þeim sem voru í húsnæði sem ekki uppfyllti tiltekin grunnskilyrði. Þá var því jafnframt slegið föstu að vegna tengsla kæranda við barn sitt hefði sú mismunun sem um var að ræða verið byggð á fötlun, jafnvel þótt kærandi sjálfur hefði enga fötlun. Þetta atriði getur í framtíðinni skipt máli í ýmsu samhengi, þar sem mismununarástæður eins og fötlun, kyn, þjóðernisuppruni, kynhneigð o.fl. valda því að svigrúm ríkja til mats þrengist. Í máli *Çam gegn Tyrklandi* frá 23. febrúar 2016 reyndi á 2. gr. 1. viðauka í tengslum við 14. gr. sáttmálans. Hér hafði blindum kæranda verið neitað um aðgang að tónlistarskóla án þess að nokkur tilraun væri gerð til að koma til móts við þarfir hennar, en það fól í sér mismunun í skilningi mannréttindasáttmálans. Í báðum þessum málum hefur Mannréttindadómstóllinn því slegið föstu að ríki geti þurft að veita svokallaða „viðeigandi aðlögun“ til að koma til móts við fatlaða einstaklinga.

Laganemarnir Pálmi Þórðarson og Hafdís Una Guðnýjardóttir unnu reifanirnar sem hér eru birtar, en umsjónarmaður með heftinu var María Thejll forstöðumaður Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands. Í árslok 2016 lauk hún störfum og eru henni þökkud vel unnin störf í þágu stofnunarinnar.

Oddný Mjöll Arnardóttir

Efnisyfirlit

1. hefti 2016 (janúar–júní)

2. gr. Réttur til lífs

Cavit Tinarlioglu gegn Tyrklandi. Dómur frá 2. febrúar 2016 <i>Örorka af völdum slyss. Öryggisreglur. Jákvæðar skyldur ríkis.</i> <i>Rannsókn máls</i>	9
Civek gegn Tyrklandi. Dómur frá 23. febrúar 2016 <i>Heimilisofbeldi. Manndráp. Jákvæðar skyldur ríkis.</i> <i>Réttur til fjölskyldulífs</i>	11
F.G. gegn Svíþjóð – Yfirdeild. Dómur frá 23. mars 2016 <i>Hælisleitendur. Brottvísun. Pólitískt hæli. Trúskipti.</i> Armani Da Silva gegn Bretlandi – Yfirdeild. Dómur frá 30. mars 2016 <i>Manndráp. Hryðjuverk. Rannsókn. Einstaklingsábyrgð</i>	14

3. gr. Bann við pyndingum

M.G. gegn Tyrklandi. Dómur frá 22. mars 2016 (sjá reifun undir 14. gr.) F.G. gegn Svíþjóð – Yfirdeild. Dómur frá 23. mars 2016 (sjá reifun undir 2. gr.) Blokhin gegn Rússlandi – Yfirdeild. Dómur frá 23. mars 2016 (sjá reifun undir 5. gr.) M.C. og A.C. gegn Rúmeníu. Dómur frá 12. apríl 2016 (sjá reifun undir 14. gr.) Murray gegn Hollandi – Yfirdeild. Dómur frá 26. apríl 2016 <i>Fangar. Lifstiðarfangelsi. Náðun. Geðheilbrigðisþjónusta</i>	16
Beortegui Martinez gegn Spáni. Dómur frá 31. maí 2016 <i>Handtaka. Gæsluvarðhald. Meðferð lögreglu á handteknum manni.</i> <i>Rannsókn máls</i>	17

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

Meier gegn Sviss. Dómur frá 9. febrúar 2016 <i>Vinnuskýlda fanga á eftirlaunaaldri. Svigrúm til mats</i>	21
---	----

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Bergmann gegn Þýskalandi. Dómur frá 7. janúar 2016 <i>Öryggisgæsla. Geðsjúkir. Viðeigandi meðferð. Málsmeðferð</i>	23
Blokhin gegn Rússlandi – Yfirdeild. Dómur frá 23. mars 2016 <i>Börn. Afbrot. Frelsissvipting. Unglingaheimili. Læknisaðstoð.</i> <i>Málsmeðferð</i>	25
Derungs gegn Sviss. Dómur frá 10. maí 2016 <i>Öryggisgæsla. Opinber málsmeðferð. Málshraði</i>	27
Petschulies gegn Þýskalandi. Dómur frá 2. júní 2016 <i>Öryggisgæsla. Geðsjúkir. Tímalengd vistunar</i>	29

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Jakšovski og Trifunovski gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu. Dómur frá 7. janúar 2016 <i>Dómarar. Embættismissir. Einkamál. Hlutlaus og sjálfstæður dómstóll.</i> <i>Málsmeðferð</i>	31
---	----

Efnisyfirlit

Borg gegn Möltu. Dómur frá 12. janúar 2016 <i>Meðferð máls hjá stjórnlagadómstól. Sakamál. Aðstoð lögmanns.</i>	32
Mandet gegn Frakklandi. Dómur frá 14. janúar 2016 – Yfirdeild (sjá reifun undir 8. gr.)	
Arlewin gegn Svíþjóð. Dómur frá 1. mars 2016 <i>Réttur til aðgangs að dómstólum. Lögsaga. Uppruna- og ákvörðunar- staður útsendingar sjónvarpsefnis.</i>	33
Blokhin gegn Rússlandi –Yfirdeild. Dómur frá 23. mars 2016 (sjá reifun undir 5. gr.)	
Helmut Blum gegn Austurríki. Dómur frá 5. apríl 2016 <i>Lögmenn. Brot í opinberu starfi. Aganefnd. Munnleg málsmeðferð.</i>	35
Madaus gegn Þýskalandi. Dómur frá 9. júní 2016 <i>Opinber réttarhöld.</i>	36
Nait-Liman gegn Sviss. Dómur frá 21. júní 2016 <i>Lögsaga. Lögmætt markmið.</i>	38
Baka gegn Ungverjalandi. Dómur frá 23. júní 2016 – Yfirdeild (sjá reifun undir 10. gr.)	
7. gr. Engin refsing án laga	
Bergmann gegn Þýskalandi. Dómur frá 7. janúar 2016 (sjá reifun undir 5. gr.)	
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	
Szabó og Vissy gegn Ungverjalandi. Dómur frá 12. janúar 2016 <i>Eftirlitsaðgerðir. Fyrirsjáanleiki. Mat á nauðsyn.</i>	42
Bărbulescu gegn Rúmeníu. Dómur frá 12. janúar 2016 <i>Netnotkun starfsmanna. Uppsögn. Jákvæðar skyldur. Meðalhóf. Mat á nauðsyn.</i>	44
Mandet gegn Frakklandi. Dómur frá 14. janúar 2016 – Yfirdeild <i>Börn. Faðerni. Jákvæðar skyldur.</i>	45
Di Trizio gegn Sviss. Dómur frá 2. febrúar 2016 (sjá reifun undir 14. gr.)	
Cavit Tinarlioglu gegn Tyrklandi. Dómur frá 2. febrúar 2016 (sjá reifun undir 2. gr.)	
Mitrova og Savik gegn Makedóníu. Dómur frá 11. febrúar 2016 <i>Forsjá. Umgengnisréttur. Svigrúm til mats.</i>	48
Soares de Melo gegn Portúgal. Dómur frá 16. febrúar 2016 <i>Börn. Ettlíðing. Réttur til fjölskyldulífs. Krafa um ófrjósemisaðgerð. Meðalhóf.</i>	50
Pajic gegn Króatíu. Dómur frá 23. febrúar 2016 (sjá reifun undir 14. gr.)	
K.J. gegn Póllandi. Dómur frá 1. mars 2016 <i>Börn. Ólögmætt brottmál.</i>	52
Kahn gegn Þýskalandi. Dómur frá 17. mars 2016 <i>Myndbirtingar. Jákvæðar skyldur. Fjársektir. Miskabætur.</i>	54
Sousa Goucha gegn Portúgal. Dómur frá 22. mars 2016 <i>Fjölmiðlar. Tjáningarfrelsi. Jákvæðar skyldur. Mismunun.</i>	55
Kocherov og Sergejeva gegn Rússlandi. Dómur frá 29. mars 2016 <i>Börn. Forsjá. Þroskahömlun. Fjölskyldulíf.</i>	56

Efnisyfirlit

Ivanova og Cherkezov gegn Búlgaríu. Dómur frá 21. apríl 2016 <i>Byggingar. Niðurrif. Meðalhóf.</i>	58
Buchleither gegn Þýskalandi. Dómur frá 28. apríl 2016 <i>Börn. Umgengnisréttur. Nálægðarreglan.</i>	60
Winterstein o.fl. gegn Frakklandi. Dómur frá 28. apríl 2016 <i>Heimili. Hjólhýsi. Meðalhóf.</i>	61
Biao gegn Danmörku. Dómur frá 24. maí 2016 – Yfirdeild <i>Innflytjendur. Búsetuleyfi.</i>	63
Chapin og Charpentier gegn Frakklandi. Dómur frá 9. júní 2016 (sjá reifun undir 12. gr.)	
Aldeguer Tomás gegn Spáni. Dómur frá 14. júní 2016 <i>Sambúð samkynhneigðra. Fjölskyldulíf. Almanatryggingar.</i>	65
Versini-Campinchi og Crasnianski gegn Frakklandi. Dómur frá 16. júní 2016 <i>Símhleranir. Lögmenn. Notkun afrita hlerana.</i>	67
Ramadan gegn Möltu. Dómur frá 21. júní 2016 <i>Afturköllun ríkisborgararéttar.</i>	69
Taddeucci og McCall gegn Ítalíu. Dómur frá 30. júní 2016 <i>Kynhneigð. Búsetuleyfi. Fjölskyldulíf.</i>	71
10. gr. Tjáningarfrelsi	
Kalda gegn Eistlandi. Dómur frá 19. janúar 2016 <i>Fangar. Jákvæðar skyldur. Réttur til að taka við upplýsingum. Forvörn glæpa og ringulreiðar.</i>	73
De Carolis og France Televisions gegn Frakklandi. Dómur frá 21. janúar 2016 <i>Frelsi til að miðla upplýsingum. Verndun mannorðs og réttinda annarra. Meðalhóf. Gildismat.</i>	74
Magyar Tartalomszolgálatok Egyesülete og Index.hu Zrt gegn Ungverjalandi. Dómur frá 2. febrúar 2016 <i>Ummæli á vefsíðum. Gildisdómarlaskoðanir. Skaðabótaskylda.</i>	77
Société de Conception de Presse et d'Édition gegn Frakklandi. Dómur frá 25. febrúar 2016 <i>Fjölmiðlar. Friðhelgi einkalífs. Skaðabætur. Sektir.</i>	79
Bédat gegn Sviss – Yfirdeild. Dómur frá 29. mars 2016 <i>Blaðamenn. Rannsókn sakamála. Leynilegar upplýsingar.</i>	80
Karácsony og fleiri gegn Ungverjalandi. Dómur frá 17. maí 2016 – Yfirdeild <i>Þingmenn. Mótæli. Málsmeðferð.</i>	82
Brambilla og fleiri gegn Ítalíu. Dómur frá 23. júní 2016 <i>Hlerun lögreglusamskipta. Upptaka búnaðar.</i>	85
Baka gegn Ungverjalandi. Dómur frá 23. júní 2016 – Yfirdeild <i>Dómarar. Starfsskilyrði. Brottvikning úr starfi. Málsmeðferð.</i>	86
11. gr. Funda- og félagafrelsi	
Geotech Kancev GmbH gegn Þýskalandi. Dómur frá 2. júní 2016 <i>Kjarasamningur. Félagsmálagjöld.</i>	89
12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar	
Chapin og Charpentier gegn Frakklandi. Dómur frá 9. júní 2016 <i>Kynhneigð. Hjónaband samkynhneigðra. Réttur til fjölskyldulífs.</i>	91

14. gr. Bann við mismunun

Partei Die Friesen gegn Þýskalandi. Dómur frá 28. janúar 2016 <i>Þjóðernismímmihluti. Kosningaskilyrði.</i>	93
Di Trizio gegn Sviss. Dómur frá 2. febrúar 2016 <i>Mismunun á grundvelli kynferðis. Örorkubætur. Réttur til fjölskyldulífs.</i>	94
Çam gegn Tyrklandi. Dómur frá 23. febrúar 2016 <i>Réttur fatlaðs umsækjanda. Skortur á úrræðum fyrir fatlaða nemendur. Formlegar kröfur um líkamlegt hæfi.</i>	96
Pajic gegn Króatíu. Dómur frá 23. febrúar 2016 <i>Samkynja pör. Réttur til fjölskyldulífs. Lögmætt markmið.</i>	97
M.G. gegn Tyrklandi. Dómur frá 22. mars 2016 <i>Heimilisofbeldi. Jákvæðar skyldur.</i>	99
Guberina gegn Króatíu. Dómur frá 22. mars 2016 <i>Börn. Fötlun. Skattaívilnun. Húsnæði.</i>	101
Sousa Goucha gegn Portúgal. Dómur frá 22. mars 2016 (sjá reifun undir 8. gr.)	
M.C. og A.C. gegn Rúmeníu. Dómur frá 12. apríl 2016 <i>Rannsókn. Hatursglæpir. Jákvæðar skyldur.</i>	102
Biao gegn Danmörku. Dómur frá 24. maí 2016 – Yfirdeild (sjá reifun undir 8. gr.)	
Chapin og Charpentier gegn Frakklandi. Dómur frá 9. júní 2016 (sjá reifun undir 12. gr.)	
Aldeguer Tomás gegn Spáni. Dómur frá 14. júní 2016 (sjá reifun undir 8. gr.)	
Taddeucci og McCall gegn Ítalíu. Dómur frá 30. júní 2016 (sjá reifun undir 8. gr.)	

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Guberina gegn Króatíu. Dómur frá 22. mars 2016 (sjá reifun undir 14. gr.)	
Ivanova og Cherkezov gegn Búlgaríu. Dómur frá 21. apríl 2016 (sjá reifun undir 8. gr.)	
Geotech Kancev GmbH gegn Þýskalandi. Dómur frá 2. júní 2016 (sjá reifun við 11. gr.)	

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Çam gegn Tyrklandi. Dómur frá 23. febrúar 2016 (sjá reifun undir 14. gr.)	
--	--

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Partei Die Friesen gegn Þýskalandi. Dómur frá 28. janúar 2016 (sjá reifun undir 14. gr.)	
---	--

2. gr. 4. viðauka. Ferðafrelsi

Garib gegn Hollandi. Dómur frá 23. febrúar 2016 <i>Réttur til að velja búsetustað. Meðalhóf.</i>	108
---	-----

2. gr. Réttur til lífs

Cavit Tinarlioglu gegn Tyrklandi

Dómur frá 2. febrúar 2016

Mál nr. 3648/04

2. gr. Réttur til lífs

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Örorka af völdum slyss. Öryggisreglur. Jákvæðar skyldur ríkis. Rannsókn máls.

1. Málsatvik

Kærandi, Cavit Tinarlioglu, er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur 1968 og býr í Istanbul, Tyrklandi.

Kærandi kom á Club M þann 4. ágúst 1998 klukkan 7 að kvöldi. Á meðan hann var að synda í sjónum sigldi bátur á hann, rekinn af Y.C. sem bar ábyrgð á rekstri Club M. Kærandanum var samstundis bjargað af Y.C. og ferðamanni og var farið með hann á sjúkrahús. Kærandi hlaut varanleg meiðsl og var örorka hans metin 45%. Í kjölfarið afturkölluðu yfirvöld leyfi Club M til að skipuleggja vatnaþróttir.

Daginn eftir atburðinn lagði lögmaður kæranda fram beiðni um aðgang að gögnum fyrir dómstól í Bodrum. Þann 10. ágúst 1998 komst sérfræðingur að þeirri niðurstöðu að Y.C. hefði einn borið ábyrgð á slysinu. Viku síðar var Y.C. kærður fyrir að hafa hætt lífi fólks með vanrækslu og skeytingarleysi. Kærandinn sótti um að fá aðild að málinu. Að beiðni dómstólsins var lögð fram matsgerð sérfræðinga, en í henni kom fram að stjórn Club M og Y.C. bæru hvor um sig þrjá áttundu hluta ábyrgðar en að kærandi bæri sjálfur ábyrgð á tveimur áttundu hlutum slyssins. Í dómi 2. október 2001, var Y.C. dæmdur í sex mánaða fangelsi og til greiðslu sektar. Dómurinn var síðar mildaður í eingöngu sekt á grundvelli viðleitni Y.C. til að bjarga kæranda.

Samhliða þessum atburðum lagði kærandi fram skaðabótakröfu á hendur forsætisráðuneytinu. Meint skaðabótaábyrgð var byggð á því að tyrkneska ríkið hefði brugðist skyldu sinni til að setja reglur og hafa eftirlit með vatnaþróttum sem stundaðar voru við strönd landsins. Þegar þessari kröfu var vísað frá fór kærandi í mál við tyrkneska ríkið, en tapaði því máli svo og áfrýjun.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að tyrkneska ríkið hefði ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja öryggi einstaklinga við strönd Tyrklands né stuðlað að haldbæru eftirliti með vatnaþróttum og á þeim grundvelli bæri tyrkneska ríkið ábyrgð á slysinu sem að hans mati hafði átti sér stað við kringumstæður sem voru hættulegar einstaklingum og yfirvöld vissu af. Með þessu hefði tyrkneska ríkið brotið gegn 2. gr. sáttmálans. Kærandinn taldi einnig að slysið hefði haft hræðileg áhrif á fjölskyldu hans og einkalíf og þar með brotið gegn rétti hans, sbr. 8. gr. sáttmálans.

2. gr. Réttur til lífs

Niðurstaða

Um 2. gr.: Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þó svo að í reglugerðum um íþróttaiðkun fyrir ferðamenn skorti allar öryggisreglur fyrir svæði sem notuð voru fyrir vatnaíþróttir væru aðrar reglur sem giltu um þau svæði. Vísaði dómstóllinn m.a. til tilskipunar sem gefin var út af skrifstofu ríkisstjóra Mugla-héraðs svo og bæklingis sem gefinn var út í nóvember 1997. Sökum þessa féllst dómstóllinn ekki á það með kæranda að reglugerðum á þessu sviði hefði verið ábótavant.

Hvað varðaði gagnrýni kæranda á nauðsyn strangara eftirlits komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að þótt reglugerðir skilgreindu ekki eftirlit nákvæmlega félli það val innan svigrúms tyrkneska ríkisins til mats. Að mati dómstólsins var aðalatriðið að meta hvort staðreyndir málsins hefðu sett auknar skyldur á yfirvöld til að koma á ákveðnum reglum á þessu sviði. Þó svo að yfirvöld hefðu haft undir höndum upplýsingar varðandi öryggisvandamál á þessu sviði, t.d. aukna tíðni slysa, var ekkert að mati dómstólsins sem benti til þess að þessar upplýsingar hefðu bent til óhjákvæmilegrar lífshættu, eða að aukin tíðni slysa ætti að valda meiri áhyggjum en hætta á bílslysum. Dómstóllinn sá heldur ekkert sem vísaði til þess að vandamál hjá Club M væru meiri en á öðrum sambærilegum stöðum. Sem dæmi voru ekki nein gögn um aðra sem hefðu lagt fram kvörtun til yfirvalda varðandi Club M. Að þessu virtu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að borgarstjórn Bodrum eða önnur svæðisbundin yfirvöld hefðu vitað eða mátt vita að vatnaíþróttir sem skipulagðar voru af Club M fælu í sér lífshættu fyrir kæranda eða aðra ferðamenn.

Dómstóllinn var ekki sannfærður um að reglugerðir á umræddu sviði hefðu verið svo slakar að það hefði falið í sér brot tyrkneska ríkisins á skyldu sinni til að vernda líf einstaklinga. Skortur á öryggismerkingum og eftirliti af hálfu borgarstjórnar Bodrum væri ekki nægjanlegur grundvöllur til að koma á skyldu ríkisins til þess að gera forvarnarráðstafanir á landsvísu. Að mati dómstólsins væri önnur niðurstaða til þess fallin að setja óhóflega skyldu á tyrkneska ríkið en horft væri fram hjá athæfi Club M, Y.C. og kæranda sjálfs. Að mati dómstólsins var ekki hægt að túlka 2. gr. svo rúmt að í henni fælist trygging á algjöru öryggi allra einstaklinga í öllu sem þeir taka sér fyrir hendur, og þá sérstaklega þegar einstaklingur tekur sjálfur aukna áhættu. Orsakir slyssins voru því hvorki lagaleg né stjórnsýsluleg mistök heldur athæfi Club M og Y.C. Á þeim grunni komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að staðreyndir og aðstæður málsins hefðu ekki falið í sér brot á 2. gr.

Um 8. gr.: Í ljósi þeirra raka sem leiddu til þeirrar niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 2. gr. sá dómstóllinn enga ástæðu til að komast að annarri niðurstöðu varðandi 8. gr.

Tveir dómáramar skiluðu séráliti.

Civek gegn Tyrklandi

Dómur frá 23. febrúar 2016

Mál nr. 55354/11

2. gr. Réttur til lífs

Heimilisofbeldi. Manndráp. Jákvæðar skyldur ríkis. Réttur til fjölskyldulífs.

1. Málsatvik

Kærendur, Hayriye Pinar Civek, Rabia Merve Civek og Ysar Civek, eru tyrkneskir ríkisborgarar fæddir 1989, 2000 og 1999. Þeir eru búsettir í Izmir í Tyrklandi. Árið 1987 giftist móðir kærenda, Salma Civek, H.C. Samband þeirra varð brátt ofbeldisfullt. Árið 2009, eftir að hafa búið um hríð í móttökustöð fyrir þolendur heimilisofbeldis í Ankara, fór móðir kærenda aftur heim með börnum sínum. Þar hófst heimilisofbeldið á ný og í kjölfar þess lagði hún fram kvörtun þann 14. október 2010. Eiginmaður hennar var settur í varðhald og skipað af dómstólum að láta af allri ofbeldishegðun gagnvart eiginkonu sinni og yfirgefa heimili þeirra. Móðir kærenda íhugaði skilnað eftir þetta en hætti við það.

Þann 12. nóvember 2010 var H.C. sleppt úr varðhaldi. Skömmu síðar, þann 23. nóvember, lagði móðir kærenda enn fram kvörtun þess efnis að H.C. væri aftur byrjaður að áreita hana og hóta henni lífláti. Eftir að hún lagði fram aðra kvörtun 17. desember 2010 var H.C. ákærður fyrir morðhótanir og að hafa ekki virt skipanir dómstólsins frá fyrra máli. Þann 14. janúar 2011 var móðir kærenda myrt af H.C. og var hann dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir glæpinn.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu á 2. gr. sáttmálans og töldu að yfirvöldum hefði mistekist að virða skyldu sína til að vernda líf móður þeirra.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að öryggisveitir hefðu vitað af erfiðleikum í sambandi hjónanna og ofbeldishegð H.C. Öryggisveitirnar höfðu sérstaklega vitað af líkunum á því að móðir kærenda yrði myrt sökum ítrekaðra kvartana og vitnisburðar kærenda þess efnis. Dómstóllinn tók einnig fram að yfirvöld hefðu gert margar ráðstafanir varðandi eiginmann móður kærenda, m.a. saksótt hann og sett í varðhald. Aftur á móti taldi dómstóllinn að yfirvöld hefðu ekki gert nægjanlega hagnýtar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir morðið á móður kærenda þegar H.C. var sleppt úr haldi. Öryggisveitirnar höfðu aðeins skráð niður nýja kvörtun 23. nóvember 2010 án þess að aðhafast neitt á meðan H.C. hélt áfram að áreita móður kærenda. Þörf hefði verið á slíkum ráðstöfunum vegna þess að H.C. hafði áður lent í útistöðum við öryggisveitirnar og vegna þess að hótanir í garð móður kærenda héldu áfram í svo miklum mæli að hún lagði fram nýja kvörtun 17. desember 2010 sem leiddi til ákæru fyrir morðhótanir. Þrátt fyrir allt þetta gerði saksóknari engar ráðstafanir til að veita móður kærenda vernd, jafnvel þótt hægt hefði verið að

2. gr. Réttur til lífs

handtaka H.C. fyrir að óhlýðnast fyrri dómsúrskurði sem kærundur höfðu staðfest með vitnisburði sínum. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að yfirvöld hefðu ekki gert neinar hagnýtar ráðstafanir til að koma í veg fyrir morðið, fyrir utan að ákæra H.C. þó svo að þeim hefði borið lagaleg skylda til að vernda líf móður kæranda að eigin frumkvæði.

Að öllu þessu virtu taldi dómstóllinn að yfirvöld hefðu ekki reynt að koma í veg fyrir morðið á móður kæranda, vitandi að hún var í hættu, og væri því um brot gegn 2. gr. sáttmálans að ræða. Tyrkneska ríkið var dæmt til að greiða 50.000 evrur í miskabætur og 3.000 evrur í málskostnað.

F.G. gegn Svíþjóð – Yfirdeild

Dómur frá 23. mars 2016

Mál nr. 43611/11

2. gr. Réttur til lífs

3. gr. Bann við pyndingum

Hælisleitendur. Brottvísun. Pólítískt hæli. Trúskipti.

1. Málsatvik

Kærandi, F.G., er íranskur ríkisborgari, fæddur 1962 og býr í Svíþjóð. Í nóvember 2009 kom hann til Svíþjóðar og óskaði eftir hæli. Upphaflega hélt hann því fram að hann væri pólitískur andstæðingur ríkisstjórnar Írans. Hann sagðist hafa verið virkur í námsmannahreyfingu og hefði m.a. aðstoðað við gerð vefsíðna. Hann var þrívægis handtekinn en flúði land áður en réttarhöld yfir honum hófust. Hann kvæðst hafa tekið upp kristna trú eftir komuna til Svíþjóðar en byggði ekki beiðni sína um hæli á þeim grundvelli.

Beiðni kæranda um hæli var hafnað af yfirvöldum og var ákvörðunin staðfest af dómstólum í júní 2011. Yfirvöld töldu kæranda hafa ýkt pólitísk störf sín og að hann þarfnaðist þar af leiðandi ekki verndar í Svíþjóð. Var vísað til þess að kærandi hefði ekki verið kvaddur til að mæta fyrir dóm síðan 2009 og að fjölskylda hans hefði ekki sætt ofsóknum af hálfu írönsku ríkisstjórnarinnar. Yfirvöld rannsökuðu ekki sérstaklega upptöku kæranda á kristinni trú þar sem hann hafði ekki sótt um hæli á þeim grundvelli.

Í ljósi þess að kæranda var neitað um pólitískt hæli lagði hann fram beiðni um frestun á brottvísun og að beiðni hans um hæli yrði endurskoðuð á þeim grundvelli að hann hefði tekið upp kristna trú. Beiðni hans var hafnað af yfirvöldum og sú ákvörðun var staðfest af dómstólum í nóvember 2011 á þeim grundvelli að ákvörðun hans um að skipta um trú gæti ekki talist ný málsástæða sem réttlætt gæti endurskoðun málsins.

Brottvísun kæranda var hins vegar frestað á grundvelli bráðabirgðatilmæla Mannréttindadómstóls Evrópu til sænskra stjórnvalda um að kæranda skyldi ekki vísað aftur til Írans meðan dómstóllinn væri með mál hans til meðferðar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að með því að vísa honum úr landi væri honum komið í þær aðstæður að standa frammi fyrir raunverulegri hættu á ofsóknum eða refsingum, jafnvel dauðarefsingu, vegna stjórnmalaskoðana sinna og þeirrar ákvörðunar að taka upp kristna trú. Með því væri brotið gegn 2. og 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn taldi ljóst að kærandi ætti ekki á hættu að verða fyrir ofsóknum vegna hins almenna ástands í Íran, en tók þess í stað til skoðunar hvort hann yrði í hættu vegna pólitískra skoðana sinna eða þeirrar staðreyndar að hann hefði skipt um trú. Dómstóllinn sá enga ástæðu til að telja að mat innanlandsdómstóla hefði verið rangt hvað varðaði beiðni kæranda um pólitískt hæli og tók fram að ekkert benti til þess að kærandi myndi sæta ofsóknum vegna pólitískra skoðana sinna ef honum yrði vísað aftur til Írans, og því myndi slík brottvísun ekki hafa í för með sér brot gegn 2. og 3. gr. sáttmálans.

Hvað varðaði hættu á að yfirvöld gætu borið kennsl á kæranda við heimkomu vegna málaferlanna, tók Mannréttindadómstóllinn fram að honum hefði verið veitt nafnleynd árið 2011.

Dómstóllinn tók næst til skoðunar málsástæðuna um trúarlegar skoðanir kæranda og tók fram að kærandi hefði búið allt sitt líf í Íran, talaði ensku vel og byggði yfir góðri tölvukunnáttu. Hann væri einnig gagnrýnandi ríkisstjórnarinnar og því væri erfitt að fallast á að honum hefði ekki verið kunnugt um afleiðingar þess að hann skipti um trú. Dómstóllinn var heldur ekki sannfærður um að honum hefði ekki verið veitt fullnægjandi lagaleg ráðgjöf og stuðningur til að meta þá hættu. Sænsk yfirvöldu hefðu aftur á móti ekki rannsakað trúarskipti kæranda, þar sem hann óskaði ekki eftir hæli á þeim grundvelli. Því hefði ekki legið fyrir hversu mikil alvara lægi að baki trúarskiptum hans, hvernig hann iðkaði kristna trú eða hvernig hann hygðist iðka trúna í Íran, yrði honum vísað aftur þangað.

Dómstóllinn taldi brýnt, vegna eðlis 2. og 3. gr. sáttmálans, að yfirvöld könnuðu sérstaklega hvaða áhrif brottvísun hefði í för með sér fyrir kæranda með tilliti til trúarskiptanna og legðu mat á hættuna sem hann kynni að standa frammi fyrir af þeirri ástæðu, áður en tekin yrði ákvörðun um brottvísun hans. Jafnframt yrði nýtt mat að fara fram með tilliti til aðstæðna í heild. Að lokum tók dómstóllinn fram að ef kæranda yrði vísað brott án þess að fyrir lægi nýtt mat af hálfu sænskra stjórnvalda, væri um brot á 2. og 3. gr. sáttmálans að ræða. Sænska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 33.742 evrur í málskostnað.

Átta dómarrar skiluðu séráliti.

Armani Da Silva gegn Bretlandi – Yfirdeild

Dómur frá 30. mars 2016

Mál nr. 5878/08

2. gr. Réttur til lífs

Manndráp. Hryðjuverk. Rannsókn. Einstaklingsábyrgð.

1. Málavextir

Kærandi er ættingi Jean Charles de Menezes sem skotinn var til bana 22. júlí 2005 af tveimur sérsveitarmönnum í London eftir að hafa verið ranglega grunaður um að vera hryðjuverkamaður. Skotárásin átti sér stað daginn eftir að fjórar sprengjur fundust í þremur lestum og strætisvagni í London, en óttast var að frekari sprengjuárásir væru yfirvofandi. Tveimur vikum áður hafði öryggisgæsla verið aukin til muna eftir að 50 manns létu lífið í sjálfsmorðsárás. Jean Charles de Menezes bjó í fjölbýlishúsi sem hafði sameiginlegan inngang með öðru húsi þar sem tveir menn, sem grunaður voru um aðild að hinni misheppnuðu sprengjuárás í London, bjuggu. Er de Menezes var á leið til vinnu að morgni 22. júlí var hann eltur af lögreglu sem taldi hann einna grunuðu. Sérsveitarmenn voru kallaðir á vettvang til að varna því að hann kæmist um borð í neðanjarðarlestir. De Menezes var síðan eltur um borð í lest, haldið niðri og skotinn nokkrum sinnum í höfuðið.

Málinu var vísað til sjálfstæðrar rannsóknar yfirvalda í janúar 2006 sem gáfu síðar út skýrslu með fjölmörgum tillögum að úrbótum. Í skýrslunni var einnig staðfest að sérsveitarmennirnir hefðu gerst sekir um manndráp og vítavert gáleysi. Samt sem áður var ákveðið að höfða ekki sakamál á hendur einstaklingum, heldur var höfðað mál á hendur viðkomandi lögregluyfirvöldum sem lauk með greiðslu 175.000 sterlingspunda sektar. Í málinu kom fram að lögreglumáðurinn, sem hafði yfirumsjón með aðgerðinni, bæri ekki einstaklingsábyrgð vegna atburðanna, en við réttarrannsókn sem fór fram árið 2008 útilokaði dánardómstjóri manndráp sem mögulega niðurstöðu.

Fjölskylda de Menezes höfðaði skaðabótamál árið 2009 sem leiddi til sáttar um greiðslu bóta. Ákveðið var að fjárhæðin yrði trúnaðarmál.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að ákvörðun yfirvalda um að höfða ekki sakamál á hendur neinum einstaklingi í máli Jean Charles de Menezes hefði falið í sér brot gegn 2. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn tók fram að rannsókn málsins hefði verið í höndum sjálfstæðrar stofnunar sem safnað hefði miklum fjölda sönnunargagna og stjórnað nærri 900 skýrslutökum af vitnum. Dómstóllinn tók einnig fram að fjölskylda hins látna hefði verið reglulega upplýst um framgang og niðurstöður rannsóknarinnar

og að henni hefði verið gefinn kostur á að mótmæla þeirri ákvörðun að ákæra ekki einstaklinga í málinu.

Dómstóllinn taldi að til þess að unnt væri að meta málsmeðferðina í heild þyrfti að svara tveimur spurningum. Annars vegar hvort rannsakendur hefðu getað metið hvort valdbeitingin sem um ræddi hefði verið nauðsynleg. Hins vegar hvort rannsóknin hefði getað leitt í ljós einstaklingsábyrgð í málinu. Hvað fyrri spurninguna varðaði hafði kærandi kvartað yfir því að rannsóknin uppfyllti ekki skilyrði 2. gr. sáttmálans, af þeirri ástæðu að yfirvöldum hefði ekki verið gert kleift með lögum að kanna huglæga afstöðu sérsveitarmanna um nauðsyn valdbeitingar. Dómstóllinn taldi ljóst að rannsakendur hefðu kannað til hlítar framburð sérsveitarmannanna um að það hefði verið trú þeirra að de Menezes væri hryðjuverkamaður sem hefði í hyggju að fremja sjálfsmorðsárás um borð í lestinni. Þar af leiðandi væri ekki hægt að halda því fram að yfirvöld hefðu ekki rannsakað hvort valdbeitingin hefði verið nauðsynleg svo að skilyrðum 2. gr. sáttmálans væri fullnægt.

Hvað síðari spurninguna varðaði tók dómstóllinn fram að hann endurskoðaði yfirleitt ekki ákvarðanir varðandi saksókn sem teknar væru í góðri trú eftir að fullnægjandi rannsókn hefði farið fram. Aftur á móti hefði dómstóllinn viðurkennt í nokkrum tilvikum að stofnanalegir annmarkar í réttarvörslukerfinu gætu leitt til brots á 2. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi að ekki hefði verið sýnt fram á stofnanalega annmarka í þessu máli og taldi að sú ákvörðun yfirvalda að saksækja ekki einstaklinga vegna málsins hefði verið innan svigrúms þeirra til mats, enda væru innlend yfirvöld betur í stakk búin til að meta hvernig gæta skyldi jafnvægis milli ólíkra hagsmuna.

Dómstóllinn tók fram að þótt atburðir málsins væru óneitanlega sorglegir og að gremja fjölskyldunnar væri skiljanleg, væri ekkert útkljáð hvað varðaði ábyrgð ríkisins á dauða de Menezes. Lögreglu yfirvöld hefðu viðurkennt opinberlega að hann hefði látist af völdum sérsveitarmanna vegna mistaka auk þess sem fulltrúi þeirra hefði flogið til Brasilíu, beðið fjölskyldu hins látna fyrirgefningar og innt af hendi greiðslu til að mæta fjárhagslegum þörfum hennar án þess að bera til þess lagalega skyldu. Fjölskyldu hins látna hefði jafnframt verið ráðlagt að leita sér lögfræðiráðgjafar og var fullvissuð um að allur kostnaður vegna þess yrði greiddur af yfirvöldum. Dómstóllinn taldi ljóst að einstaklingsábyrgð sérsveitarmannanna sem um ræddi svo og stofnanaleg ábyrgð lögreglu yfirvalda hefði verið könnuð til hlítar af yfirvöldum. Jafnframt hefði skaðabótamál fjölskyldunnar gegn yfirvöldum leitt af sér sátt um greiðslu ótilgreindrar fjárhæðar.

Dómstóllinn áréttaði að sú ákvörðun saksóknara að ákæra lögreglu yfirvöld hefði ekki útlokað að einstaklingar yrðu sóttir til saka í málinu. Ákvörðunin hefði eingöngu byggst á því að saksóknari teldi ekki nægilegar líkur til sakfellingar með tilliti til sönnunargagna í málinu.

Þegar tekið var mið af málsmeðferðinni í heild taldi Mannréttindadómstóllinn, með vísan til alls framangreinds, að yfirvöld hefðu ekki brugðist þeirri skyldu sinni að rannsaka málið og draga viðeigandi aðila til ábyrgðar. Að öllu þessu virtu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið um að ræða brot gegn 2. gr. sáttmálans.

Fjórir dómáttarar skilufu séráliti.

3. gr. Bann við pyndingum

M.G. gegn Tyrklandi
Dómur frá 22. mars 2016
Sjá reifun dómsins undir 14. gr.
Heimilisofbeldi. Jákvæðar skyldur.

F.G. gegn Svíþjóð – Yfirdeild
Dómur frá 23. mars 2016
Sjá reifun dómsins undir 2. gr.
Hælisleitendur. Brottvísun. Pólítískt hæli. Trúskipti.

Blokhin gegn Rússlandi – Yfirdeild
Dómur frá 23. mars 2016
Sjá reifun dómsins undir 5. gr.
Börn. Afbrot. Frelsisvipting. Unglingaheimili. Læknisaðstoð. Málsmeðferð.

M.C. og A.C. gegn Rúmeníu
Dómur frá 12. apríl 2016
Sjá reifun dómsins undir 14. gr.
Rannsókn. Hatursglæpir. Jákvæðar skyldur.

Murray gegn Hollandi – Yfirdeild
Dómur frá 26. apríl 2016
Mál nr. 10511/10
3. gr. Bann við pyndingum
Fangar. Lífstíðarfangelsi. Náðun. Gedheilbrigðisþjónusta.

1. Málsatvik

Kærandi, James Clifton Murray, var hollenskur ríkisborgari fæddur árið 1953. Hann lést í nóvember 2014 en sonur hans og systir héldu máli hans áfram hjá Mannréttindadómstólnum. Kærandi var sakfelldur árið 1979 fyrir að myrða sex ára stúlku. Hann var upphaflega dæmdur til 20 ára fangelsisvistar en við áfrýjun málsins var niðurstöðunni breytt í lífstíðarfangelsi. Talið var sannað að hann hefði myrt stúlkuna af ásetningi í því skyni að hefna sín á fyrrum kærustu sinni, frænku stúlkunnar. Vísað var til sérfræðiskýrslu í málinu þar sem fram kom að kærandi ætti við gedræna erfiðleika að stríða og mælt var með því að hann fengi viðeigandi meðferð. Ekki var gert ráð fyrir vistun á geðsjúkrahúsi á svæðinu á þeim tíma, og taldi dómstóllinn þar sem hann var talinn hættulegur umhverfi sínu. Hæstiréttur vísaði máli kæranda frá árið 1980.

Kærandi afplánaði fyrstu 13 ár dómsins í fangelsi í Curaçao, en ýmis agabrot

3. gr. Bann við pyndingum

Þar leiddu til þess að hann sat oft í einangrun. Árið 1999 var kærandi færður í annað fangelsi á eyjunni Aruba, en flutningurinn var að hans eigin beiðni í því skyni að vera nær fjölskyldu sinni, og batnaði hegðun hans talsvert eftir það. Kærandi lagði reglulega og ítrekað fram beiðnir um náðun en yfirvöld neituðu beiðnum hans á þeim grundvelli að of líklegt þætti að hann myndi fremja önnur brot. Í kjölfar lagabreytingar árið 2011 var dómur kæranda endurskoðaður. Sú skoðun leiddi í ljós að kærandi þjáðist enn af geðrænum erfiðleikum og ákveðið var að lífstíðardómurinn skyldi standa.

Kærandi greindist með banvænt krabbamein árið 2013 og hlaut náðun árið 2014 vegna hrakandi heilsu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að lífstíðardómur hefði í raun og veru ekki getað verið styttnulegur og jafnframt að lífstíðarfangar og fangar með geðræn vandamál nytu ekki annars konar meðferðar en aðrir fangar.

Með því að neita beiðnum hans um náðun, á þeim grundvelli að hætta þætti á að hann fremdi önnur brot, hefði hann í rauninni aldrei átt möguleika á lausn úr fangelsi, þar sem hann hefði ekki haft aðgang að geðheilbrigðisþjónustu og engar ráðstafanir til betrunar hefðu staðið honum til boða. Kærandi taldi að með þessu hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn hafnaði mótmælum hollenska ríkisins um að kærandi gæti ekki kvartað yfir að hafa þurft að þola brot á réttindum sínum samkvæmt sáttmálanum þar sem honum hefði að lokum verið veitt náðun. Dómstóllinn tók fram að náðunin hefði ekki falið í sér viðurkenningu á broti gegn 3. gr. sáttmálans heldur hefði ákvörðunin grundvallast á öðrum sjónarmiðum.

Dómstóllinn tók fram að þó að kærandi hefði verið vistaður í fangelsi í stað sjúkrastofnunar, leysti það yfirvöld ekki undan skyldum gagnvart honum til að veita honum þá meðferð sem hann þarfnadist, líkt og fram hefði komið við meðferð sakamálsins. Aðildarríkjum bæri skylda til að tryggja föngum viðeigandi lækni- meðferð, þar á meðal vegna geðsjúkdóma. Dómstóllinn taldi að staðhæfing kæranda um að hann hefði aldrei fengið neina lækni meðferð vegna andlegra veikinda sinna, fengi stóð í skýrslu pyndingarnefndar Evrópuráðsins um heimsókn hennar í umrædd fangelsi, þar sem fram hefði komið að geðheilbrigðisþjónusta væri ófullnægjandi. Að auki lágu fyrir skýrslur félagaráðgjafa og sálfræðings sem störfuðu í fangelsinu í Aruba þar sem fram kom að samkvæmt læknskýrslum kæranda hefði hann ekki fengið neina sálfræði- eða geðlækni meðferð í fangelsinu.

Dómstóllinn taldi að sjónarmið um betrun fanga hefðu notið sívaxandi viðurkenningar í aðildarríkjunum frá árinu 1999. Þótt vissar ráðstafanir hefðu verið gerðar með það sjónarmið í huga í tilvikum kæranda, sérstaklega með flutningi hans

3. gr. Bann við pyndingum

til Aruba, hefði sú ályktun, að af kæranda stafaði hætta, engu að síður ávallt ráðið úrslitum þegar beiðnir hans um náðun voru afgreiddar. Dómstóllinn taldi ljóst að sterk tengsl hefðu verið á milli þeirrar ályktunar og skorts á viðeigandi meðferð kæranda.

Dómstóllinn undirstrikaði að samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins hefðu ríki rúmt svigrúm til mats þegar meta ætti hvaða ráðstafanir væru nauðsynlegar til að veita föngum tækifæri til betrunar. Í tilviki kæranda hefðu aftur á móti engar slíkar ráðstafanir staðið honum til boða. Þar af leiðandi hefðu beiðnir hans um náðun aldrei getað leitt til lausnar hans úr fangelsi. Lífstíðardómur hans hefði samkvæmt þessu í raun og veru aldrei getað verið styttalegur líkt og krafist væri samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins. Að öllu þessu virtu komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að niðurstaðan sem slík fæli í sér nægilega sanngjarnar bætur fyrir kæranda en systur hans og dóttur voru dæmdar 27.500 evrur í málskostnað.

Beortegui Martinez gegn Spáni

Dómur frá 31. maí 2016

Mál nr. 36286/14

3. gr. Bann við pyndingum

Handtaka. Gæsluvarðhald. Meðferð lögreglu á handteknum manni. Rannsókn máls.

1. Málsatvik

Kærandi, Xabier Beortegui Martinez, er spænskur ríkisborgari. Hann er fæddur 1980 og er búsettur í Pamplona á Spáni.

Aðfaranótt 18. janúar 2011 var kærandi handtekinn á heimili sínu af lögreglu í tengslum við rannsókn á meintum tengslum við EKIN sem voru samtök með tengsl við hryðjuverkasamtökin ETA. Húsleit fór fram á heimili kæranda í kjölfarið.

Á leiðinni til Madríd í bíl var kærandi, sem var handjárnaður, að eigin sögn beittur ofbeldi og hótad. Var hann m.a. laminn í höfuð, pung og rifbein af fjórum sérsveitarmönnum Guardia Civil sem voru með honum í bifreiðinni. Við komuna til Madríd var kærandi færður í höfuðstöðvar Guardia Civil og settur í varðhald. Samkvæmt kæranda var hann neyddur til að vera með hettu sem byrgði honum sýn, haldið undir vatni í langan tíma, snertur á óviðkunnanlegan hátt og hótad því að barefli yrði komið fyrir í endaparmi hans.

Næstu fjóra daga var kærandi skoðaður af sérfræðingum. Þann 21. janúar var kærandi yfirheyrður í viðurvist skipaðs lögfræðings. Seinna sama dag var kæranda, að hans eigin sögn, afhent skjal með tuttugu spurningum og tuttugu fyrirfram ákveðnum svörum og honum sagt að læra skjalið utan að. Í kjölfarið var hann færður fyrir rannsóknardómara. Fyrir framan dómarrann endursagði kærandi það sem fram kom í skjalinu og var eftir það sleppt úr haldi.

Í maí 2011 lagði kærandi fram kæru með hjálp tveggja lögfræðinga. Í kærinni var því haldið fram að kærandi hefði orðið fyrir slæmri meðferð á meðan hann

3. gr. Bann við pyndingum

var í varðhaldi. Í mars 2012 var málinu vísað frá dómi á þeim grundvelli að engar sannanir væru fyrir því sem haldið var fram í kærinni. Kærandi áfrýjaði þessari ákvörðun, en áfrýjunardómstóllinn staðfesti fyrri dóm. Kærandi áfrýjaði þeirri ákvörðun til stjórnlagadómstóls sem vísaði málinu frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði mál sitt á 3. gr. sáttmálans, þ.e. banni við pyndingum og vanvirðandi meðferð. Kærandi taldi að engin rannsókn hefði átt sér stað varðandi meint brot gegn honum og að hann hefði orðið fyrir slæmri og vanvirðandi meðferð á meðan hann var í haldi lögreglu.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að kærandi var í haldi lögreglu í þrjá daga, en allan þann tíma hafði kærandi enga möguleika á að greina neinum frá varðhaldi sínu né var honum boðin lögmannaðstoð að eigin vali, en slíkt var tryggt í reglum um varðhald hjá lögreglu. Að eigin sögn var honum einnig haldið frá því að tjá sig við skipaðan lögmann sinn áður en hann fór fyrir dómara.

Í kæru frá 2011 hafði kærandi talið upp með ítarlegum hætti þá slæmu meðferð sem hann taldi sig hafði orðið fyrir í varðhaldi. Alvarleiki þessara ásakana varð til þess að ríkið framkvæmdi ítarlega rannsókn.

Hvað rannsókn ríkisins í málinu varðaði tók dómstóllinn fram að dómariinn í máli kæranda hefði einungis litið á sönnunargögn frá lögreglu og skýrslur frá lækni og geðlækni kæranda. Kærandi hefði hins vegar farið fram á að ýmissa sönnunargagna yrði aflað, svo sem öryggismyndavélaupptaka frá þeim stað þar sem honum var haldið. Ekki var orðið við beiðnum kæranda um öflun sönnunargagna á neinn hátt.

Hvað varðaði þann tíma er leidd frá því að kæranda var sleppt og þangað til hann lagði fram kæru, þ.e. þrjú mánuðir og 25 dagar, ítrekaði dómstóllinn að sú skylda að tilkynna meinta meðferð eins fljótt og auðið væri yrði að meta út frá aðstæðum hverju sinni. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði farið fyrir rannsóknardómara strax í janúar 2011. Hafði kærandi tjáð rannsóknardómaranum frá meintri meðferð, en dómariinn ákvað að bregðast ekki við og skipaði hann ekki fyrir um rannsókn. Með viðkvæma stöðu kæranda í huga og sökum þeirrar staðreyndar að rannsóknardómarar brugðust ekki við kvörtunum kæranda gat dómstóllinn ekki fallist á það að sú töf sem varð á kæru yrði metin kæranda í óvil né að sú staðreynd gæti dregið úr alvarleika ásakana hans.

Dómstóllinn tók fram að ef það væru góðar líkur fyrir því að sú slæma meðferð sem kærandi lýsti hefði átt sér stað bæri yfirvöldum að hefja rannsókn að eigin frumkvæði. Dómstóllinn ítrekaði enn einu sinni mikilvægi þess að innleiða þær ráðstafanir sem Evrópunefndin um varnir gegn pyndingum mælti með þegar rannsaka ætti einstaklinga sem haldið væri af lögreglu. Hann minntist á að nefndin hefði komið til Spánar árið 2007 og 2011. Í skýrslu sinni vegna þeirra

3. gr. Bann við pyndingum

heimsókna hefði nefndin sérstaklega tekið fram að spænsk yfirvöld ættu að setja skýrar hegðunarreglur fyrir þá lögreglumenn sem bæru ábyrgð á gæsluvarðhaldi einstaklinga.

Þar sem engin ítarleg rannsókn hafði farið fram á meintum brotum gegn kæranda komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans hvað varðaði rannsókn á málinu.

Dómstóllinn gat ekki staðhæft um gildi þeirra ásakana sem kærandi lagði fram um slæma meðferð. Var það einkum sökum þess að yfirvöld höfðu brugðist því að rannsaka málið nægjanlega. Var því ekki hægt að dæma um efnislegt brot á 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi spænska ríkið til að greiða kæranda 20.000 evrur í miskabætur og 3.500 evrur í málskostnað.

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

Meier gegn Sviss

Dómur frá 9. febrúar 2016

Mál nr. 10109/14

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

Vinnuskylda fanga á eftirlaunaaldri. Svigrúm til mats.

1. Málsatvik

Kærandinn, Beat Meier, er svissneskur ríkisborgari, fæddur 1946. Hann situr í fangelsi í Regensdorf. Árið 2011 óskaði kærandi eftir því að fá undanþágu frá skyldubundinni vinnu sinni í fangelsinu þar sem hann aflánaði dóminn. Beiðni hans var hafnað og fangelsisýfirvöld refsuðu honum fyrir að neita að vinna með því að láta hann sæta strangara fangelsisfyrirkomulagi. Þann 15. febrúar 2013 áfrýjaði kærandi til ríkisdómstólsins. Hann hélt því fram að hegningarlög hefðu verið túlkuð rangt og að brotið hefði verið á rétti hans til mannglegrar sæmdar og einstaklingsfrelsis. Dómstóllinn hafnaði því og vísaði áfrýjuninni frá með þeim rökum að vinnuskylda fyrir fanga væri ekki í sjálfu sér brot á mannréttindum svo lengi sem sú vinna sem í boði væri tæki mið af þörfum, hæfileikum og áhuga hvers fanga fyrir sig.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið á rétti sínum að vera ekki neyddur til að vinna gegn vilja sínum, sbr. 4. gr. sáttmálans. Hann lagði áherslu á að hann væri á eftirlaunaaldri.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að horfa yrði til tilgangs, eðlis og umfangs vinnuskyldunnar þegar meta ætti hvort hún félli undir 4. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði verið skyldugur til að vinna skv. 81. gr. hegningarlaga og að neitun skv. ákvæðinu leiddi af sér refsingar. Því hefði kærandi unnið vinnuna undir hótunum um refsingu.

Varðandi almenna vinnuskyldu í fangelsum samþykkti dómstóllinn rök svissneska ríkisins þess efnis að tilgangur þess að láta skylduna gilda fram yfir eftirlaunaaldur væri að draga úr skaðlegum áhrifum fangelsisvistar. Viðeigandi og sanngjörn vinna hjálpaði til við að skipuleggja hversdagslíf fanga og héldi þeim virkum, en það væri mikilvægt fyrir framtíðarheilsu fanga.

Varðandi eðli þeirra vinnu sem unnin var af föngum á eftirlaunaaldri horfði dómstóllinn til gagna sem vísuðu til þess að vinnuskyldan væri ekki látin jafnt yfir alla ganga, og að hún væri í raun sérsniðin að aðstæðum hvers fanga fyrir sig, hæfileikum, heilbrigði og getu. Dómstóllinn tók fram að vinnuskyldan hefði

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

einnig verið lögð að aðstæðum kæranda, enda ynni hann aðeins þrjá tíma á dag. Aðstæður tóku einnig mið af persónu hans þar sem hann vann og bjó með öðrum fögum á eftirlaunaaldri í sérstakri álmu í fangelsinu. Að lokum benti dómstóllinn á að kærandi fengi greitt fyrir vinnu sína.

Dómstóllinn skoðaði næst framkvæmd vinnuskyldu í öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins. Í könnun sem gerð hafði verið kom í ljós að í meirihluta ríkjanna hvíldi ekki vinnuskylda á fögum á eftirlaunaaldri. Í minnihluta ríkjanna var ekki tekið sérstaklega fram hvort vinnuskylda fanga á eftirlaunaaldri væri leyfileg eða ekki, en í þessum ríkjum mátti finna undantekningarreglur sem leystu fanga undan skyldu sinni til að vinna, m.a. á grundvelli aldurs. Út frá þessum upplýsingum ályktaði dómstóllinn að þar sem skortur væri á samstöðu milli aðildarríkja um umfang og eðli vinnuskyldu fanga yrði að viðurkenna tvennt. Í fyrsta lagi að svissneska ríkið nyti umtalsverðs svigrúms til mats og í öðru lagi að ekki væri að finna í 4. gr. sáttmálans algjört bann við vinnuskyldu fanga á eftirlaunaaldri. Vinnuskyldan sem kærandi hafði leyst af hendi gæti því fallið undir „vinnu sem krafist er í samræmi við almennar reglur um tilhögun gæslu“, sbr. orðalag 4. gr. sáttmálans og fæli því ekki í sér nauðungarvinnu.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 4. gr. sáttmálans.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Bergmann gegn Þýskalandi

Dómur 7. janúar 2016

Mál nr. 23279/14

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

7. gr. Engin refsing án laga

Öryggisgæsla. Geðsjúkir. Viðeigandi meðferð. Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Í kjölfar dóms Evrópudómstólsins í máli *M. gegn Þýskalandi* og fleiri slíkra mála, dæmði stjórnlagadómstóll Þýskalands þann 4. maí 2011 að ákvæði um afturvirka framlengingu öryggisgæslu umfram tíu ára hámark væri í ósamræmi við stjórnskipunarlæg Þýskalands. Í framhaldi af því voru sett ný lög sem tóku gildi 1. júní 2013. Samkvæmt þeim var afturvirk öryggisgæsla takmörkuð við tilvik þar sem viðkomandi átti við geðsjúkdóm að stríða og talinn mjög líklegur til að fremja alvarlegt ofbeldis- eða kynferðisbrot vegna þess. Þá var framkvæmd öryggisgæslu breytt og persónuleg meðferðaráætlun gerð að skilyrði ásamt aðstöðu sem væri aðskilin frá föngum sem væru að afplána fangelsisdóm.

Kærandinn, sem var síbrotamaður, var fundinn sekur árið 1986 fyrir tilraun til manndráps og nauðgunar og fyrir hættulega árás. Hann var dæmdur í fimmtán ára fangelsi og í öryggisgæslu á grundvelli gagna um andlegt ástand hans, þar sem miklar líkur voru taldar á því að hann myndi halda áfram að brjóta af sér. Öryggisgæslan hófst árið 2001 í fangelsisálmu og var hún framlengd reglulega. Í júlí 2013 (eftir að upphaflegt 10 ára hámarkstímabil öryggisgæslu var liðið) ákvað dómstóllinn sem hafði tekið upphaflega ákvörðun að öryggisgæslunni skyldi haldið áfram. Ákvörðunin byggðist á nýrri geðlæknisfræðilegri skýrslu þess efnis að kærandinn þjáðist af „geðsjúkdómi“ og að enn væru miklar líkur á að hann myndi fremja alvarleg kynferðisleg ofbeldisbrot ef hann yrði látinn laus. Frá júní 2013 hefur kærandinn verið í haldi í sérstakri miðstöð innan fangelsis sem er gagnert útúin til að uppfylla lagaskilyrði um framkvæmd öryggisgæslu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að ákvörðun dómstóla um framlengingu öryggisgæslu umfram tíu ára hámark hefði brotið í bága við rétt hans til frelsis skv. 1. mgr. 5. gr. sáttmálans og gegn banni við afturvirkni refsingar skv. 1. mgr. 7. gr.

Niðurstaða

Um löglega gæslu „eftir sakfellingu“ sbr. a-lið. 1. mgr. 5. gr.: Öryggisgæsla kærandu umfram 10 ára hámarkið var ekki lengur lögleg gæsla „eftir sakfellingu“ af þar til bærum dómstóli þar sem það var ekki fullnægjandi orsakasamband milli

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

sakfellingarinnar árið 1986 og áframhaldandi takmörkunar á frelsi hans. Þar með var gæslan ekki réttlætlanleg með stoð í a-lið. 1. mgr. 5. gr.

Um andlega vanheilsu sbr. e-lið. 1. mgr. 5. gr.: Dómurinn ítrekaði að ekki sé hægt að takmarka frelsi einstaklings vegna andlegrar vanheilsu nema að uppfylltum þremur lágmarksskilyrðum: (i) það verði að vera áreiðanlega sannað að hann sé andlega vanheill, þ.e. að geðsjúkdómur hafi verið staðfestur á grundvelli hlutlaus mats sérfræðinga; (ii) geðsjúkdómurinn verði að vera þeirrar tegundar og það alvarlegur að hann réttlæti frelsisskerðingu; (iii) réttmæti áframhaldandi frelsisskerðingar sé háð því að sjúkdómurinn sé viðvarandi. Þar að auki geti gæsla einstaklings sem geðsjúklings aðeins talist vera lögleg samkvæmt e-lið 1. mgr. 5. gr. fari meðferðin fram á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri viðeigandi stofnun.

Um efnislega niðurstöðu: Dómstóllinn taldi innlendan dómstól vera hæf yfirvöld sem hefðu staðfest, á grundvelli nýrrar hlutlausrar geðlæknisfræðilegrar skýrslu, að kærandi þjáðist af geðsjúkdómi. Ástand hans krefðist lækni- og lyfjamedferðar undir handleiðslu lækna. Dómstóllinn taldi að geðsjúkdómurinn væri þeirrar tegundar eða það alvarlegur að það réttlæti frelsisskerðingu í ljósi þess að miklar líkur væru á að kærandi myndi fremja alvarleg kynferðisafbrot yrði hann látinn laus. Varðandi það hvort geðsjúkdómurinn væri viðvarandi taldi dómstóllinn að samkvæmt lögum gæti framlenging á öryggisgæslu kæranda aðeins verið ákvörðuð ef, og aðeins svo lengi sem, miklar líkur væru á að hann fremdi afbrot vegna geðsjúkdómsins ef látinn væri laus. Því var kærandi talinn andlega vanheill í skilningi e-liðar. 1. mgr. 5. gr.

Dómstóllinn taldi að kærandi hefði verið í gæslu á viðeigandi stofnun. Hann dvaldist í nýlegri öryggisgæsluálmum sem hafði verið byggð í samræmi við sett lög sem gerðu það að skilyrði að gæslan færi fram í stofnunum sem buðu föngum persónulega og einstaklingsmiðaða umönnun. Á meðal starfsfólks voru geðlæknar, sálfræðingar og félagsráðgjafar. Kærandi fékk reglulega og ítrekað boð um viðeigandi meðferð og hafði aðgang að afþreyingu svo sem hópmedferð og hvatningarfundum. Á heildina litið hefði orðið mikil breyting á lækninga- og lyfjamedferð sem stóð honum til boða eftir að hann var fluttur í öryggisgæslumiðstöðina. Staða hans var því önnur en kæranda í málum eins og *Glien gegn Pýskalandi* þar sem föngum var haldið í aðskildum fangelsisálmum án hæfilegs aðbúnaðar.

Dómstóllinn taldi að lokum að gæslan hefði verið í samræmi við efnis- og málsmedferðarreglur landsréttar og væri ekki handahófskennd. Niðurstaða dómstólsins var því einróma þess efnis að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 5. gr.

Um 7. gr.: Dómstóllinn samþykkti að öryggisgæsla kæranda hefði verið framlengd með afturvirkum áhrifum á grundvelli laga sem tóku gildi eftir að kærandi hafði framið brotið. Hann varpaði fram þeirri spurningu hvort öryggisgæslan hefði verið réttlát refsing í skilningi markmiðs þess ákvæðis.

Dómstóllinn áréttaði í því sambandi að hugtakið „refsing“ í skilningi 7. gr. hefði sjálfstæða merkingu. Það sem vægi þyngst væri það hvort refsing væri ákveðin í framhaldi af sakfellingu fyrir refsivert brot, en einnig bæri að líta til

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

skilgreiningar landsréttar, eðlis og tilgangs refsingarinnar, þeirrar málsmeðferðar sem lægi til grundvallar og þess hversu þungbært úrræðið væri refsipóla.

Dómstóllinn taldi að þótt frelsisskerðing sú sem kærandi sætti væri fyrirbyggjandi hefði hún komið til í kjölfar sakfellingar fyrir refsivert brot og væri hluti af refsivörslukerfinu. Aftur á móti, í máli eins og kæranda, þar sem öryggisgæsla var framlengd með hliðsjón af þeirri þörf að meðhöndla geðsjúkdóm hans, breyttust bæði eðli og tilgangur öryggisgæslunnar verulega. Refsiúrræðið og tenging við sakfellingu hefðu því breyst það mikið að úrræðið taldist ekki falla undir hugtakið refsingu í skilningi 1. mgr. 7. gr. Það hefði orðið veruleg breyting á eðli öryggisgæslu kæranda eftir flutning í miðstöð með áherslu á lækna- og lyfjameðferð, en auk þess skipti verulegu máli að tilgangurinn væri fyrirbyggjandi og að áframhaldandi öryggisgæsla væri háð geðheilsu kæranda. Niðurstaða dómstólsins var því einróma þess efnis að ekki hefði verið brotið gegn 7. gr. sáttmálan.

Blokkhin gegn Rússlandi – Yfirdeild

Dómur frá 23. mars 2016

Mál nr. 47152/06

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Börn. Afbrot. Frelsisvipting. Unglingaheimili. Læknisaðstoð. Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandi er rússneskur ríkisborgari, fæddur 1992 og búsettur í Novosibirsk, Rússlandi. Í janúar 2005 var hann handtekinn og færður á lögreglustöð, þar sem hann var yfirheyrður vegna gruns um að hafa kúgað fé út úr níu ára dreng. Lögreglan hvatti kæranda til að undirrita játningu sem hann og gerði. Játningin var þó dregin til baka eftir að afi kæranda, sem var forráðamaður hans, mætti á lögreglustöðina. Kærandi var 12 ára gamall og greindur með ofvirkni og athyglisbrest (ADHD) og ósjálfrátt þvaglát. Í desember 2004 og janúar 2005 var kærandi skoðaður af tveimur sérfræðingum sem ávísuðu honum lyf og vísuðu honum áfram til tauga- og geðlæknis.

Yfirvöld töldu ljóst, með hliðsjón af framburði hins níu ára drengs og móður hans, að kærandi hefði gerst sekur um refsivert brot en þar sem hann hafði ekki náð sakhæfisaldri var ekki ákært í málinu. Þess í stað var kærandi úrskurðaður til 30 daga vistar á ungingaheimili til að forða honum frá frekari afbrotum. Hann var færður á heimilið samdægurs. Afi kæranda taldi brotið á rétti hans og mótmælti vistuninni m.a. með vísan til heilsufars kæranda. Í mars 2005 var ákvörðuninni snúið við en í maí 2006 var málið tekið upp að nýju og hin upprunalega niðurstaða um vistun staðfest. Eftir 30 daga vist á heimilinu var kærandi færður á sjúkrahús, en hann kvaðst ekki hafa fengið viðeigandi læknisaðstoð á ungingaheimilinu. Þá hafi aðgangur að salerni verið takmarkaður við ákveðna tíma dagsins sem hefði haft í för með sér mikinn sársauka og niðurlægingu fyrir hann. Vismenn á heimilinu

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

hefðu sjaldan fengið leyfi til að vera utandyra og hefði verið haldið í stóru herbergi mestallan daginn. Þá kvað hann jafnframt kennslu í stærðfræði og rússnesku hafa farið fram tvisvar í viku þar sem 20 börnum á mismunandi skólastigum var kennt saman.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að aðstæður á unglungaheimilinu hefðu verið ómannlegar þar sem honum hefði ekki verið veitt lækniástoð og vistin hefði falið í sér brot á rétti hans samkvæmt 3. gr. sáttmálans. Þá taldi hann einnig að brotið hefði verið gegn rétti hans samkvæmt 5. gr. sáttmálans. Enn fremur taldi kærandi að málsmeðferðin hefði brotið gegn 6. gr. sáttmálans og ásamt 3. gr. sáttmálans, þar sem hann hefði verið yfirheyrður án þess að hafa forráðamann viðstaddan og ekki verið gefinn kostur á að gagnspyrja vitni sem leidd voru gegn honum, en vitnisburðir þeirra voru, auk játingar hans, einu sönnunargögnin í málinu.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Mannréttindadómstóllinn tók fram að það væri óumdeilt í málinu að kærandi þjáðist af ósjálfráðu þvagláti og ADHD á þeim tíma sem vistun hans stóð. Rússnesk stjórnvöld sinntu ekki tilmælum dómstólsins um að leggja fram afrit af sjúkraskýrslum kæranda og héldu því fram að slík gögn væru aðeins geymd í þrjú ár. Dómstóllinn tók aftur á móti fram að samkvæmt lögum í Rússlandi væri sá tími í raun tíu ár. Dómstóllinn tók fram að afi kæranda hefði jafnframt ítrekað upplýst starfsfólk unglungaheimilisins um heilsufar kæranda og því taldi dómstóllinn ekki ástæðu til að efast um að því hefði verið kunnugt um það.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði ekki fengið viðunandi lækniástoð og að vistunin teldist þar af leiðandi til ómannlegrar og vanvirðandi meðferðar sem bryti í bága við 3. gr. sáttmálans.

Um 5. gr.: Dómstóllinn undirstrikaði að kærandi hefði verið sviptur frelsi sínu í merkingu 5. gr. sáttmálans þar sem hann gat ekki yfirgefið unglungaheimilið án leyfis. Rússnesk stjórnvöld héldu því fram að tilgangur vistunarinnar væri að hafa eftirlit með uppeldi hans og rúmaðist innan d-liðar 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók aftur á móti fram að vistunin hefði verið tímabundin en ekki langtímaúrræði. Ekkert eftirlit hefði verið haft með námi kæranda og kennsla hefði auk þess verið óregluleg og ómarkviss, og því ljóst að tilgangur vistunarinnar rúmaðist ekki innan d-liðar 5. gr. Innanlandsdómstólar tóku fram að tilgangur með vistun kæranda hefði verið að koma í veg fyrir að hann fremdi frekari afbrot og því taldi dómstóllinn nauðsynlegt að meta hvort vistunin félli undir undantekningarákvæði c-liðar 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að ákvæðinu væri eingöngu ætlað að veita stjórnvöldum heimild til að svipta einstaklinga frelsi í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að þeir fremdu ákveðin brot á ákveðnum stað og tíma en ekki hefði tekist að sýna fram á hvaða brot reynt væri að koma í veg fyrir að kærandi fremdi. Enn fremur væri

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

tilgangur c-liðar 1. mgr. 5. gr. að færa sakborning fyrir dómara. Engin sakamálarannsókn hefði staðið yfir þegar ákveðið var að vista kæranda á unglingaheimilinu og því taldi dómstóllinn ljóst að vistunin rúmaðist ekki innan c-liðar 1. mgr. 5. gr. Enn fremur væri ekki hægt að réttlæta vistunina með vísan til b-liðar 1. mgr. 5. gr. sáttmálans þar sem ekki hefði tekist að benda á ákveðið brot sem óttast var að kærandi fremdi. Dómstóllinn útilokaði einnig að a-liður 1. mgr. 5. gr. ætti við í málinu þar sem kærandi hefði ekki verið dæmdur fyrir afbrot vegna skorts á sakhæfi. Að öllu þessu virtu taldi dómstóllinn því að brotið hefði verið gegn 5. gr. sáttmálans

Um 6. gr.: Dómstóllinn féllst ekki á röksemdir rússnesku ríkisstjórnarinnar þess efnis að þar sem ekki hefðu farið fram réttarhöld í máli kæranda, ætti 6. gr. sáttmálans ekki við í málinu. Ákvörðunin um vistun kæranda hefði verið nátengd rannsókn fjárkúgunarmálsins og kæmi raunar fram berum orðum í ákvörðuninni að vistunin væri vegna málsins. Dómstóllinn taldi ákvörðunina í raun bera öll merki viðurlaga og því félli hún undir 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að samkvæmt gögnum málsins væri ljóst að kærandi hefði ekki fengið tækifæri til að hafa samband við fjölskyldu sína eða lögmann þegar hann var yfirheyrður af lögreglu. Vegna ungs aldurs hans yrði því að telja aðstæður við yfirheyrsluna andlega þvingandi og til þess fallnar að kærandi nýtti ekki rétt til sinn að neita að tjá sig. Játning kæranda, sem gefin var án aðkomu verjanda, hefði verið grundvöllur þess að yfirvöld töldu kæranda hafa framið refsivert brot og í framhaldi talið nauðsynlegt að dæma hann til vistunar á unglingaheimilinu. Í ljósi þess taldi dómstóllinn að málsmeðferðin í heild sinni hefði verið óréttlát. Að auki hefðu vitnisburðir tveggja vitna verið notaðir sem sönnunargögn gegn kæranda, en kærandi hefði ekki fengið tækifæri til að gagnsþyrja vitnin. Honum hefði því verið gert ókleift að halda uppi vörnum í málinu og komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Rússneska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 7.500 evrur í miskabætur og 1.493 evrur í málskostnað.

Sex dómarar skiluðu séráliti.

Derungs gegn Sviss

Dómur frá 10. maí 2016

Mál nr. 52089/2016

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Öryggisgæsla. Opinber málsmeðferð. Málshraði.

1. Málsatvik

Kærandi, Rudolf Derungs, er svissneskur ríkisborgari fæddur 1961. Hann er búsettur í Regensdorf í Sviss.

Kærandi var árið 2002 dæmdur til fimm mánaða fangelsisvistar fyrir ölvunarakstur. Þeim dómi var áfrýjað en dómurinn var staðfestur auk þess sem

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

kæranda var skipað að gangast undir öryggisgæslu á grundvelli geðheilsu hans. Umsóknir hans um að vera látinn laus báru engan árangur. Þann 21. ágúst 2008 tóku starfsmenn fangelsismálastofnunar viðtal við kæranda þar sem hann krafðist ýmissa hluta og sótti um að vera látinn laus úr öryggisgæslu. Kröfum kæranda var hafnað. Í kjölfarið kærði kærandi ákvörðunina um að neita honum um lausn úr gæslu til stjórnsludómstóls, en málinu var vísað frá 15. júlí 2009. Stjórnsludómstóllinn neitaði að halda opinber réttarhöld í málinu á þeim grundvelli að kærandi hefði þegar gefið vitnisburð 21. ágúst 2008. Kæranda var loks sleppt úr haldi þann 17. janúar 2012.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið á rétti hans til frelsis og mannhelgi sbr. 5. gr. sáttmálans, og þá sérstaklega rétti hans til að fá skjóta úrlausn um réttmæti frelsissskerðingar, sbr. 4. mgr. 5. gr. sáttmálans. Kærandi taldi að óhóflegur tími hefði liðið frá því að hann lagði fram kröfu um að vera látinn laus úr fyrirbyggjandi gæslu í ágúst 2008 og þar til stjórnsludómstóllinn úrskurðaði í málinu 15. júlí 2009. Enn fremur taldi kærandi að ákvörðun dómstólsins um að neita að halda opinber réttarhöld bryti einnig gegn áður nefndri 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að kærandi, sem hafði verið vistaður í meira en fjögur ár, hafði sérstaklega beðið um opinber réttarhöld hjá stjórnsludómstólnum. Taldi dómstóllinn að opinber réttarhöld væru ekki nauðsynleg í öllum tilvikum, sérstaklega ekki þegar slík meðferð máls væri ólíkleg til að varpa nýju ljósi á málið.

Dómur stjórnsludómstólsins var byggður á framburði kæranda frá 2002 og 2003 og var þar talið að aðstæður kæranda hefðu ekki breyst verulega frá þeim tíma. Einnig byggði stjórnsludómstóllinn á tveimur matsgerðum sérfræðinga.

Mannréttindadómstóllinn tók fram að kærandi hefði haft möguleika á að tjá sig í viðtali fangelsismálastofnunar við kæranda þann 21. ágúst 2008. Í því viðtali hafði kærandi notið aðstoðar lögmans. Taldi dómstóllinn að ekkert benti til þess að aðstæður eða afstaða kæranda hefði breyst það mikið frá þeim tíma sem viðtalið var tekið að það gerði það nauðsynlegt að stjórnsludómstóllinn þyrfti að heyra í kæranda persónulega. Enn fremur ítrekaði dómstóllinn að kærandi hefði alltaf haft möguleika á að tjá sig um málið á mismunandi stigum þess í gegnum lögmann sinn, en þann rétt hafði kærandi nýtt sér ítrekað. Dómstóllinn komst að lokum að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði haft aðgang að viðeigandi málsmeðferð. Þó að viðtalið 21. ágúst 2008 hefði átt sér stað frammi fyrir yfirvöldum en ekki dómstólum í skilningi sáttmálans hefði það ekki gert stjórnsludómstóllinn skyldugan til að halda opinber réttarhöld og taka skýrslu af kæranda án milliliða. Hefði því ekki verið brotið á rétti kæranda skv. 5. gr. sáttmálans hvað þetta varðaði.

Öðru máli gegndi um skjótaleikaskilyrðið skv. 5. gr. sáttmálans. Næstum 11 mánuðir liðu frá því að kærandi lagði fram umsókn um lausn 21. ágúst 2008 og þar

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

til stjórnarsýsludómstóllinn kvað upp dóm í málinu 15. júlí 2009. Dómstóllinn taldi að erfitt væri að setta svo langa tímalengd við kröfuna um skjóta niðurstöðu máls eins og hún birtist í sáttmálanum, og yrði því að skoða hvort í fyrirbyggjandi máli væru til staðar lögmætar ástæður fyrir töf málsins. Svissneska ríkið lagði fram þær skýringar á töfinni að kærandi hefði lagt fram margar kröfur og umsóknir og hafið málarekstur tveggja mála í senn. Í Sviss yrði að tæma kæruleiðir innan stjórnarsýslunnar áður en dómstólar gætu fjallað um mál og væri það ástæða allra tafa á málinu.

Dómstóllinn tók fram að flókið dómskerfi gæti ekki afsakað tafir á málaferlum. Mál kæranda hefði enn fremur ekki verið sérstaklega flókið efnislega. Á þessum grundvelli taldi dómstóllinn að engar lögmætar ástæður hefðu verið fyrir töf á málinu og að stjórnarsýsludómstóllinn hefði því ekki kveðið upp dóm með snögghum hætti. Væri því um brot á 5. gr. sáttmálans að ræða.

Dómstóllinn dæmdi svissneska ríkið til að greiða kæranda 7.000 evrur í miskabætur og 5.000 evrur í málskostnað.

Petschulies gegn Þýskalandi

Dómur frá 2. júní 2016

Mál nr. 6281/13

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Öryggisgæsla. Geðsjúkir. Tímalengd vistunar.

1. Málsatvik

Árið 2001 var kærandi, sem hafði margsinnis áður verið dæmdur fyrir ofbeldisbrot, dæmdur fyrir líkamsárás gegn dóttur sinni. Líkamsárásin átti sér stað þegar kærandi var í leyfi frá öryggisgæslu sem honum hafði verið skipað að sæta í kjölfar fangelsisdóms. Hann var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi. Eftir að kærandi lauk þeirri afpláun var hann færður á spítala í vímuefnaeðferð.

Árið 2005 fyrirskipaði héraðsdómur að kærandi skyldi sæta frekari öryggisgæslu á geðsjúkrahúsi í stað þess að vera vistaður á meðferðarstofnun. Hámarks tímalengd öryggisvistunar kæranda var tíu ár, en árið 2011 var heimildin til vistunar framlengd á þeim grundvelli að kærandi væri haldinn geðsjúkdómi og að honum fylgdi mikil hætta á frekari ofbeldisbrotum.

2. Meðferð máls hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið á réttindum sínum skv. 5. gr sáttmálans.

Niðurstaða

Kærandi þjáðist af persónuleikaröskun en ekki alvarlegum geðsjúkdómi. Dómstóllinn hafði í fyrri málum ítrekað haft uppi efasemdir um að persónuleikaröskun ein og sér gæti almennt verið metin sem alvarlegur geðsjúkdómur í sambengi 5. gr. sáttmálans. Á hinn bóginn taldi dómstóllinn að í máli kæranda væru nægar sannanir fyrir hendi til að telja að persónuleikaröskun hans væri nógu alvarleg til

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

að geta fallið undir 5. gr. sáttmálans. Röskun hans hafði einkenni geðrofs og varð ýktari, alvarlegri og ofbeldisfullri með áfengisneyslu. Enn fremur taldi dómstóllinn þá staðreynd, að yfirvöld höfðu mörgum sinnum farið fram á öryggisvistun, benda sterklega til þess að þau teldu nauðsynlegt að vista kæranda á geðsjúkrahúsi.

Dómstóllinn taldi sannað að persónuleikaröskun kæranda væri þess eðlis að hún gæfi tilefni til öryggisgæslu til að takmarka hættu á að kærandi fremdi hættulega glæpi. Dómstóllinn féllst því á að kærandi væri andlega vanheill í skilningi 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók einnig sérstaklega fram að kærandi væri vistaður í búsetukjarna sem tengdist geðsjúkrahúsi. Tilgangur og markmið þessa búsetukjarna væri að endurhæfa og búa vistmenn undir lausn. Ekki yrði deilt um hentugleika slíkrar stofnunar fyrir meðferð geðsjúkdóma.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að öryggisvistun kæranda hefði verið í samræmi við landslög og nauðsynleg í ljósi þeirrar hættu sem af honum stafaði. Refsingin hefði því ekki verið handahófskennd eða úr hófi þó svo að kærandi hefði verið vistaður í alls 20 ár. Væri því ekki um brot á 5. gr. sáttmálans að ræða.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Jakšovski og Trifunovski gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu
Dómur frá 7. janúar 2016

Mál nr. 56381/09, 58738/09

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Dómarar. Embættississir. Einkamál. Hlutlaus og sjálfstæður dómstóll.

Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærendur voru reknir úr dómastöðum árin 2008 og 2009 vegna embættisafglapa. Tveir meðlimir dómstólaráðs ríkisins (SJC) sem dæmdu um brottrekstur þeirra höfðu áður rannsakað mál kæranda og tekið þátt í umdeildri málsmeðferð.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur kvörtuðu yfir því að mál þeirra hefði ekki verið dæmt af „sjálfstæðum og óhlutdrægum dómstól“ og því hefði verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Samkvæmt landsrétti höfðu tveir meðlimir dómstólaráðs (V.V. í máli fyrri kæranda og R.P. í máli síðari kæranda) beðið ráðið álits um það hvort kærendur hefðu gerst sekir um embættisafglöp. Í máli fyrri kæranda, hafði V.V. einnig framkvæmt bráðabirgðarannsókn til að safna viðeigandi upplýsingum og sönnunargögnum og hafði lagt inn fyrirspurn þó að lögfræðingurinn, sem hafði upprunalega farið fram á rannsóknina, hefði síðar dregið ásakanir sínar til baka.

Næstu skref málsmeðferðarinnar voru síðan framkvæmd af nefnd innan ráðsins sem höfðu farið yfir sönnunargögnin og heyrt röksemdafærslur kæranda og V.V. og R.P. Með hliðsjón af landsrétti taldi dómstóllinn sig ekki geta lagt annað til grundvallar en að V.V. og R.P. hefðu komið fram eins og „saksóknarar“ gagnvart kærendum á lægra úrlausnarstigi.

Þrátt fyrir hlutverk þeirra á fyrsta stigi málsmeðferðar, tóku V.V. og R.P. síðar þátt í ákvörðun ráðsins um embættismissi kæranda. Dómstóllinn var því þeirrar skoðunar að þetta hefði valdið hlutlægum vafa um óhlutdrægni þeirra við mat á málum kæranda. Dómstóllinn taldi þannig að draga mætti í efa hlutleysi ráðsins í málum kæranda. Því hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Hvorum kæranda um sig voru dæmdar 4.000 evrur í miskabætur en kröfum um skaðabætur var hafnað. Taka skyldi málið upp að nýju ef farið yrði fram á það.

Borg gegn Möltu

Dómur frá 12. janúar 2016

Mál nr. 37537/13

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Meðferð máls hjá stjórnlagadómstól. Sakamál. Aðstoð lögmanns.

1. Málsatvik

Fyrir árið 2010 var ekki ákvæði í maltneskum lögum sem tryggði rétt til aðstoðar lögfræðings við rannsókn máls og við yfirheyrslur. Fyrir yfirheyrslu þurfti þó að upplýsa grunnaða um rétt þeirra til að neita að svara spurningum og að það sem þeir segðu gæti verið notað gegn þeim sem sönnunargögn. Af lægra settum dómstólum var það ekki talið brotlegt fyrir hinn sakaða að neita að svara.

Árið 2003 var kærandi handtekinn fyrir grun um innflutning og dreifingu vímuefna. Í yfirheyrslu, þar sem hann naut ekki aðstoðar lögmanns og eftir að hafa verið áminntur um rétt sinn til að neita að svara spurningum, gaf hann lögreglunni yfirlýsingu sem hann neitaði síðar að undirrita. Við meðferð sakamáls í kjölfarið var umrædd yfirlýsing notuð sem sönnunargagn gegn honum. Árið 2008 var hann fundinn sekur fyrir þá glæpi sem hann var sakaður um og dæmdur í 21 árs fangelsi. Árið 2013 vísaði stjórnlagadómstóll áfrýjun kæranda frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því, meðan mál hans var enn til meðferðar hjá stjórnlagadómstólnum, að réttur hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi hefði verið brotinn vegna þess að hann hafði ekki notið lagalegrar aðstoðar meðan rannsókn málsins stóð yfir sem bryti gegn 3. mgr. 6. gr., skýrð með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, sem ekki væri í samræmi við niðurstöðu yfirdeildar dómstólsins í *Salduz gegn Tyrklandi (mál nr. 36391/02 frá 27. nóvember 2008)* og að vegna misvísandi beitingar *Salduz*-dómafordæmisins hefði hann orðið fyrir broti samkvæmt 1. mgr. 6. gr.

Niðurstaða

C-liður. 3. mgr. 6. gr. skýrð með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn hafði þegar orðið áskynja um fjölda brota á þeim ákvæðum sem um var að ræða vegna þess að landsréttur tryggði ekki lagalega aðstoð meðan aðili máls var í haldi lögreglu. Í málinu var ekki hægt að treysta þeirri staðhæfingu að kærandi hefði verið áminntur um rétt sinn til að neita að svara spurningum. Um það var ekki deilt að hann hafði ekki gefið upp rétt sinn til að fá aðstoð lögmanns á þeim tímapunkti málsmeðferðarinnar, þar sem sá réttur var ekki mögulegur að landsrétti. Af því leiddi að kæranda hafði verið neitað um rétt til aðstoðar lögmanns á rannsóknarstigi sem var afleiðing af kerfisbundnum takmörkunum sem áttu við alla sakborninga. Þetta fyrirkomulag fullnægði ekki kröfum 6. gr. sérstaklega vegna þess að réttur til

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

aðstoðar lögmanns við upphaf lögregluþyrheyrslna getur aðeins verið takmarkaður ef ríkar ástæður eru fyrir hendi. Niðurstaða var því einróma þess efnis að brotið hefði verið gegn c-lið. 3. mgr. 6. gr.

1. mgr. 6. gr.: Munurinn á innlendum stjórnlagadómsúrlausnum varðandi *Salduz*-dómafordæmið réðst ekki af raunverulegum aðstæðum sem voru til athugunar af innlendum dómstólum heldur af beitingu réttarreglna byggðum á dómafordæmum dómstólsins. Í því sambandi benti dómstóllinn á að þó að stjórnlagadómsstóllinn hefði í upphafi fylgt dómafordæmi *Salduz*-dómsins, hefði hann frá árinu 2012 og þar eftir „takmarkað“ túlkun þess dóms með þeim afleiðingum að fjöldi aðila, sem urðu fyrir kerfisbundinni takmörkun á Möltu og fengu þ.a.l. ekki aðstoð lögmanns þegar þeir gáfu yfirlýsingar sínar, nutu ekki hagræðis af dómum sem hefðu bætt aðstæður þeirra. Þessi túlkun virtist hafa verið í framkvæmd frá og með þeim tíma.

Mál kæranda tengdist því ekki misvísandi framkvæmd stjórnlagadómsstólsins sem hefði getað skapað réttaróvissu og svipt hann því hagræði sem stafaði af löggjöf. Þvert á móti leiddi það til breytingar dómafordæmisins, sem ekki var beitt af handahófi, og féll innan heimilda innlendra dómstóla, þ.e. í löndum með skrásettum lögum sem væru ekki bundin við fordæmi. Af þeim sökum var ekki til staðar vandamál sem átti undir 1. mgr. 6. gr. hvað varðaði lagalega vissu. Niðurstaðan var því með sex atkvæðum gegn einu að ekki hefði verið um brot að ræða.

Dómstóllinn taldi kæranda eiga rétt á 2.500 evrum í miskabætur samkvæmt 41. gr.

Mandet gegn Frakklandi
Dómur frá 14. janúar 2016 – Yfirdeild
Sjá reifun dómsins undir 8. gr.
Börn. Faðerni. Jákvæðar skyldur.

Arlewin gegn Svíþjóð
Dómur frá 1. mars 2016
Mál nr. 22302/10
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi
Réttur til aðgangs að dómstólum. Lögsaga. Uppruna- og ákvörðunarstaður útsendingar sjónvarpsefnis.

1. Málsatvik

Kærandi, Raja Arlewin, er sænskur ríkisborgari. Hann er fæddur 1970, býr í Stokkhólmi, Svíþjóð og er sjálfstætt starfandi viðskiptamaður.

Í kjölfar sýningar sjónvarpsþáttar, þar sem kærandi var sakaður um aðild að skipulagðri glæpastarfsemi, gerði hann tilraun til að lögsækja X fyrir sænskum dómstólum og fór fram á skadabætur vegna ærumeiðinga. Sjónvarpsþátturinn var framléiddur í Svíþjóð, fór fram á sænsku og var styrktur af sænskum auglýsendum.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Undirréttur í Stokkhólmi hafnaði lögsögu í málinu í maí 2007. Að mati undirréttarins var uppruna sjónvarpsþáttarins ekki að rekja til Svíþjóðar. Hann hafði verið sendur í gegnum gervihnött til fyrirtækis í London, Véasat Broadcasting UK Ltd., sem bar ábyrgð á efni þáttarins og hafði stjórnað útsendingu til áhorfenda í Svíþjóð.

Áfrýjunardómstóll staðfesti niðurstöðu undirréttarins og tók fram að þær ákvarðanir sem vörðuðu efni þáttarins hefðu ekki verið teknar í Svíþjóð og gaf í skyn að möguleiki væri fyrir kæranda að sækja rétt sinn í Bretlandi.

Kærandi áfrýjaði málinu, hélt því fram að afstaða sænskra dómstóla færi í bága við reglur Evrópusambandsins og fór fram á að þeirri túlkun yrði vísað til forúrskurðar Evrópudómstólsins. Kærandi hélt því fram að samkvæmt reglunum væri einstaklingum sem færu fram á skaðabætur utan samninga gert kleift að höfða mál þar sem atvik ættu sér stað, í þessu tilviki í Svíþjóð. Í september 2009 hafnaði yfirréttur kröfu kæranda og taldi ekki ástæðu til að vísa málinu til forúrskurðar Evrópudómstólsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að þar sem honum hefði verið gert ókleift að sækja rétt sinn vegna ærumeiðinga hefði verið brotið gegn rétti hans til aðgangs að réttlátum dómstól sem tryggður er í 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Enn fremur að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs svo og réttinum til að leita raunhæfs úrræðis skv. 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn kannaði viðeigandi Evrópulöggjöf og taldi ljóst að samkvæmt henni hefðu bæði Svíþjóð og Bretland haft lögsögu í málinu þar sem um var að ræða fyrirtæki staðsett í báðum löndum. Hins vegar hefðu atvik málsins átt sér stað í Svíþjóð auk þess sem þátturinn var framleiddur þar í landi, fór fram á sænsku og var styrktur af sænskum auglýsendum. Þó væri hægt að rökstyðja að atvik málsins hefðu átt sér stað í báðum löndum þar sem sjónvarpsþátturinn var sendur frá Bretlandi, en áhrif þáttarins á mannorð kæranda hefðu birst í Svíþjóð. Að mati dómstólsins hafði þátturinn þó sterkari tengsl við Svíþjóð, m.a. þar sem ummælin náðu til sænskra áhorfenda. Í ljósi þess hefði sænskum yfirvöldum verið skylt skv. 6. gr. sáttmálans að gera kæranda kleift að fá úrlausn um réttindi sín fyrir dómstólum.

Dómstóllinn taldi jafnframt að sænska ríkið gæti ekki firrt sig ábyrgð með því að ráðleggja kæranda að leita réttar síns í Bretlandi. Að þessu virtu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að skoða hvort önnur ákvæði sáttmálans ættu við í málinu.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sænska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 12.000 evrur í miskabætur og 20.000 evrur í málskostnað.

Einn dómari skilaði séráliti.

Blokhin gegn Rússlandi - Yfirdeild

Dómur frá 23. mars 2016

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

Börn. Afbrot.Frelsissvipting. Unglingaheimili. Læknisaðstoð. Málsmeðferð.

Helmut Blum gegn Austurríki

Dómur frá 5. apríl 2016

Mál nr. 33060/2010

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Lögmenn. Brot í opinberu starfi. Aganefnd. Munnleg málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, Helmut Blum, er austurrískur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1959 og býr í Linz, Austurríki, þar sem hann starfar sem lögmaður. Málið varðaði ásakanið á hendur honum um brot í starfi. Í júní 2006 tilkynnti dómari á rannsóknarstigi sakamáls, þar sem kærandi var verjandi eins sakbornings, viðkomandi lögmannafélagi að hann grunaði að kærandi gætti einnig hagsmuna gagnaðila í málinu. Í kjölfarið hóf aganefnd rannsókn á málinu vegna gruns um að kærandi hefði gætt hagsmuna tveggja aðila í málinu og falsað sönnunargögn.

Í september 2007 fór fram meðferð í máli kæranda hjá aganefndinni en í millitíðinni hafði einnig hafist sakamálarannsókn vegna gruns um að kærandi hefði tekið þátt í broti sakbornings og falsað sönnunargögn. Í desember 2007, þegar enn var beðið eftir meðferð sakamálsins, ákvað aganefndin að svipta kæranda til bráðabirgða rétti sínum til að gæta hagsmuna skjólstæðinga í sakamálum. Sú ákvörðun var tekin án þess að munnleg málsmeðferð færi fram um það tiltekna atriði. Aganefndin taldi að með úrræðinu hefði verið gætt meðalhófs, ekki síst í ljósi þeirra ásakana sem kærandi stóð frammi fyrir. Kærandi gerði tilraun til að fá ákvörðuninni hnekk t en máli hans var vísað frá dómstólum. Kvörtun hans til stjórnlagadómstóls var einnig vísað frá í desember 2009.

Í júní 2011 var kærandi sýknaður af öllum ákæruliðum sakamálsins og var sú niðurstaða staðfest á æðra dómstigi í nóvember 2011. Í kjölfar sýknudómsins aflétti aganefndin bráðabirgðaúrræðinu um að svipta kæranda rétti til að gæta hagsmuna skjólstæðinga í sakamálum.

Árið 2012 fór fram munnleg málsmeðferð í máli kæranda fyrir aganefndinni sem komst að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði gætt hagsmuna gagnaðila á sama tíma og hann gætti hagsmuna skjólstæðings síns, en taldi að hann hefði ekki falsað sönnunargögn. Var honum gert að greiða 1.000 evrur í fjársekt.

Hæstiréttur vísaði áfrýjun kæranda frá í maí 2004 en lækkaði upphæð sektarinnar í 500 evrur.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að þar sem ekki hefði farið fram munnleg málsmeðferð í máli hans fyrir aganefndinni fæli ákvörðun nefndarinnar í sér brot gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn árétaði að réttur til opinberrar og munnlegrar málsmeðferðar væri ein af grunnstoðum 6. gr. sáttmálans, en með hliðsjón af dómaframkvæmd dómstólsins væri skylda ríkja hvað það varðaði þó ekki fortakslaus. Það væri þó aðeins í undantekningartilfellum hægt að réttlæta slíka neitun og sömu sjónarmið ættu við um bráðabirgðaaðgerðir og aðrar niðurstöður.

Dómstóllinn tók fram að það væri oftast einkenni ákvarðana til bráðabirgða að þær þyrfti að taka samstundis ef markmiðið væri að vernda almanna- eða einkahagsmuni. Skýrsla hefði verið tekin af kæranda við meðferð málsins 24. september 2007, en hvorki hefði ákvörðun um að svipta hann tímabundið rétti til að annast mál sakborninga né nauðsyn slíkrar ákvörðunar verið umfjöllunarefni við það tilefni. Dómstóllinn benti á að aganefndin hefði tekið ákvörðun sína 17. desember og dró þar af leiðandi þá ályktun að ákvörðunin hefði ekki verið svo aðkallandi að ekki hefði verið tækt að halda munnlegan málflutning.

Að þessu virtu komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn rétti kæranda skv. 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi niðurstöðu sína fela í sér nægilega sanngjarnar miskabætur.

Madaus gegn Þýskalandi

Dómur frá 9. júní 2016

Mál nr. 44164/14

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Opinber réttarhöld.

1. Málsatvik

Kærandi, Udo Madaus, er þýskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1924 og býr í Köln í Þýskalandi.

Árið 2006 hóf kærandi málarekstur á grundvelli laga um sakaruppgjöf glæpamanna fyrir hönd látins föður síns sem hafði orðið fyrir eignarnámi árin 1946 og 1947. Eignarnámið hafði verið framkvæmt af sovéskum yfirvöldum eftir að faðir kæranda var skilgreindur sem „nasistaglæpamaður“ og „stríðsgróðamaður“. Kærandi hélt því fram að þetta eignarnám hefði verið refsing þó að sekt föður hans hefði ekki verið ákveðin af dómi heldur stjórnvaldi. Kærandi krafðist þess að ákvörðunin um að skilgreina föður hans sem nasista yrði ógild og að eignarnámið yrði dæmt ólögmaett.

Í júní 2008 ákvað héraðsdómstóll í Dresden að halda opinber réttarhöld í

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

málinu. Þau áttu að fara fram í ágúst sama ár. Mánudí áður en réttarhöldin áttu að fara fram, birtu lögfræðingar kæranda fréttatilkynningu þar sem réttarhöldin voru auglýst. Í fréttatilkynningunni kom fram að réttarhöldin myndu marka þáttaskil í málum er vörðuðu eignarnám Sovétríkjanna eftir seinni heimsstyrjöld. Það kom einnig fram í tilkynningunni að lögfræðingarnir ætluðu sér að útskýra nákvæmlega í réttarhöldunum hver raunverulegur tilgangur eignarnámsins hefði verið.

Í ágúst 2008 hætti héraðsdómstóllinn í Dresden við að halda réttarhöld í heyranda hljóði og ákvað í staðinn að hafa málsmeðferðina skriflega. Dómstóllinn vísaði í ákvæði laga um sakaruppgjöf glæpamanna máli sínu til stuðnings, en þar kom fram að meðferð í málum samkvæmt þeim lögum ætti að meginreglu til að vera skrifleg. Réttarhöld í heyranda hljóði höfðu áður verið skipulögð til að veita kæranda tækifæri til að útskýra lögfræðilega skoðun sína sem var í andstöðu við dómafordæmi og studd sönnunargögnum. Hins vegar taldi héraðsdómstóllinn að ekki væri lengur þörf á að halda réttarhöld í heyranda hljóði. Enn fremur taldi héraðsdómstóllinn að fréttatilkynning kæranda benti til þess að hann hefði ætlað sér að nýta réttarhöldin sem opinberan vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Í ágúst 2009 hafnaði dómstóllinn kröfu kæranda um að ógilda ákvörðunina um föður hans. Áfrýjun kæranda var vísað frá og árið 2013 hafnaði stjórnlagadómstóllinn að fjalla um mál hans.

2. Meðferð máls hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sú ákvörðun að dæma í málinu án þess að halda réttarhöld í heyranda hljóði hefði brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn tók eftir að landsdómstólar höfðu ekki séð neina ástæðu til þess að rannsaka mál kæranda frekar með því að halda réttarhöld í heyranda hljóði þrátt fyrir að aðilar máls væru ósammála um ýmsar staðreyndir málsins, svo sem hvort handtökuskipun hefði verið gefin út.

Dómstóllinn tók einnig fram að samkvæmt videigandi landslögum væri það undantekning frekar en regla að halda réttarhöld í heyranda hljóði í málaferlum á grundvelli laga um sakaruppgjöf glæpamanna. Það væri því háð mati dómstóla hverju sinni hvort ástæða væri til að halda réttarhöld í heyranda hljóði. Hvað sem því leið þá höfðu réttarhöld í heyranda hljóði verið skipulögð á þeim grundvelli að kærandi hafði lagt fram mjög mikið af sönnunargögnum og gefa átti honum færi á að tjá sig um þau. Upphafleg ákvörðun héraðsdómstólsins um að halda réttarhöld í heyranda hljóði benti til þess að dómstóllinn hefði talið réttarhöld í heyranda hljóði nauðsynleg og sá Mannréttindadómstóllinn enga ástæðu til að komast að annari niðurstöðu.

Enn fremur tók dómstóllinn fram að engar sérstakar ástæður, í skilningi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins, hefðu komið upp eftir að upphafleg ákvörðun um að halda réttarhöld í heyranda hljóði var tekin. Það eina nýja sem komið hafði fram var fréttatilkynning lögmanna kæranda. Að mati dómstólsins var ekki hægt að telja fréttatilkynninguna uppfylla skilyrðið um sérstakar ástæður.

Að endingu tók dómstóllinn fram að málaferli samkvæmt lögunum um sakaruppgjöf glæpamanna væru yfirleitt skrifleg til þess að einfalda og flýta fyrir ferli máls, en slíkt væri aðilum máls í hag. Hætt hefði verið við réttarhöldin í máli kæranda með 11 daga fyrirvara og ekki var talið sannað að sú ákvörðun hefði verið til þess fallin að flýta fyrir málinu.

Þar sem engar sérstakar ástæður væru fyrir hendi sem réttlætt gætu þá ákvörðun að sleppa að halda réttarhöld í heyranda hljóði væri um brot á 6. gr. að ræða.

Þýska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 3.000 evrur í miskabætur og 2.500 evrur í málskostnað.

Naït-Liman gegn Sviss **Dómur frá 21. júní 2016** **Mál nr. 51357/07**

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi **Lögsaga. Lögmætt markmið.**

1. Málsatvik

Kærandinn, Abdennacer Naït-Liman, er túnískur og svissneskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1962 og er búsettur í Versoix í Sviss.

Að sögn kæranda var hann handtekinn 22. apríl 1992 af ítölsku lögreglunni á heimili sínu á Ítalíu. Var í kjölfarið farið með kæranda til sendiráðs Túnis í Genóa þar sem honum var afhent skjal sem á stóð að kærandi væri talinn hættulegur ríkisöryggi Ítalíu. Var þá farið með kæranda til Túnis. Kæranda var að eigin sögn haldið gegn vilja sínum í innanríkisráðuneytinu í Túnis frá 24. apríl til 1. júní 1992. Kærandi var pyndaður þar samkvæmt skipunum þáverandi innanríkisráðherra Túnis.

Eftir þessa meintu pyndingar flúði kærandi frá Túnis til Sviss þar sem hann sótti um pólitískt hæli árið 1993. Svissneska ríkið varð við beiðni kæranda um hæli árið 1995.

14. febrúar 2001 lagði kærandi fram ákæru hjá saksóknara á hendur fyrrverandi innanríkisráðherra Túnis sem á þeim tíma var í aðhlyningu á spítala í Sviss. Kærandi óskaði eftir því að fá að hafa uppi einkakröfu fyrir skaðabótum í refsímáli gegn innanríkisráðherranum fyrrverandi. Þann 19. febrúar 2001 hætti saksóknari að rannsaka málið á þeirri forsendu að innanríkisráðherrann fyrrverandi væri farinn úr landi og að lögregla hefði ekki getað handtekið hann.

Þann 8. júlí 2004 stefndi kærandi túníska ríkinu og fyrrverandi innanríkisráðherra fyrir skaðabótum. Héraðsdómstóllinn í Sviss sem fór með málið vísaði því frá á þeim grundvelli að dómstóllinn skorti lögsögu yfir sakarefninu. Dómstóllinn taldi einnig að tenging málsins við Sviss væri lítil sem engin. Kærandi áfrýjaði málinu

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

til áfrýjunardómstóls, en sá dómstóll vísaði málinu einnig frá, þó á þeim grundvelli að innanríkisráðherrann fyrrverandi og túníska ríkið hefðu friðhelgi frá lögsóknum. Frekari áfrýjanir kæranda í málinu báru engan árangur.

2. Meðferð máls hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að svissnesku dómstólarnir hefðu neitað að taka skaðabótamál hans efnislega fyrir á grundvelli meints skorts á lögsögu. Kærandi taldi að þetta hefði brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn var sammála svissneska ríkinu varðandi það að „alheimslögsaga“ í einkamálum væri til þess fallin að valda dómstólum töluverðum erfiðleikum, sérstaklega þegar kæmi að þáttum eins og sönnunarfærslu eða fullnustu dóma. Einnig væri slík lögsaga líkleg til þess að valda óætluðum og óæskilegum truflunum á innri málefnum ríkja af hendi annarra ríkja. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að höfnun dómstóla hefði stefnt að lögmætu markmiði.

Dómstóllinn ítrekaði að dómstólar sammingsríkjanna hefðu það hlutverk að túlka landsrétt í hverju ríki fyrir sig. Mannréttindadómstóllinn myndi þess vegna ekki vefengja lagatúlkun nema ef um handahófkenna eða ólöglega túlkun væri að ræða. Dómstóllinn sá að dómstólar í Sviss höfðu hafnað kröfum kæranda á grundvelli 3. gr. laga um alþjóðlegan einkamálarétt. Dómstólar í málinu höfðu staðfest að engin tenging væri á milli skaðabótakröfu kæranda og Sviss þó að kæranda hefði verið veitt hæli í Sviss á grundvelli þess að hann var ofsóttur í heimalandi sínu. Ákvörðun dómstóla væri því ekki handahófskennd, heldur byggð á túlkun á lagaákvæði.

Enn fremur taldi dómstóllinn að ákvörðun svissnesku dómstólanna um lögsögu í málinu hefði ekki verið óréttlát, sérstaklega í ljósi þeirrar staðreyndar að öll sú atburðarás sem mál kæranda var byggð á átti sér stað í Túnis. Dómstóllinn var á þeirri skoðun að alheimslögsaga myndi, eins og dómstólar í Sviss höfðu tekið fram, valda miklum vandræðum, sérstaklega þegar kæmi að þáttum eins og sönnunarfærslu og fullnustu dóma.

Dómstóllinn tók fram að sammingsríki væru ekki bundin því að viðurkenna alheimslögsögu í einkamálum þó að alþjóðalög legðu blátt bann við pyndingum. Orðalag 14. gr. sammingsins gegn pyndingum, sem Sviss hefði fullgilt, væri ekki ótvírætt hvað þetta varðaði, og í framkvæmd hefðu sammingsríki ekki viðurkennt alheimslögsögu þegar kæmi að pyndingum.

Dómstóllinn komst að lokum að þeirri niðurstöðu að sáttmálinn skyldaði ekki svissneska ríkið til að verða við kröfum kæranda. Væri því ekki um brot á 6. gr. að ræða.

Bake gegn Ungverjalandi

Dómur frá 23. júní 2016 – Yfirdeild

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Dómarar. Starfsskilyrði. Brottvikning úr starfi. Málsmeðferð.

7. gr. Engin refsing án laga

Bergmann gegn Þýskalandi

Dómur frá 7. janúar 2016

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

Öryggisgæsla. Geðsjúkir. Viðeigandi meðferð. Málsmeðferð

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Szabó og Vissy gegn Ungverjalandi

Dómur frá 12. janúar 2016

Mál nr. 37138/14

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Eftirlitsaðgerðir. Fyrirsjáanleiki. Mat á nauðsyn.

1. Málsvik

Árið 2011 var stofnuð sérsveit andhryðjuverka (TEK) innan ungversku lögreglunnar. Í lögreglusamþykkt, með síðari breytingum frá árinu 2011 og þjóðar-öryggissamþykktum, var fjallað um verkefni sveitarinnar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að lögin, og þá sérstaklega lögreglusamþykktin, hefðu brotið gegn 8. gr. sáttmálans vegna þess að ákvæðin væru ekki nægilega skýr og glögg og veittu ekki næga vernd gegn misnotkun og handahófskenndum ákvörðunum.

Niðurstaða

Samkvæmt lögnum voru einkum tvenns konar aðstæður sem réttlættu eftirlitsaðgerðir af hálfu TEK, þ.e. að fyrirbyggja, fylgjast með og stöðva hryðjuverkaárásir í Ungverjalandi og söfnun nauðsynlegra upplýsinga til að bjarga ungverskum borgurum í hættu erlendis. TEK hafði heimild til að leita á og hafa eftirlit með heimilum með leynd, til að athuga póstsendingar, til að hafa eftirlit með rafrænum samskiptum og tölvufærslum og til að gera endurrit af þeim gögnum sem aflað var með þessum aðferðum. Dómstóllinn taldi að þessar aðgerðir af hálfu opinbers stjórnvalds bryti í bága við rétt kæranda til að njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og póstsendinga.

Hvað varðaði leynilegar eftirlitsaðgerðir, neyddi krafan um fyrirsjáanleika ríki ekki til að gera ítarlega grein fyrir öllum aðstæðum sem gætu réttlætt ákvörðun um að hefja leynilegt eftirlit. Hins vegar, í málum á grundvelli laga sem varða grundvallarréttindi og veita framkvæmdarvaldinu vald til að takmarka þau á grundvelli þjóðaöryggis, þurfi að tilgreina umfang þess svigrúms og hvernig framkvæmdinni skuli háttáð með skýrum hætti til að veita einstaklingum nægilegt öryggi gegn handahófskenndum íhlutunum. Samkvæmt tilgreindum lagaheimildum var hægt að framkvæma hleranir, ekki aðeins hjá einstökum aðilum heldur hjá „hópi aðila“, en það var talið vera of víðtæk heimild sem opnaði möguleika til eftirlits hjá ótilgreindum fjölda borgara. Í löggjöfinni var ekki að finna skýringu á því hvernig því hugtaki skyldi beitt í framkvæmd og stjórnvöldum var ekki skylt að sýna raunveruleg eða álitin tengsl milli hlutaðeigandi einstaklings eða hóps einstaklinga og þeirra hryðjuverkaögnna sem taldar voru til staðar. Að mati dómstólsins

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

myndi það vera í þversögn við tilgang ríkisins að halda hryðjuverkum í skefjum og þess að endurvekja traust borgara á möguleikum þeirra til að viðhalda almannaöryggi, ef hryðjuverkaögninni væri skipt út fyrir ímyndaða ögn af ótakmörkuðu framkvæmdarvaldi sem hlutaðist til um einkalíf borgara í krafti stjórnlausrar og víðtækrar eftirlitstækni. Í þessu máli væri ekki hægt að útiloka að mögulegt væri að túlka innlend ákvæði til að heimila skipulagðar og umfangsmiklar hleranir. Slíkt væri alvarlegt áhyggjuefni.

Sú réttindaskerðing sem talin er „nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi“ þegar kemur að leynilegu eftirliti, þyrfti að túlka á þann hátt að hún fæli í sér kröfu um að framkvæmd sérhverrar aðgerðar yrði að vera afar brýn, bæði í almennum skilningi, til að halda vörð um lýðræðislegar stofnanir, og í sérstökum skilningi, til að afla nauðsynlegra upplýsinga í einstakri aðgerð. Sérhver leynileg eftirlitsaðgerð sem fullnægi ekki því viðmiði sé líkleg til að fela í sér misnotkun af hálfu yfirvalda. Í því sambandi minnti dómstóllinn á að skortur væri á varnögglum í lögunum svo sem eins og því að gera kröfu um leyfi frá dómara fyrir íhlutun eða skýrum ákvæðum um endurnýjunartíðni eftirlitsheimilda. Þó að eftirlitsaðgerðirnar væru framkvæmdar að gefnu samþykki dómstólaráðherra væri slíkt aðhald mjög pólitískt og því í eðli sínu ekki til þess fallið að tryggja nauðsynlegt mat um mikla nauðsyn. Dómstóllinn taldi að aðhald af pólitískum handhafa framkvæmdarvaldsins veitti ekki nauðsynlega tryggingu.

Dómstóllinn víðurkenni að aðstæður sem einkenndust af neyðarrétti gætu komið upp, þar sem gefið samþykki dómara gæti falið í sér hættu á að tapa dýrmætum tíma. Hann áréttaði þó að í slíkum tilvikum myndu hvers konar eftirlitsaðgerðir, sem leyfðar væru án þess að vera skoðaðar fyrirfram (*ex ante*) af aðila sem ekki hefði dómsvald, verða að sæta endurskoðun (*post factum*) af hálfu dómstóla. Dómstóllinn minnti á að samkvæmt ungerska kerfinu væri framkvæmdarvaldinu skylt að afhenda þingnefnd skýrslu um meginatriði slíkra aðgerða. Hins vegar var það ekki talið líklegt að slík skýrslugjöf, sem virtist ekki vera opinber, væri til þess fallin að rétta hlut einstaklinga sem hefðu orðið fyrir misrétti að völdum leynilegs eftirlits eða til að stjórna með gagnlegum hætti daglegri starfsemi eftirlitsaðila. Þar að auki kvað landslögjökki ekki á um dómskerfi sem hægt væri að leita til af þeim aðilum sem lentu í leynilegu eftirliti, þar sem kvörtunarferlið fæli ekki í sér að sendar væru tilkynningar um eftirlitið til þeirra sem yrðu fyrir því. Því til viðbótar ættu kvartanir að sæta rannsókn af hálfu innanríkisráðherra sem ekki virtist vera nægilega sjálfstæður.

Samkvæmt ofangreindu innihélt lögjökki ekki nægilega nákvæma, árangursríka og tæmandi varnagla hvað varðar fyrirskipun, framkvæmd og mögulega endurskoðun eftirlitsaðgerða. Niðurstaðan var því samhljóða að um brot á 8. gr. væri að ræða.

Dómstóllinn taldi ekki brotið á 13. gr. sáttmálans borin saman við 8. gr. þar sem 13. gr. ætti ekki að vera túlkuð á þann hátt að hún gerði kröfu um úrræði gagnvart landslögum.

Dómstóllinn taldi að niðurstaða um brot teldist nægilega sanngjarnar bætur að því er varðaði ófjárhagslegt tjón.

Bărbulescu gegn Rúmeníu

Dómur frá 12. janúar 2015

Mál nr. 61496/08

8. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Netnotkun starfsmanna. Uppsögn. Jákvæðar skyldur. Meðalhóf.

Mat á nauðsyn.

1. Málsatvik

Kærandi var sagt upp störfum hjá einkafyrirtæki fyrir að nota net fyrirtækisins á vinnutíma á þann hátt sem braut gegn innri reglum sem bönnuðu notkun tölva fyrirtækisins í persónulegum tilgangi. Atvinnuveitandinn hafði um ákveðinn tíma fylgst með samskiptum kærandi á Yahoo Messenger-aðgangi sem kærandi var beðinn um að stofna í þeim tilgangi að svara fyrirspurnum viðskiptavina. Í réttarhöldum voru lögð fram sönnunargögn sem sýndu samskipti við þriðja aðila sem voru eingöngu persónulegs eðlis.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir, eins og hann hafði gert fyrir innlendum dómstólum, að uppsögn ráðningarsamningsins hefði verið afleiðing brots á rétti hans til friðhelgi einkalífs og samskiptaaðila og að innlendum dómstólum hefði mistekist að vernda þann rétt.

Niðurstaða

Með það sérstaklega í huga að innihald samskipta kærandi á Yahoo Messenger hafði verið skoðað og að afrit samskiptanna hafði verið notað í málsmeðferð fyrir félagsdómi, taldi dómstóllinn að „einkalíf“ kærandi og „bréfaskipti“ innan merkingar 1. mgr. 8. gr. væru til skoðunar vegna aðgerðanna. 1. mgr. 8. gr. átti því við.

Kvörtun kærandi varð að skoðast út frá jákvæðum skyldum ríkisins þar sem hann var starfsmaður einkafyrirtækis sem gat ekki með gerðum sínum borið ábyrgð ríkis samkvæmt sáttmálanum. Dómstóllinn varð að skoða hvort ríkið, í ljósi jákvæðra skyldna, hefði séð til þess að sanngjarnt jafnvægi væri milli réttar kærandi til að njóta friðhelgi einkalífs og bréfaskipta annars vegar og hagsmuna vinnuveitanda hans hins vegar.

Dómstóllinn benti á að kærandi gat borið mál sitt undir innlenda dómstóla sem hefðu skoðað það með tilhlýðilegum hætti og slegið því föstu að kærandi hefði brotið agareglur þar sem kærandinn hafði notað Yahoo Messenger á tölva fyrirtækisins á vinnutíma með hætti sem gekk gegn vinnureglum fyrirtækisins. Innlendir dómstólar hefðu lagt sérstaka áherslu á þá staðreynd að vinnuveitandinn hefði farið inn á Yahoo Messenger-aðgang kærandi í þeirri trú að hann innihéldi fagleg skilaboð. Þar að auki hefðu þeir ekki lagt sérstakt vægi á raunverulegt innihald samskipta kærandi heldur aðeins byggt á afritunum að því marki sem

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Það sannaði að kærandi hefði notað tölvu fyrirtækisins í persónulegum tilgangi á vinnutíma. Í ákvörðun þeirra var það hvergi nefnt undir hvaða kringumstæðum kærandi hafði haft samskiptin eða auðkenni þeirra aðila sem hann hafði samskipti við. Innihald samskiptanna væri þess vegna ekki afgerandi þáttur í niðurstöðu innlendra dómstóla.

Dómstóllinn taldi enn fremur að þótt því hefði ekki verið haldið fram að kærandi hefði valdið vinnuveitanda sínum raunverulegu tjóni, þá væri það ekki óraunhæft fyrir vinnuveitanda að vilja staðfesta að starfsmenn væru að sinna faglegum verkefnum sínum á vinnutíma. Eftirlit vinnuveitanda væri takmarkað við samskipti á Yahoo Messenger-aðganginum, engar aðrar upplýsingar eða gögn sem geymd voru á tölvu kæranda voru skoðuð. Loks hefði kærandi ekki á sannfærandi hátt útskýrt af hverju hann hefði notað aðganginn í persónulegum tilgangi.

Í stuttu máli var ekkert sem benti til þess að innlendum stjórnvöldum hefði ekki tekist að ná sanngjörnu jafnvægi, innan svigrúms þeirra til mats, milli réttar kæranda til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. og hagsmuna vinnuveitanda hans. Niðurstaðan var því, með sex atkvæðum gegn einu, að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Mandet gegn Frakklandi

Dómur frá 14. janúar 2016 – Yfirdeild

Mál nr. 30955/12

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi fjölskyldu og einkalífs

Börn. Faðerni. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærandur, Florence Mandet fædd Guillerme, Jacques Mandet og Alois Mandet, eru af frönsku þjóðerni fædd 1955, 1945 og 1996 í þeirri röð og bjuggu í Dubai (Furstadæmi Dubai).

Florence og Jacques Mandet gengu fyrst í hjónaband 1986. Þau eignuðust þrjú börn. Í júní 1996 skildu þau. Florence Mandet fæddi Alois Mandet í ágúst 1996 og var hann skráður undir nafni móður. Í september 1997 gekkst Jacques Mandet formlega við að eiga barnið. Florence og Jacques Mandet gengu síðan aftur í hjónaband í október 2003 sem leiddi til þess að faðerni barnsins var lögfest.

Þann 22. febrúar 2005 leitaði hr. Glouzman til Nanterre Tribunal de Grande Instance, þar sem hann vildi vefengja faðerni hr. Mandet og vildi að viðurkennt væri að hann væri faðir barnsins. Með dómi 10. febrúar 2006 var talið að þar sem barnið hefði fæðst meira en 300 dögum eftir að Florence og Jacques Mandet höfðu skilið, ætti að vísa frá þeirri niðurstöðu að Jacques Mandet væri faðirinn. Dómstóllinn tók fram að ekki væri deilt um það hvort hr. Glouzman hefði átt í kynferðislegu sambandi við frú Mandet á þeim tíma sem barnið hefði verið getið og að yfirlýsingar fjölda vitna hefðu staðfest að þau hefðu búið saman sem par og að barnið hefði verið álitid sameiginlegt barn þeirra. Dómstóllinn taldi að barnið

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

hefði ekki haft stöðu sem löglegt barn Mandet-parsins með samfelldum hætti og að hagsmunir þess fælu í sér að þekkja sannleikann um uppruna sinn. Í framhaldi var beiðni hr. Glouzmann tekin til meðferðar og kærendur boðaðir í erfðapróf ásamt hr. Glouzmann sem var sá eini sem sinnti því.

Pann 16. maí 2008 var það niðurstaða dómstólsins að faðernisviðurkenningin og lögmæti faðernis í kjölfarið væru ekki gild og að barnið skyldi taka upp nafn móður. Hr. Glouzmann væri faðir barnsins og var fyrirskipað að það skyldi ritað á fæðingarvottorðið. Áfrýjunardómstóll Versala staðfesti þessa niðurstöðu en bætti við í fyrsta lagi að það væri ekki nauðsynlegt að endurskoða réttmæti erfðaprófa með vísan til röksemdafærslu dómsins frá 10. febrúar 2006 um að meginhagsmunir barnsins væru þeir að fá vitneskju um uppruna sinn. Dómstóllinn benti einnig á að tímabil getnaðar væri milli nóvember 1995 og febrúar 1996 og að þau sönnunargögn, sem Mandet-hjónin lögðu fram, hefðu ekki staðfest að þau hefðu haldið áfram sambúð eða verið í kynferðislegu sambandi. Aftur á móti taldi áfrýjunardómstóllinn að þau sönnunargögn, sem hr. Glouzmann lagði fram, sönnuðu að þegar barnið var getið, hefði hann verið í kynferðislegu sambandi við Florence Mandet, að hann hefði verið í sambúð með henni á getnaðartíma og einnig eftir fæðingu barnsins og að barnið væri þekkt sem sameiginlegt barn þeirra. Áfrýjunardómstóllinn benti einnig á að verkefni *ad hoc* réttargæslumann, sem bar að gæta hagsmuna barnsins sem var undir lögaldri, hefði verið hindrað af Mandet-hjónunum, vegna þess að ekki var komið með barnið aftur til Frakklands, ekki einu sinni í skólafríum. Mandet-hjónin áfrýjuðu málinu en því var vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu kvörtun sína á 8. gr. (friðhelgi einka- og fjölskyldulífs). Kvartað var yfir ógildingunni faðernisviðurkenningar Jacques Mandet og um ógildinguna á lögmæti faðernis Aloïs Mandet. Kærendur töldu ráðstafanirnar vera í ósamræmi við það hvað væri barninu fyrir bestu en samkvæmt því þyrfti að viðhalda sambandi lögforeldris og barns, sem varað hefði í nokkur ár, og að varðveita ætti tilfinningalegan stöðugleika. Að lokum gagnrýndu þau dómstólinn fyrir að hafa fyrirskipað að barnið undirgengist erfðapróf gegn vilja þess og fyrir að hafa talið neitunina vera atriði sem staðfesti að faðernisviðurkenning Jacques Mandet væri ósönn. Á grundvelli 1. mgr. 6. gr. (réttur til réttlátrar málsmeðferðar) héldu kærendur því fram að brotið hefði verið á rétti þeirra til réttlátrar málsmeðferðar af óhlutdrægum dómstól.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn benti á að innlendir dómstólar hefðu endurskoðað formlega faðernisviðurkenningu Jacques Mandet, auk lögmætis faðernisins í kjölfarið, og ákveðið að barnið ætti að halda eftirnafni móður sinnar, að hr. Glouzmann væri faðir barnsins og samskipti og dvalarstaðaréttindi þeirra á milli hefðu verið skipulögð. Dómstóllinn benti á að með því að ógilda lögsamband barnsins og Jacques Mandet á þennan hátt hefðu innlendir dómstólar breytt, frá

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

lagalegu sjónarhorni, mikilvægum þætti fjölskyldugerðarinnar en þar hafði barnið þroskast í nokkur ár. Dómstóllinn taldi því að með aðgerðinni sem kærendur kvörtuðu yfir hefði verið brotið á rétti barnsins til friðhelgi einka- og fjölskyldulífs.

Með hliðsjón af 339. gr. Code Civil benti dómstóllinn á að inngripið hefði verið í samræmi við lögin og taldi að markmið þeirra væri að vernda rétt og frelsi annarra, þ.e. hr. Glouzmans.

Með vísan til dómaframkvæmdar lagði dómstóllinn áherslu á það að Frakkland nyti svigrúms til mats þegar metið væri hvort inngripið gæti talist nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi í skilningi 8. gr. Hins vegar þyrfti dómstóllinn alltaf að hafa hliðsjón af þeirri mikilvægu meginreglu sem felur það í sér að hagsmunir barns séu í fyrirrúmi.

Dómstóllinn benti á að það væri ekki rétt að innlendir dómstólar hefðu tekið neitun barnsins við að gangast undir próf sem atriði sem staðfesti niðurstöðu þeirra um ósannindi hinnar formlegu fadernisviðviðurkenningar. Dómur áfrýjunardómstóls Versala gaf til kynna að það sem hafði þýðingu í þessum efnum var neitun Mandet-hjónanna að gangast undir prófið og neitun þeirra að fara með barnið til skoðunar hjá sérfræðingi en það var yngra en tíu ára á þeim tíma. Sú niðurstaða að til staðar væru sífatengsl milli barnsins og hr. Glouzmans hefði ekki verið byggt á þeirri neitun, heldur á útreikningi af lagalegu tímabili getnaðar og mats sönnunargagna sem afhent voru af deiluaðilum. Á þeim grundvelli hefði áfrýjunardómstóllinn talið að Mandet-hjónin hefðu ekki sannað að þau hefðu búið saman eða verið í kynferðislegu samband á því tímabili sem barnið var getið. Aftur á móti var það staðfest að hr. Glouzman hafði verið í kynferðislegu sambandi við Florence Mandet og búið með henni, ekki aðeins á getnaðartíma heldur einnig eftir fæðingu og að barnið hefði verið þekkt sem sameiginlegt barn þeirra.

Dómstóllinn benti þá á að innlendir dómstólar hefðu gert það sem búast mátti við af þeim til að veita barninu þátttöku í ákvarðanaferlinu og að dómstóllinn í Nanterre hefði skipað *ad hoc* forsjármann til að verja hagsmuni barnsins við málsmeðferðina, en að honum hefði verið ómögulegt að hitta barnið vegna þess að Mandet-hjónin og barnið höfðu yfirgefið Frakkland. Enn fremur hafði dómstóllinn tekið til skoðunar rétt barnsins til að fá að tjá sig við málsmeðferðina og talið að sá réttur hefði verið virtur. Hann hafði bent á að barnið hefði verið upplýst um málsmeðferðina og vissi af því að deilt væri um faderni þess. Þá hefði barnið sent bréf til dómara þar sem það lýsti ósk sinni að breyta ekki eftirnafni sínu og að viðhalda núverandi föður-sonar lögsambandi sínu við Jacques Mandet án þess þó að biðja um að fá að tjá sig.

Dómstóllinn benti þar að auki á að röksemdafærsla í ákvörðun innlendra dómstóla sýndi að það hvað væri barninu fyrir bestu hefði verið lagt til grundvallar við matið. Með því að velja umrædda leið hefðu þeir talið að hagsmunir barnsins lægju fyrst og fremst í að vita sannleikann um uppruna sinn jafnvel þó að það hefði talið Jacques Mandet vera föður sinn.

Dómstólnum virtist sem innlendum dómstólum hefði ekki mistekist að leggja veigamikla áherslu á það hvað væri barninu fyrir bestu, heldur frekar talið að það

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

hvað væri því fyrir bestu félli ekki endilega að skoðun barnsins á því hvað sér væri fyrir bestu, þ.e. að halda sambandi foreldris og barns eins og það var stofnað og að varðveita tilfinningalegan stöðugleika, heldur frekar að komast að því hvert hið raunverulega faðerni væri. Ákvörðun dómsins væri ekki tekin með óréttmætri hygli í garð hagsmuna hr. Glouzmann í stað hagsmuna barnsins, heldur væri talið að hagsmunir þeirra væru að hluta til þeir sömu. Með þessari framkvæmd hefðu innlendir dómstólar ekki yfirstigið það svigrúm sitt til mats.

Að lokum var bent á að með því að veita móðurinni forsjárabyrgð hefði ákvörðun innlendra dómstóla ekki komið í veg fyrir að barnið væri áfram hluti af Mandet-fjölskyldunni í samræmi við óskir þess. Þar af leiðandi taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr.

Um 1. mgr. 6. gr.: Þar sem kærandur höfðu getað leitað til dómstóla, bæði á undir- og áfrýjunarstigi og getað sett fram þau rök og sönnunargögn sem þau töldu viðeigandi og að ákvörðunin, sem tekin var af innlendum dómstólum, hafði verið tekin að vel ígrunduðu mati, gat dómstóllinn ekki fundið nein sönnunargögn sem bentu til þess að réttur þeirra til réttlátrar málsmeðferðar hefði verið brotinn. Þessi hluti kærunnar væri bersýnilega ekki nægilega rökstuddur og yrði því að hafna honum.

Einn dómari skilaði séráliti.

Cavit Tinarlioglu gegn Tyrklandi

Dómur frá 2. febrúar 2016

Sjá reifun dómsins undir 2. gr.

Örorka af völdum slyss. Öryggisreglur. Jákvæðar skyldur ríkis. Rannsókn máls.

Di Trizio gegn Sviss

Dómur frá 2. febrúar 2016

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Mismunun á grundvelli kynferðis. Örorkubætur. Réttur til fjölskyldulífs.

Mitrova og Savik gegn Makedóníu

Dómur frá 11. febrúar 2016

Mál nr. 42534/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Forsjá. Umgengnisréttur. Svigrúm til mats.

1. Málsatvik

Kærandur eru móðir og dóttir. Eftir skilnað foreldra seinni kæranda árið 2007 var seinni kærandi, sem þá var þriggja ára gömul, sett í forsjá fyrri kæranda. Forsjárréttindi föður seinni kæranda voru ákveðin af félagsmálasmiðstöð. Eftir að fyrri kærandi hafði ítrekað neitað föðurnum um að fá að hitta seinni kæranda var fyrri

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

kærandi tvívegis dæmd fyrir það athæfi og dæmd til skilorðsbundinnar refsingar. Eftir það hélt hún hins vegar áfram að neita föðurnum að umgangast dóttur sína og var hún í kjölfarið dæmd í þriðja skiptið, þá til þriggja mánaða fangelsisvistar. Á meðan fyrri kærandi sat af sér dóminn var seinni kærandi í forsjá föður síns. Eftir að fyrri kæranda var sleppt úr haldi árið 2009 ákvað félagsmálamiðstöðin að auka forsjárréttindi hennar þar til árið 2011 að hún fékk aftur full forsjárréttindi yfir seinni kæranda eftir að forsjárkröfu föðursins var vísað frá dómi. Í mars 2012 var þeirri frávísun hins vegar snúið við í hæstarétti að mestu leyti á þeim grundvelli að fyrri kærandi hefði ítrekað neitað föðurnum um umgengnisrétt. Taldi dómstóllinn að það væri barninu fyrir bestu að fá að umgangast báða foreldra sína. Eftir þennan dóm ákvað félagsmálamiðstöðin nýtt búsetufyrirkomulag þar sem seinni kærandi byggi á virkum dögum hjá fyrri kæranda og um helgar hjá föður sínum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans. Nefndu kærandur sérstaklega það að fyrri kærandi hefði verið dæmd í fangelsi, að félagsmálamiðstöðin ákvarðaði ekki endanlega forsjárréttindi fyrri kæranda fyrr en mörgum mánuðum eftir að hún var búin að afplána fangelsisdóm sinn og hæstaréttardóminn þar sem afturkölluð var full forsjá hennar yfir seinni kæranda.

Niðurstaða

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að fangelsisdómur fyrri kæranda hefði verið í fullu samræmi við landslög og að markmið þeirra laga hefði verið að auðvelda föðurnum að hitta dóttur sína og koma í veg fyrir frekari brot fyrir kæranda gegn rétti hans. Varðandi þau rök fyrri kæranda að dómurinn hefði ekki verið „naudsynlegur í lýðræðislegu samfélagi“ horfði dómstóllinn til málsins í heild. Ljóst var að fyrri kærandi hafði tvívegis verið dæmd fyrir sama brot og fengið skilorðsbundinn dóm. Þrátt fyrir það hafði fyrri kærandi haldið áfram að vera ósamvinnufús og komið í veg fyrir að faðir síðari kæranda fengi að sjá hana. Dómstóllinn sem dæmdi hana til fangelsisvistar hafði horft til hags barnsins eins og sá hagur var skilgreindur af félagsmálamiðstöðinni. Komst dómstóllinn svo að því á þessum grunni að þó að fangelsisdómur hefði skammtímaáhrif á fyrri kæranda væri langtímahagsmunum seinni kæranda betur þjónað með því að stuðla að því að hún fengi að sjá föður sinn. Hefðu því landsyfirvöld framkvæmt ásætlanlegt mat á öllum röksemdum og staðreyndum sem máli skiptu í samræmi við það markmið sem stefnt var að.

Varðandi kvörtun kæranda um þann tíma sem tók að ákvarða forsjárréttindi endanlega eftir að fyrri kæranda var sleppt úr fangelsi horfði dómstóllinn til þess að meðan á fangelsisvist hennar stóð hefði ekki verið neitt beint samband á milli fyrri og seinni kæranda. Ekki voru lögð fram nein gögn sem vísuðu til þess að fyrri kærandi hefði nokkurn tíma beðið yfirvöld, t.d. félagsmálamiðstöðina, um leyfi til

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

að komast í samband við seinni kæranda. Án slíkrar beiðni skorti félagsmálamiðstöðina valdheimildir til að ákvarða um rétt fyrri kæranda. Um leið og fyrri kærandi var látin laus hafði hún lagt fram tvær beiðnir um samband við seinni kæranda, en félagsmálamiðstöðin gat ekki unnið úr þeim beiðnum sökum þess að fyrri kærandi neitaði að taka þátt í lögbundnu ferli miðstöðvarinnar. Eftir að málið var svo að lokum tekið til meðferðar hefði ekki liðið óhóflegur tími þangað til forsjárréttindi fyrri kæranda voru ákvörðuð. Á þessum grunni komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að yfirvöld bæru ekki ábyrgð á því að fyrri og seinni kærandi sáu ekki hvor aðra frá 30. júlí 2009 til 19. febrúar 2010.

Varðandi ákvörðun hæstaréttar að dæma föður seinni kæranda forsjá hennar væri að sjá að dómstóllinn hefði haft hag barnsins í fyrirrúmi. Slíkt mat væri innan svigrúms makedóníska ríkisins til mats og rökstuðningur fyrir ákvörðuninni viðhlítandi og nægur.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Tveir dómáttarar skiluðu séráliti.

Soares de Melo gegn Portúgal

Dómur frá 16. febrúar 2016

Mál nr. 72850/14

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Ættleiðing. Réttur til fjölskyldulífs. Krafa um ófrjósemisaðgerð.

Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandinn, Liliana Sallette Soares de Milo, er ríkisborgari Grænhöfðaeyja. Hún er búsett í Algueirao-Mem Martins í Portúgal. Árið 2005 var fjölskylduaðstaða kæranda, sem er móðir tíu barna fæddra á árunum 1993–2011, tilkynnt til barnaverndarnefndar sökum þess að kærandi var atvinnulaus og að faðir barnanna var fjölkvænismaður sem sjaldan var heima.

Þann 4. janúar 2007 skrifuðu barnaverndarnefnd og kærandi undir verndarsamning sem var síðar staðfestur af dómstólum. Í samningnum kom fram að kærandi héldi forsjá barna sinna en bæri skylda til að sjá fyrir þeim, sjá um menntun þeirra og heilbrigði og leita sér að vinnu. Föðurnum var gert að halda áfram að veita fjárhagsaðstoð. Þar sem fjölskylduaðstaða kæranda batnaði ekki ákvað barnaverndarnefnd að hefja mál til verndar börnunum. Þann 26. september 2007 var málinu vísað til saksóknara sem fór í barnaverndarmál á þeim grunni að kærandi byggði ekki við nægjanlega góðar og heilbrigðar aðstæður og vanrækti börn sín. Barnaverndarnefnd ákvað í kjölfarið að bæta ákvæðum við samninginn sem nefndin hafði gert við kæranda þess efnis að föðurnum yrði gert að snúa aftur til vinnu og að kærandi yrði að sanna að hún væri að undirbúa að gangast undir ófrjósemisaðgerð. Þar sem kærandi og eiginmaður hennar fylgdu ekki þessum nýju ákvæðum samningsins, ákvað dómstóll með dómi 25. maí 2012 að sjö yngstu börn kæranda skyldu tekin af henni, sett í fóstur og að hugað yrði að ættleiðingu þeirra.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Einnig var ákveðið að kærandi og eiginmaður hennar hefðu engan umgengnisrétt. Rökstuðningurinn fyrir þessari ákvörðun var m.a. sá að faðirinn væri lengstum fjarverandi og að kærandi, sem gæti ómögulega framfylgt skyldum sínum sem móðir, hefði ítrekað neitað að undirgangast ófrjósemisaðgerð. Þann 8. júní 2012 voru sex af börnum kæranda tekin og sett í fóstur, en það sjöunda var fjarverandi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að með því að taka frá henni börnin og setja í fóstur hefði verið brotið gegn rétti hennar til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, sbr. 8. gr. sáttmálans. Taldi hún að ákvarðanir dómstóla hefðu að mestu verið byggðar á því að kærandi neitaði að virða það ákvæði samningsins um fjölskylduhætti sem skyldaði hana til að gangast undir ófrjósemisaðgerð.

Niðurstaða

Varðandi fjölskylduaðstæður kæranda tók dómstóllinn fram að helstu ásakanir gegn henni voru þær að hún gæti ekki séð um börnin og vanrækti þau. Dómstóllinn taldi að aðstæður kæranda hefðu verið einstaklega brothættar sökum þess að hún átti tíu börn og hafði einungis 393 evrur í mánaðartekjur. Hins vegar höfðu yfirvöld ekki gert neinar ráðstafanir til þess að bæta úr þessari aðstöðu með frekari fjárhagsaðstoð til að mæta grunnþörfum fjölskyldunnar eða með því að borga fyrir barnagæslu svo að kærandi hefði tök á að leita sér vinnu. Þvert á móti hefði barnaverndarnefnd beðið kæranda um að skrá nákvæmlega á formlegan hátt þarfir sínar þó að nefndin sjálf hefði þegar rannsakað og ákveðið hvað vantaði. Sökum þessa taldi dómstóllinn að yfirvöld hefðu fyrst átt að gera hagnýtar ráðstafanir til þess fallnar að leyfa börnunum að búa hjá móður sinni áður en ákveðið var að taka þau frá kæranda. Það að engin merki um ofbeldi, illa meðferð eða kynferðisbrot höfðu verið til staðar og sú staðreynd að landsdómstóll hafði tekið eftir sterkum tengslum milli kæranda og barna hennar styrkti afstöðu dómstólsins hvað þetta varðaði.

Dómstóllinn taldi þá kröfu sem bætt var við samninginn einstaklega alvarlega þar sem þess var krafist að kærandi gengist undir ófrjósemisaðgerð. Hann komst að þeirri niðurstöðu að félagsmálafyrirvöld hefðu getað stungið upp á mildara úrræði, svo sem getnaðarvörnum, til að ná markmiðum sínum varðandi fjölskylduskipulag. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði að lokum neitað að gangast undir ófrjósemisaðgerð og að þeirri ákvörðun hefði verið haldið gegn henni. Að mati dómstólsins ætti skylda til að undirgangast ófrjósemisaðgerð aldrei að vera forsenda þess að halda réttindum sem foreldri.

Hvað varðaði bann við öllum samskiptum milli kæranda og barna hennar ákvað dómstóllinn að ítreka að frekari takmarkanir væru ekki réttlætanager skv. 8. gr. sáttmálans nema fjölskylda hefði verið sérstaklega óhæf til að sjá um börn, en slíkt væri ekki staðreynd í þessu máli þar sem engin merki um ofbeldi af neinu tagi hefðu verið til staðar.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Varðandi ákvörðunartöku á öllum stigum þessa máls tók dómstóllinn fram að landsdómstólar hefðu ekki beðið um sjálfstæða sálfræðirannsókn til að meta hæfi kæranda til barnaupveldis, né sams konar rannsókn til að meta andlegt ástand barnanna. Að mati dómstólsins mætti greina ýmis vandamál í áfrýjunarferli málsins, m.a. að aðeins einn dómari hefði haft málið með höndum á áfrýjunarstigi og að dómara nefnd sem átti að endurmeta áfrýjunina skilaði inn úrskurði sem var orðrétt samhljóða þeirri ákvörðun sem endurskoða átti.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að það að taka sjö af börnum kæranda, setja þau í fóstur og í ættleiðingarferli hefði ekki verið í samræmi við það markmið sem stefnt væri að né nauðsynlegt í lýðræðislegu samfélagi. Hann ályktaði einnig að sú ákvörðun, sem svipti kæranda öllum réttindum sem foreldri, hefði ekki verið sanngjörn í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi voru, þar sem dómstólar hefðu ekki gert ráð fyrir neinum mildari aðgerðum né tekið nein skref í átt að því að reyna mögulega að varðveita fjölskyldueininguna sem málið varðaði. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að um brot á 8. gr. sáttmálans væri að ræða.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans var portúgalska ríkið dæmt til að greiða kæranda 15.000 evrur í miskabætur.

Pajic gegn Króatíu

Dómur frá 23. febrúar 2016

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Samkynja pör. Réttur til fjölskyldulífs. Lögmætt markmið.

K.J. gegn Póllandi

Dómur frá 1. mars 2016

Mál nr. 30813/14

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Ólögmætt brottmál.

1. Málsatvik

Kærandi, K.J., er pólskur ríkisborgari, fæddur árið 1978. Hann er búsettur í Kent, Bretlandi. Kærandi eignaðist dóttur með eiginkonu sinni, sem einnig er pólskur ríkisborgari, árið 2010 í Bretlandi. Í júlí 2012 fór barnið með móður sinni til Póllands í frí með samþykki kæranda. Í lok sumars tilkynnti eiginkona kæranda honum að hún myndi ekki snúa aftur til Bretlands með dóttur þeirra. Málaferlum vegna skilnaðar þeirra er ólokið.

Kærandi krafðist þess samstundis að dóttur hans yrði skilað samkvæmt Haag-samningnum um ólögmætt brottmál barna. Við meðferð málsins fyrir pólskum dómstólum mótmælti móðir barnsins kröfum kæranda. Hún kvaðst óttast að vegna skilnaðarinnar yrði henni meinað að yfirgefa Bretland með barnið. Málsmeðferðin varaði í 12 mánuði þar til dómstólar vísuðu kröfu kæranda frá á þeim grundvelli að með afhendingu barnsins til Bretlands, með eða án móður sinnar, yrði því komið í óbærilega stöðu samkvæmt 13. gr. b. Haag-samningsins. Í ákvæðinu er m.a. kveðið

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

á um að ríki sé heimilt að synja um afhendingu barns ef alvarleg hættu er á að afhending muni skaða barnið andlega eða líkamlega eða koma því á annan hátt í óbærilega stöðu. Dómstólar horfðu sérstaklega til mjög ungs aldurs barnsins, að móðir þess hefði ávallt verið aðalumnunaraðili þess og að samskipti barnsins við föður sinn hefðu verið lítil eftir brotnámið. Talið var að aðskilnaður barnsins frá móður sinni myndi hafa í för með sér neikvæðar og óafturkræfanlegar afleiðingar fyrir barnið. Jafnframt var talið að þótt barnið sneri aftur til Bretlands með móður sinni myndi það hafa neikvæðar afleiðingar á þroska þess þar sem móðirin hefði aldrei aðlagast bresku samfélagi og myndi aðeins yfirgefa Pólland gegn vilja sínum. Dómstólar vísuðu jafnframt til skýrslu sálfræðings þar sem fram kom að það væri barninu fyrir bestu að dvelja áfram í Póllandi með móður sinni.

Vaðandi umgengnisrétt K.J. við dóttur sína komust pólskir dómstólar að þeirri niðurstöðu að umgengni skyldi ákveðin tvær helgar í mánuði og á ákveðnum hátíðisdögum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sú niðurstaða pólskra dómstóla, að hafna kröfu um afhendingu barnsins, fæli í sér brot á rétti hans skv. 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn tók fram að við mat pólskra dómstóla hefði sú staðreynd að móðir barnsins væri óviljug til að búa í Bretlandi vegið þungt. Pólskir dómstólar hefðu jafnframt fallist á að auk deilnanna á milli foreldranna myndu erfiðleikar móðurinnar við að aðlagast lífinu í Bretlandi leiða til þess að barninu yrði komið í óbærilega stöðu í skilningi 13. gr. b. Haag-samningsins, myndi það snúa aftur til Bretlands, með eða án móður sinnar.

Að mati dómstólsins hefði móðir barnsins þurft að rökstyðja hvaða skaðlegu áhrif flutningur barnsins hefði í för með sér. Skilnaður hennar við eiginmann sinn og ótti við að henni yrði meinað að yfirgefa Bretland með barnið fullnægðu ekki skilyrðum 13. gr. b. Haag-samningsins. Pólskir dómstólar hefðu engu að síður haldið meðferð málsins áfram og lagt mat á þær málsástæður. Ekki hefði verið að finna í gögnum málsins neina haldbæra ástæðu sem gæti hamlað móður barnsins að snúa aftur til Bretlands með barnið.

Mannréttindadómstóllinn féllst enn fremur ekki á niðurstöðu pólskra dómstóla um að flutningur barnsins til Bretlands hefði í för með sér neikvæðar afleiðingar fyrir þroska þess. Pólskir dómstólar hefðu jafnframt litið fram hjá því að í sálfræðimati sem lá fyrir í málinu hefði komið fram að barnið aðlagðist auðveldlega, væri við góða líkamlega og andlega heilsu, væri tengt báðum foreldrum sínum og liti bæði á Pólland og Bretland sem heimili sitt. Dómstóllinn tók enn fremur fram að málsmeðferðin hefði ekki uppfyllt kröfur um málsþröðu og að engar skýringar hefðu verið gefnar fyrir þeim tögum sem urðu á málinu.

Að öllu þessu virtu komst dómstóllinn að þeirri einróma niðurstöðu að skyldur

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

ríkisins samkvæmt 8. gr. sáttmálans hefðu ekki verið uppfylltar. Að lokum áréttaði dómstóllinn að í ljósi þess að barnið hefði búið með móður sinni í þrjú ár í Póllandi fæli dómurinn ekki í sér skyldu fyrir aðildarríkið til að grípa til ráðstafana um að afhenda barnið til Bretlands.

Pólska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 9.000 evrur í miskabætur og 6.145 evrur í málskostnað.

Kahn gegn Þýskalandi

Dómur frá 17. mars 2016

Mál nr. 16313/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Myndbirtingar. Jákvæðar skyldur. Fjársektir. Miskabætur.

1. Málsatvik

Kærandur, Katharina-Maria Kahn og David Kahn, eru þýskir ríkisborgarar, fædd 1998 og 2003. Þau eru búsett í Strasslach, Þýskalandi og eru börn Oliver Kahn, fyrrum markvarðar þýska landsliðsins í knattspyrnu, og fyrrverandi eiginkonu hans, Simone Kahn.

Á tímabilinu frá júlí 2004 til júní 2009 birtu tímaritin Neue Woche og Viel Spass, sem bæði eru í eigu sama útgefanda, nokkrar ljósmyndir af kærendum með foreldrum sínum. Eftir að myndir af þeim birtust í tímaritinu fóru kærandur fram á lögban á frekari birtingu myndanna fyrir undirrétti sem féllst á kröfu þeirra í janúar 2005. Samkvæmt niðurstöðu dómstólsins var lagt bann á frekari birtingu myndanna að viðlagðri fjársekt.

Eftir birtingu annarra mynda af kærendum árið 2007 voru þrjár fjársektir lagðar á útgefandann og hann jafnframt dæmdur til að greiða kærendum hvoru um sig 40.000 evrur í miskabætur. Dómstóllinn taldi að um alvarlegt brot á rétti kæranda til friðhelgi einkalífs hefði verið að ræða, þar sem myndirnar sýndu þau í fylgd foreldra sinna eða í fríum, þar sem þau hefðu átt að njóta verndar frá slíkum afskiptum.

Áfrýjunardómstóll sneri niðurstöðunni við árið 2008 og taldi ekki nauðsynlegt að dæma kærendum miskabætur, enda hefðu sektir verið lagðar við frekari myndbirtingum. Það hefði átt að vera nægilega áhrifaríkt úrræði til að vernda kærundur fyrir brotum á friðhelgi einkalífs. Kærandur áfrýjuðu til yfirréttar sem vísaði málinu frá á þeim grundvelli að myndirnar hefðu ekki falið í sér alvarlegt brot á rétti þeirri til friðhelgi einkalífs, m.a. vegna þess að umræddar greinar fjölluðu ekki um kærundur sjálfa, heldur foreldra þeirra.

Í september 2009 hafnaði stjórnlagadómstóll kröfu kæranda um að taka málið fyrir.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að brotið hefði verið gegn rétti þeirra til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn benti á að úrlausnarefnið í málinu væri ekki hvort kærendum hefði verið veitt vernd gegn óumdeildu broti á rétti þeirra til friðhelgi einkalífs. Spurningin væri heldur hvort sú vernd sem þeim var veitt, að leggja fjársektir við birtingu myndanna, hefði verið nægjanlegt úrræði í skilningi 8. gr. sáttmálans og hvort nauðsynlegt hefði verið að dæma þeim miskabætur til að skilyrðum ákvæðisins væri fullnægt.

Dómstóllinn tók fram að fjárhæðir sektanna hefðu aukist í hvert sinn sem útgefandinn birti myndirnar. Kærandur hefðu ekki mótmælt upphæðum sektanna né rökstutt hvers vegna slíkt úrræði væri þýðingarlaust.

Dómstóllinn taldi nauðsynlegt að meta hvort myndirnar sem um ræddi hefðu brotið gegn rétti kæranda að því marki að nauðsynlegt hefði verið að greiða þeim miskabætur en að mati dómstólsins náðu brotin ekki því alvarleikastigi. Kærandur hefðu ekki sést greinilega á myndunum og var eingöngu hægt að greina hvaða einstaklinga um ræddi vegna foreldra þeirra og texta sem skrifaður var við myndirnar. Að auki hefðu greinarnar að meginstefnu til fjallað um foreldra kæranda og skilnað þeirra. Í ljósi þess taldi dómstóllinn að niðurstaða þýskra dómstóla um að dæma miskabætur til handa kærendum hefði verið ástæðulaus.

Að öllu þessu virtu komst dómstóllinn að þeirri einróma niðurstöðu að jákvæðum skyldum ríkisins hefði verið fullnægt og að kærendum hefði verið veitt nægileg vernd. Því hefði ekki verið um brot á 8. gr. sáttmálans að ræða.

Sousa Goucha gegn Portúgal

Dómur frá 22. mars 2016

Mál nr. 70434/12

8. gr. Friðhelgi einkalífs

14. gr. Bann við mismunun

Fjölmíðlar. Tjáningarfrelsi. Jákvæðar skyldur. Mismunun.

1. Málsatvik

Kærandi, sem er samkynhneigður, er þekktur þáttastjórnandi. Málið varðaði brandara sem sagður var í grínþætti sem sýndur er í sjónvarpi, þar sem vísað var til kæranda í kvenkyni. Kærandi höfðaði ærumeiðingarmál á hendur framleiðanda þáttarins, leikstjóra og kynni þáttarins en innanlandsdómstólar vísuðu málinu frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sú ákvörðun að vísa máli hans frá dómstólum hefði falið í sér brot gegn rétti hans skv. 8. gr. sáttmálans einni og sér og ásamt 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Mannréttindadómstóllinn tók til skoðunar hvort aðildarríkið hefði, með hliðsjón af jákvæðum skyldum þess, gætt nægilegs jafnvægis milli réttinda kæranda til verndar mannorði sínu og réttinda annarra aðila til tjáningarfrelsis skv. 10. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi málið frábrugðið öðrum að því leyti að viðfangsefnið varðaði ekki efni sem almenningur ætti hagsmuni af að fá upplýsingar um. Reynt gæti á skyldu ríkis skv. 8. gr. sáttmálans til að vernda mannorð einstaklinga ef ummælin sem um ræddi færu umfram það sem 10. gr. sáttmálans er ætlað að vernda.

Dómstóllinn tók fram að innanlandsdómstólar hefðu rökstutt á sannfærandi hátt að réttur hinna kærðu til tjáningarfrelsis skyldi vega þyngra en réttur kæranda til verndar mannorði sínu þar sem ummælin sem um ræddi hefðu verið látin falla í gríni og hefðu ekki verið sett fram viljandi til að skaða mannorð kæranda. Einnig var vísað til þess að kærandi væri opinber persóna og að tilgangur ummælanna hefði ekki verið að gagnrýna kynhneigð hans. Innanlandsdómstólar hefðu metið hvernig almennur áhorfandi hefði skilið brandarann í stað þess að líta eingöngu til þess hvernig kærandi hefði upplifað hann, en talið var að almennur áhorfandi hefði ekki lítið á brandarann sem ærumeiðandi.

Mannréttindadómstóllinn taldi að innlend yfirvöld hefðu, með hliðsjón af svigrúmi ríkja til mats, gætt eðlilegs jafnvægis milli stríðandi réttinda sem sáttmálinn verndaði og komst að þeirri einróma niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 14. gr. og 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði sjálfur greint frá kynhneigð sinni á opinberum vettvangi og fyrir dómstólum. Þar af leiðandi taldi Mannréttindadómstóllinn að það hefði verið vandasamt fyrir innanlandsdómstóla að sneiða hjá því umræðuefni við meðferð málsins.

Dómstóllinn taldi ekkert fram komið í málinu sem gæfi til kynna að innanlandsdómstólar hefðu komist að annarri niðurstöðu við mat á því hvort umræddur brandari teldist ærumeiðandi, ef ekki hefði legið fyrir að kærandi væri samkynhneigður. Því var það einróma niðurstaða dómstólsins að ákvörðunin hefði ekki falið í sér mismunun sem bryti gegn 14. gr. sáttmálans.

Kocherov og Sergejeva gegn Rússlandi

Dómur frá 29. mars 2016

Mál nr. 16899/13

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Forsjá. Þroskahömlun. Fjölskyldulíf.

1. Málsatvik

Annar kæranda, sem greindur er með væg þroskafrávik, bjó á vistheimili frá árinu 1983 til 2012. Árið 2007 eignaðist hann dóttur, sem er seinni kærandi í málinu, með öðrum vistmanni heimilisins. Þegar stúlkan var vikugömul var henni komið í opinbera umsjá með samþykki fyrri kæranda og þar dvaldi hún í nokkur ár.

Þegar fyrri kærandi útskrifaðist af dvalarheimilinu árið 2012 óskaði hann eftir að fá barnið í sína umsjá. Innanlandsdómstólar takmörkuðu hins vegar rétt hans gagnvart barninu sem dvaldi áfram á vegum hins opinbera. Fyrri kæranda var þó heimilt að halda reglulegu sambandi við hana. Árið 2013 var takmörkunum aflétt og barnið fluttist til föður síns.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að takmörkun yfirvalda á rétti fyrri kæranda gagnvart barni sínu hefði brotið gegn 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að þó svo að skerðing á réttindum kæranda hefði ekki stuðlað að aðskilnaði fedginanna hvors frá öðru eða haft áhrif á umgengnisrétt kæranda, hefði skerðingin engu að síður haft truflandi áhrif á fjölskyldulíf þeirra. Ákvörðun innanlandsdómstólsins byggðist á fjölmörgum rökum, m.a. meintum samskiptaerfiðleikum barnsins við foreldra sína, langri dvöl fyrri kæranda á vistheimili, fjárhagsstöðu hans og meintu getuleysi til að ala upp barn. Þó svo að þessi rök virtust eiga við einhver rök að styðjast, dró dómstóllinn í efa að þau væru byggð á fullnægjandi gögnum.

Dómstóllinn taldi að gögn varðandi meinta samskiptaerfiðleika hefðu verið misvísandi í meðferð innanlandsdómstóla og að sjálfstætt sálfræðimat á barninu, með það að leiðarljósi að sýna fram á afstöðu barnsins gagnvart föður sínum, hefði þurft að fara fram. Innanlandsdómstólum hefði því ekki tekist að sýna fram á að geta föðursins til að annast barnið væri skert og að nauðsynlegt hefði verið að halda barninu í umsjá yfirvalda. Dómstólar hefðu að auki litið fram hjá sérfræðiskýrslu sem lá fyrir í málinu þar sem fram kom sú niðurstaða að kærandi væri fær um að sinna foreldraskyldum sínum gagnvart barninu.

Dómstóllinn taldi enn fremur að álitamál þess efnis hvort móðirin gæti verið barni sínu hættuleg gætu ekki haft skerðandi áhrif á rétt kæranda. Að lokum tók dómstóllinn fram að meint bág fjárhagsstaða kæranda gæti ekki ein og sér réttlætt

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

skerðinguna. Samkvæmt því hefði ekki verið gætt meðalhófs miðað við þau lögmætu markmið sem stefnt var að.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar samtals 7.500 evrur í miskabætur.

Ivanova og Cherkezov gegn Búlgaríu

Dómur frá 21. apríl 2016

Mál nr. 46577/15

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Byggingar. Niðurrif. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandur, Mavruda Ivanova og Ivan Cherkezov, eru búlgarskir ríkisborgarar. Þau eru fædd 1959 og 1947 og búa í þorpinu Sinemorets, Búlgaríu, en þangað fluttust þau árið 2005 frá Burgas þar sem þau kváðust ekki hafa haft ráð á að búa lengur. Ivanova hafði eftir þar 77% landspildu eftir föður sinn árið 1986 og eignaðist hlut móður sinnar árið 1999.

Árin 2004 og 2005 endurbyggðu kærandur niðurnítt hús á landinu og breyttu því í einnar hæðar múrsteinshús án þess að hafa fengið til þess byggingarleyfi. Þau hafa búið í húsinu síðan. Árið 2006 tilkynntu tveir sameigendur landspildunnar Ivanova að þeir samþykktu ekki endurbygginguna. Árið 2009 fengu aðrir erfingjar foreldra hennar jafnframt úrskurð dómstóls um að þeir væru einnig eigendur landspildunnar og hússins sem þar hafði verið byggt. Byggingarfulltrúar skoðuðu húsið árið 2011 og komust að þeirri niðurstöðu að það hefði verið byggt á ólögmætan hátt en í kjölfarið fóru byggingaryfirvöld fram á niðurrif hússins.

Í september 2013 komst æðra stjórnvald að þeirri niðurstöðu að húsið hefði verið byggt án byggingarleyfis og ákvað að það skyldi rífið niður. Ivanova krafðist þess fyrir undirrétti að ákvörðunin yrði endurskoðuð en máli hennar var vísað frá. Sú niðurstaða var staðfest á æðra dómstigi í mars 2015. Þar sem Ivanova neitaði að verða við þeim fyrirmælum að rífa húsið óskuðu yfirvöld eftir tilboðum frá einkaðilum til að sinna verkinu.

Eftir að búlgarska ríkinu hafði verið tilkynnt um mál kæranda fyrir Mannréttindadómstólnum, óskuðu byggingaryfirvöld eftir því að bæjaryfirvöld skoðuðu hvort nauðsynlegt væri að útvega Ivanova húsnæði. Í kjölfarið hafði félagsráðgjafi einnig samband við Ivanova og skýrði henni frá því hvaða félagslegu úrræði henni stæðu til boða.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að ákvörðun yfirvalda um að rífa húsið sem þau bjuggu í fæli í sér brot gegn rétti þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Ivanova hélt því jafnframt

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

fram að brotið hefði verið gegn rétti hennar samkvæmt 1. gr. 1. viðauka. Kærendur héldu því einnig fram að þau hefðu ekki haft neitt raunhæft úrræði til að leita réttar síns í skilningi 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að þó að Ivanova ætti ein lagalegan rétt hvað varðaði húsið hefðu báðir kærendur búið þar til fjölda ára og væri húsið heimili þeirra beggja. Ákvörðunin um niðurrif hússins fæli þar af leiðandi í sér takmörkun á réttindum þeirra beggja í skilningi 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn áréttaði að takmörkunin hefði átt sér stað í lögum og féllst þar að auki á að niðurrif hússins hefði stefnt að lögmætu markmiði. Dómstóllinn benti jafnframt á að ólöglegar byggingar væru útbreitt vandamál í Búlgaríu og taldi að líta mætti á reglusetningar yfirvalda í þeim efnunum sem aðgerð til að firra glundroða eða tryggja efnalega farsæld þjóðarinnar í skilningi 8. gr. sáttmálans. Hins vegar, hvað varðaði nauðsyn takmörkunarinnar, taldi dómstóllinn að yfirvöld hefðu ekki tekið mið af þeim málsmeðferðarreglum sem krafist er samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins. Samkvæmt henni væri skýrt að ef einstaklingar ættu á hættu að missa heimili sín ættu þeir undantekningarlaust að fá að bera slíka ákvörðun undir sjálfstæðan og óvilhallan dómstól sem metið gæti hvort yfirvöld hefðu gætt meðalhófs við ákvörðunina. Dómstóllinn benti á að Ivanova hefði borið ákvörðunina um niðurrif hússins undir dómstóla sem hefðu ekki tekið neina afstöðu til þeirra einstaklingsmiðuðu málsástæðna sem hún lagði fram, enda gerðu lög ekki ráð fyrir því. Því taldi dómstóllinn að ómögulegt hefði verið fyrir kærendur að fá fullnægjandi mat dómstóla á því hvort yfirvöld hefðu gætt meðalhófs við ákvörðunina. Það að gæta eðlilegs jafnvægis milli réttinda allra hlutadeigandi útheimti skoðun á hinum sérstöku kringumstæðum hvers máls. Aðkoma félagsmálafyrirvalda gæti enn fremur ekki bætt fyrir skort hvað það varðaði, ekki síst þar sem aðkoman hefði aðeins átt sér stað eftir að tilkynning hefði borist um að málið færi fyrir Mannréttindadómstólinn.

Að öllu þessu virtu taldi dómstóllinn að niðurrif hússins, án fullnægjandi endurskoðunar af hálfu dómstóla, fæli í sér brot gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn taldi að þótt fyrirhugað niðurrif hússins teldist vera takmörkun á rétti Ivanova samkvæmt 1. gr. 1. viðauka, hefði ákvörðunin átt sér stað í lögum og verið í samræmi við hag almennings í skilningi ákvæðisins. Húsið hefði verið byggt andstætt byggingarlögum og gæti ákvörðun um niðurrif slíkra húsa þjónað þeim tilgangi að hafa fyrirbyggjandi áhrif hvað varðaði það útbreidda ástand í Búlgaríu að reisa ólöglegar byggingar.

Í ljósi þess, og með hliðsjón af svigrúmi ríkisins til mats, taldi dómstóllinn því ekki hafa verið brotið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans og taldi enn fremur ekki þörf á að taka afstöðu til annarra kæruatriða um brot á öðrum greinum sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að niðurstaðan um að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans fæli í sér nægilega sanngjarnar miskabætur fyrir kærendur en dæmdi ríkið til að greiða þeim 2.013 evrur í málskostnað.

Einn dómari skilaði séráliti.

Buchleither gegn Þýskalandi

Dómur frá 28. apríl 2016

Mál nr. 20106/13

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Umgengnisréttur. Nálægðarreglan.

1. Málsatvik

Kærandi, Lucian Buchleither, er þýskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1965 og býr í Rastatt, Þýskalandi. Málið varðaði þá ákvörðun að neita honum um umgengnisrétt við dóttur sína um óákveðinn tíma. Kærandi sleit samvistum við barnsmóður sína skömmu eftir fæðingu barnsins árið 2003, en árið 2010 fór kærandi fram á að njóta umgengnisréttar við dóttur sína. Í apríl 2011 var umgengni ákveðin tvisvar sinnum í mánuði af undirrétti og umsjónarmaður skipaður til að hafa eftirlit með umgengninni.

Málið fór fyrir áfrýjunardómstól sem hlýddi á afstöðu beggja foreldra, barnsins sjálfs og sérfræðings og ákvað í kjölfarið að synja kæranda um umgengnisrétt við dóttur sína um óákveðinn tíma. Talið var barninu fyrir bestu að njóta ekki umgengni við föður sinn þar sem þau hefðu ekki haft samskipti í fjölda ára. Það væri jafnframt skýr vilji dótturinnar að hitta ekki föður sinn og jafnframt hefði togstreitu gætt hjá henni vegna deilna á milli foreldranna.

Stjórnlagadómstóll neitaði að taka mál kæranda til meðferðar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að neita honum um umgengni við dóttur sína hefði verið brotið gegn rétti hans til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að nauðsynlegt væri að skoða málið heildstætt þegar meta ætti hvort aðgerðir yfirvalda rúmuðust innan þess sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr. sáttmálans og undirstrikaði að það sem börnum sé fyrir bestu skyldi alltaf veða þungst í málum sem þau varða. Í fyrirbyggjandi máli væri það hlutverk dómstólsins að meta ákvarðanir innanlandsyfirvalda í ljósi sáttmálans með tilliti til svigrúms ríkisins til mats.

Dómstóllinn áréttaði einnig að jafnvægis yrði að gæta milli hagsmuna barnsins og foreldranna, en þó ætti reglan um það sem barni sé fyrir bestu ávallt að hafa sérstakt vægi. Dómstóllinn taldi ljóst að niðurstaða dómstóla um að synja kæranda umgengni við dóttur sína hefði byggst á mati um hvað barninu væri fyrir bestu, þar sem sérstaklega væri litið til vilja barnsins og álits sérfræðings í málinu. Dómstóllinn áréttaði einnig sérstaklega að ákvarðanir þar sem umgengnisréttur er afnuminn ættu ekki að vera varanlegs eðlis, heldur endurmetnar með reglulegu millibili nema slíkt gengi gegn hagsmunum barnsins.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dómstóllinn tók enn fremur fram að áfrýjunardómstóllinn hefði ítrekað mikilvægi þess að foreldrar bættu samskiptin sín á milli þar sem sýnt hefði verið fram á togstreitu hjá barninu og að samkvæmt landslögum hefði kærandi getað farið fram á endurskoðun ákvörðunarinnar síðar. Því hefði ekki verið um endanlega niðurstöðu að ræða sem ekki væri unnt að breyta.

Að öllu þessu virtu, og með hliðsjón af nálægðarreglunni, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið um brot á 8. gr. sáttmálans að ræða.

Þrír dómarrar skiluðu séráliti.

Winterstein o.fl. gegn Frakklandi

Dómur frá 28. apríl 2016

Mál nr. 27013/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Heimili. Hjólhýsi. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandur eru 25 franskir ríkisborgarar, sem kvarta fyrir eigin hönd og ólöggráða barna sinna, og samtökin International Movement ATD Fourth World. Flestir kæranda búa í hjólhýsum í bænum Herblay, Val d'Oise, en ríflega 2000 íbúar eru á svæðinu. Meirihluta hjólhýsanna er lagt þar andstætt skipulagi og reglum á svæðinu. Í júlí 2003 og janúar 2005 gáfu yfirvöld út tilskipun um að hjólhýsi eða sambærilegir ferðavagnar væru bannaðir á svæðinu.

Kærandur höfðu búið á svæðinu í fjölda ára en þeir eru hluti af hópi einstaklinga sem telur alls 95 manns sem sest hafði að á svæðinu. Bæjaryfirvöld höfðu mál gegn 40 einstaklingum árið 2004, þar á meðal kærendum, og kröfðust þess að þeir yfirgæfu svæðið þar sem þeir byggju þar í óleyfi. Fallist var á kröfuna og var kærendum gert að yfirgefa svæðið innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu dómsins, ella greiða 70 evra fjársekt á mann fyrir hvern dag umfram það. Áfrýjunardómstóll staðfesti niðurstöðuna og áréttaði að kærandur byggju á svæðinu andstætt viðkomandi skipulagsreglum og að ákvörðun bæjaryfirvalda ætti sér stöð í lögum sem gildi um alla án mismununar. Hinn langi tími sem ábúðin hefði varað gæti ekki myndað rétt til handa kærendum né heldur gæti umburðarlyndi yfirvalda gagnvart þeim verið jafnað til þess.

Kærandur ákváðu að halda ekki áfram með málið fyrir dómstólum þar sem beiðni þeirra um lögfræðiaðstoð var hafnað. Enn hafa bæjaryfirvöld ekki framfylgt dómsniðurstöðunni en margir kærandur hafa þó yfirgefið svæðið af ótta við að verða gert að greiða fjársektir.

Í kjölfar dómsniðurstöðunnar ákváðu yfirvöld að framkvæma félagsfræðilega könnun varðandi fjölskyldurnar sem um ræddi í því skyni að meta einstaklingsmiðaðar þarfir þeirra og möguleika á öðrum úrræðum. Könnunin leiddi í ljós að flestar fjölskyldurnar óskuðu þess að fá að búa á fjölskylduvænu svæði með ferðavagna sína. Staðið hafði til að yfirvöld skipulegðu slíkt svæði, en þær áætlanir höfðu ekki gengið eftir. Fjórðum fjölskyldum var útvegað félagslegt húsnæði árið

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

2008 í samræmi við óskir þeirra en tvær fjölskyldur fluttust til annarra landshluta. Aðrir kærendur búa ýmist enn á upprunalegum stað eða við aðrar ótryggar aðstæður þaðan sem þeim kann að vera vísað burt hvenær sem er.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að aðgerðir yfirvalda um að skylda þá til að yfirgefa svæðið þar sem þeir hefðu búið til fjölda ára, fælu í sér brot á rétti þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og 14. gr. sáttmálans um bann við mismunun.

Niðurstæða

Mannréttindadómstóllinn tók fram að kærendur hefðu búið á umræddu svæði í langan tíma og að sumir þeirra hefðu jafnvel fæðst þar. Dómstóllinn taldi enn fremur ljóst að hjólhýsin teldust til heimilis þeirra í skilningi sáttmálans án tillits til þess hvort ábúð þeirra á landinu væri lögmæt. Þá taldi dómstóllinn að málið varðaði einnig rétt þeirra til fjölskyldu- og einkalífs þar sem stórt samfélag hefði myndast á svæðinu og að fjölskyldu- og félagstengsl væru á milli þeirra. Dómstóllinn tók jafnframt fram að takmörkunin hefði átt sér stöð í lögum og hefði stefnt að því lögmæta markmiði að vernda viðkomandi umhverfi.

Hvað varðaði spurninguna um hvort meðalhófs hefði verið gætt tók dómstóllinn eftirfarandi atriði til skoðunar: Í fyrsta lagi hefðu bæjaryfirvöld þolað viðveru kæranda yfir langt tímabil áður en þau gerðu tilraun til þess að vísa þeim burt árið 2004. Í öðru lagi hefði ákvörðun bæjaryfirvalda eingöngu grundvallast á þeim rökum að kærendur byggju á svæðinu andstætt því skipulagi sem þar gildi.

Dómstóllinn áréttaði að einstaklingar sem ættu á hættu að missa heimili sín ættu undantekningarlaust að fá að bera slíka ákvörðun undir sjálfstæðan og óvilhallan dómstól sem metið gæti hvort yfirvöld hefðu gætt meðalhófs við ákvörðunina. Í fyrirliggjandi máli hefðu dómstólar fyrirskipað útburð án þess að meta sérstaklega hvort meðalhófs hefði verið gætt við ákvörðunina. Dómstólar hefðu auk þess ekki gætt eðlilegs jafnvægis milli þeirra hagsmuna sem vógust á í málinu.

Dómstóllinn tók fram að samkvæmt meðalhófsreglunni hefði einnig átt að taka sérstakt tillit til þeirra afleiðinga sem útburðurinn hefði í för með sér fyrir kærendur sem tilheyrðu viðkvæmum minnihlutahópi. Það hefði aðeins verið gert að hluta til í fyrirliggjandi máli en að mati dómstólsins hefði ekki verið tekið fullnægjandi tillit til þarfa þeirra fjölskyldna sem óskuðu eftir að búa á fjölskylduvænu svæði með ferðavagna sína.

Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans hvað varðaði alla kærendur þar sem þeim hefði ekki verið gert kleift að fá fullnægjandi mat á því hvort yfirvöld hefðu gætt meðalhófs við takmörkunina. Enn fremur taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans í tilvikum þeirra kæranda sem óskuðu eftir að búa á fjölskylduvænu svæði.

Dómstóllinn taldi að ekki væri tímabært að taka afstöðu til bótakröfunnar í málinu og var því ákvörðun um bætur frestað.

Biao gegn Danmörku

Dómur frá 24. maí 2016 – Yfirdeild

Mál nr. 38590/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Innflytjendur. Búsetuleyfi.

1. Málsatvik

Kærendur eru tveir. Fyrri kærandi, Ousmane Ghanian Biao, er danskur ríkisborgari og fæddur árið 1971. Seinni kærandi, Asia Adamo Biao, er eiginkona fyrri kæranda. Hún er frá Ghana og fædd árið 1979. Þau eru búsett í Malmö í Svíþjóð.

Fyrri kærandi er fæddur í Togo þar sem hann bjó þangað til hann varð sex ára gamall. Þá fluttist hann til Ghana þar sem hann bjó með frænda sínum til 21 árs aldurs. Árið 1993 kom fyrri kærandi til Danmerkur og eftir að hafa kvænst dönskum ríkisborgara árið 1994 fékk hann búsetuleyfi. Næstu ár lærði hann dönsku og vann í Danmörku og fékk að lokum danskan ríkisborgararétt árið 2002.

Fyrri kærandi skildi við fyrstu eiginkonu sína árið 1998. Árið 2003 kvæntist hann seinni kæranda sem fædd er og uppalin í Ghana. Þegar fyrri og seinni kærandi gengu í hjónaband hafði seinni kærandi aldrei komið til Danmerkur né kunnir hún dönsku.

Stuttu eftir giftinguna óskaði seinni kærandi eftir búsetuleyfi í Danmörku, en þeirri beiðni var hafnað af útlendingastofnun árið 2003. Yfirvöld töldu að kærendur uppfylltu ekki tengslaskilyrði útlendingalöggjafarinnar, en samkvæmt því skilyrði gat sá sem óskaði eftir búsetuleyfi á grundvelli sameiningar fjölskyldu ekki átt sterkari tengsl við annað land en Danmörku. Yfirvöld töldu að kærendur gætu frekar sest að í Ghana þar sem seinni kærandi hafði ávallt búið og fyrri kærandi gengið í skóla.

Árið 2006 kærðu kærendur þessa ákvörðun. Þau töldu að þeim væri mismunað samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu. Þau töldu sérstaklega að breyting á útlendingalöggjöfinni árið 2003, þar sem tengslaskilyrðið var afnumið fyrir þá sem höfðu haft danskan ríkisborgararétt í meira en 28 ár, fæli í sér mismunun á milli tveggja hópa ríkisborgara, þ.e. þeirra sem fæddust í Danmörku og þeirra sem fengu ríkisborgararétt síðar á lífsleiðinni. Dómstóll komst að því að 28 ára regla útlendingalöggjafarinnar fæli ekki í sér brot á sáttmálanum.

Þeim dómi áfrýjuðu kærendur til hæstaréttar Danmerkur í janúar 2010. Hann komst að þeirri niðurstöðu að tengslaskilyrðið hefði upphaflega átt við alla danska ríkisborgara á þeim grundvelli að sumir danskir ríkisborgarar væru ekki sérstaklega vel aðlagaðir dönsku samfélagi. 28 ára reglan hefði svo verið sett í lög til þess að slaka á tengslaskilyrðinu fyrir þá ríkisborgara sem hefðu verið ríkisborgarar í meira en 28 ár, en markmið þeirrar reglu var að slaka á tengslaskilyrðinu fyrir þá sem almennt mætti segja að hefðu sterk tengsl við Danmörku. Hæstiréttur komst að lokum að þeirri niðurstöðu að engin mismunun hefði átt sér stað.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Meðan á málaferlum stóð kom seinni kærandi til Danmerkur sem ferðamaður. Kærendur fluttust til Malmö í Svíþjóð 2003 þar sem þau eignuðust son árið 2004. Sonur kæranda er danskur ríkisborgari.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að ákvörðun um að hafna að gefa seinni kæranda búsetuleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar hefði brotið á rétti þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, sbr. 8. gr. sáttmálans. Kærendur töldu einnig að breytingin á útlendingalöggjöfinni frá 2003, þ.e. 28 ára reglan, mismunaði ríkisborgurum í skilningi 14. gr. sáttmálans. Töldu kærendur að 28 ára reglan mismunaði sérstaklega á grundvelli kynþáttar þar sem yfirgnæfandi líkur væru á því að þeir ríkisborgarar, sem gætu nýtt sér 28 ára regluna, væru danskir að uppruna en að þeir sem gætu það ekki væru yfirleitt fæddir utan Evrópu.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn ítrekaði að samningsríki hafi rétt til þess að stjórna búsetu og flæði innflytjenda um landsvæði sitt. 8. gr. sáttmálans skyldar ekki samningsríki til að virða val innflytjenda á landi til búsetu né heldur að verða við óskum um sameiningu fjölskyldu innan landamæra sinna. Skylda samningsríkis til að hleypa ættingjum einstaklinga, er búa innan landamæra þess, inn í land sitt er breytileg og tekur mið af aðstæðum hvers einstaklings fyrir sig og almennum hagsmunum á hverjum tíma.

Í máli kæranda komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að dönsk yfirvöld hefðu náð góðu jafnvægi á milli þeirra almannahagsmuna sem felast í góðri stjórn á landamærum og sérhagsmuna kæranda á því að fá að sameina fjölskyldu sína.

Fyrri kærandi hafði mjög sterk tengsl við Togo, Ghana og Danmörku og seinni kærandi hafði mjög sterk tengsl við Ghana, en engin tengsl við Danmörku önnur en þau að hafa gifst dönskum ríkisborgara.

Enn fremur höfðu dönsk yfirvöld aldrei lofað kærendum að verða við búsetubeiðni kæranda. Þar sem tengslaskilyrðið hafði verið í gildi þegar kærendur giftu sig hefðu þau mátt vita að fjölskyldulíf í Danmörku yrði erfitt í ljósi stöðu seinni kæranda sem innflytjanda. Auk þessa hafði fyrri kærandi viðurkennt að fengi hann vinnu í Ghana gætu hann og fjölskylda hans sest þar að. Með þessum rökstuðningi komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 14. gr.: Til þess að um brot á 14. gr. sé að ræða þarf mismunun að eiga sér stað á milli einstaklinga í svipuðum eða eðlislíkum aðstæðum. Slík mismunandi meðferð er brotleg ef hún hefur enga hlutlæga eða réttlætanagera ástæðu.

Að mati dómstólsins hafði kærendum mistekist að sanna efnislega að þeim hefði verið mismunað á grundvelli kynþáttar. Dómstóllinn tók fram að kynþáttur væri ekki efnisatriði í 28 ára reglunni. Hins vegar komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að kærendur hefðu fengið aðra meðferð en þeir dönsku ríkisborgarar

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

er voru búnir að búa í Danmörku í meira en 28 ár sem ríkisborgarar. Hvað varðaði þá mismunandi meðferð tók dómstóllinn fram að á þeim tíma sem kærendur lögðu fram beiðni sína um búsetuleyfi hefðu tengsl þeirra við Danmörku greinilega ekki verið sterkari en tengsl þeirra við önnur lönd. Enn fremur hefði fyrri kærandi aðeins verið danskur ríkisborgari í tvö ár árið 2004 þegar kærendum var neitað um búsetuleyfi. Að neita kærendum um undanþágu frá tengslaskilyrðinu einungis tveimur árum eftir að fyrri kærandi varð ríkisborgari taldist að mati dómstólsins ekki fara gegn markmiðum 28 ára reglunnar. Að þessu virtu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 14. gr. sáttmálans.

Tveir dómarmar skiluðu séráliti sem þó var sammála niðurstöðum meirihlutans. Þrír dómarmar skiluðu séráliti gegn niðurstöðu meirihlutans.

Chapin og Charpentier gegn Frakklandi

Dómur frá 9. júní 2016

Sjá reifun dómsins undir 12. gr.

Kynhneigð. Hjónaband samkynhneigðra. Réttur til fjölskyldulífs.

Aldeguer Tomás gegn Spáni

Dómur frá 14. júní 2016

Mál nr. 35214/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Sambúð samkynhneigðra. Fjölskyldulíf. Almennatryggingar.

1. Málsatvik

Kærandi, Antonio Aldeguer Tomás, er spænskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1955 og búsettur í Madrid á Spáni.

Maki kæranda, sem hafði búið með honum í samkynhneigðu sambandi frá árinu 1990, lést árið 2002. Árið 2003 óskaði kærandi eftir greiðslum frá almennatryggingum sem eftirlifandi maki. Almennatryggingastofnun hafnaði ósk kæranda um slíkar greiðslur á þeim forsendum að kærandi hefði ekki verið giftur maka sínum.

Eftir að löggjöf um hjónaband samkynhneigðra tók gildi árið 2005 lagði kærandi fram stjórnslukæru vegna ákvörðunar almennatryggingastofnunar. Hún vísaði kæranni frá og benti á að skv. nýju lögnum gæti kærandi ekki fengið skráningu sem ekkill látins maka síns. Kærandi var ósáttur við þessa niðurstöðu og kærði málið til dómstóla. Í nóvember 2005 dæmdi dómstóll á Spáni kæranda í vil og tók fram að meta yrði mál kæranda út frá nýju lögnum um hjónaband samkynhneigðra.

Dómstóllinn minnti í dómi sínum á gamalt ákvæði í lögnum sem lögleiddu skilnað hjóna árið 1981. Ákvæði þetta veitti eftirlifandi sambúðarmaka í gagnkynhneigðu sambandi sem svipaði til hjónabands án þess þó að vera það sökum þess að annar eða báðir aðilar voru enn giftir einhverjum öðrum en gátu ekki skilið sökum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

banns við skilnaði, rétt til að fá greiðslur frá almannatryggingum sem eftirlifandi maki. Dómstólnum fannst það ekki tækt að fara öðruvísi með mál þeirra sem ekki gátu gíft vegna banns við skilnaði og þeirra sem ekki gátu gíft vegna kynhneigðar sinnar. Mismunun á milli þessara hópa væri í andstöðu við markmið laganna sem lögleiddu hjónaband samkynhneigðra.

Almannatryggingastofnun áfrýjaði málinu til efra dómstigs sem sneri dóminum við. Í dómi efra dómstigs kom fram að lögum um hjónaband samkynhneigðra hafði ekki verið ætlað að taka til samkynhneigðra sambanda sem höfðu endað vegna andláts áður en lögin tóku gildi. Umrædd lög hefðu því engin afturvirk áhrif.

Áfrýjun kæranda til hæstaréttar var vísað frá.

2. Meðferð máls hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs hans, sbr. 8. gr. sáttmálans. Hann taldi einnig að honum hefði verið mismunað og væri það brot á 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn staðfesti að samband kæranda og látins maka hans félli undir skilgreiningu hugtaksins „fjölskyldulífs“ skv. 8. gr. sáttmálans, enda væri slíkt í samræmi við nýlega dómaframkvæmd dómstólsins.

Kærandi hafði haldið því fram að aðstæður hans væri svipaðar eða eins og aðstæður eftirlifandi maka í gagnkynhneigðu sambandi sem gat fengið greiðslur frá almannatryggingum á grundvelli ákvæðis í skilnaðarlögunum frá 1981. Spænska ríkið hafði á hinn bóginn haldið því fram að að þessar aðstæður væru ekki sambærilegar þar sem samkynhneigð pör hefðu alls ekki getað gengið í hjúskap fyrr en með lögleiðingu árið 2005 en að einstaklingar, sem féllu undir umrætt ákvæði skilnaðarlaganna frá 1981, hefðu aftur á móti getað það. Dómstóllinn viðurkenndi að margt væri svipað við báðar aðstæður, en þó ekki svo að aðstæður væru sambærilegar. Hann tók fram að markmið umrædds ákvæðis skilnaðarlaganna hefði verið annað, þ.e. að rétta hlut kvenna fjárhagslega.

Dómstóllinn vísaði í fyrri dómsframkvæmd sína varðandi hjónaband samkynhneigðra og tók fram að dómstóllinn hefði áður staðfest að sammingsríkin hefðu ákveðið svigrúm til mats þegar kæmi að lögleiðingu og viðurkenningu á hjónabandi samkynhneigðra. Sammingsríkin hefðu því ákveðið svigrúm til að meta að hvaða leyti réttindi tengd hjónabandi yrðu veitt samkynhneigðum pörum.

Að þessu virtu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið á 8. og 14. gr. sáttmálans.

Versini-Campinchi og Crasnianski gegn Frakklandi

Dómur frá 16. júní 2016

Mál nr. 49176/11

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Símhleranir. Lögmenn. Notkun afrita hlerana.

1. Málsatvik

Kærendur eru tveir. Fyrri kærandi, Jean-Pierre Versini-Campinchi, er franskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1939 og búsettur í París. Seinni kærandi, Tania Crasnianski, er franskur ríkisborgari. Hún er fædd árið 1971 og búsett í París.

Árið 2000 hófst rannsókn í kjölfar fjölmargra dauðsfalla sem talið var að tengdust kúariðutilfellum. Fyrirtækið Districoupe, dótturfélag Buffalo Grill veitingastaðakeðjunnar, var grunað um að hafa brotið innflutningsbann á nautakjöti frá Bretlandi sem á þeim tíma var að kljást við kúariðufaraldur. Fyrri kæranda, sem er lögmaður, var falið að verja hagsmuni Picart, framkvæmdastjóra Districoupe og stjórnarformann Buffalo Grill. Seinni kærandi, sem einnig er lögmaður, aðstoðaði fyrri kæranda í málinu.

Samkvæmt fyrirskipun dómara 2. desember 2002 var sími Picart hleraður. Símtöl milli Picart og kæranda voru tekin upp. Þann 17. desember 2002 var Picart handtekinn og daginn eftir var hann ákærður ásamt fleirum.

Þann 12. maí 2003 var mál um lögmæti símhlerananna tekið fyrir hjá áfrýjunardómstól Parísar. Dómstóllinn ógilti afritið af samtali fyrri kæranda og Picart frá 24. janúar 2003 á þeim grundvelli að það samtal varðaði rétt Picart til að verja sig í dómsmáli. Önnur afrit af símtölum kæranda og Picart voru hins vegar ekki ógild þar sem dómstóllinn taldi innihald þeirra benda til þess að kærendur hefðu brotið faglegar reglur lögmennastéttarinnar.

Samhliða þessu sendi saksóknari í málinu bréf til lögmannafélags Parísar. Í bréfinu óskaði hann eftir því að lögmannafélagið hæfi agabrotamálsmeðferð gegn kærendum. Þann 21. mars 2003 hóf lögmannafélagið slíka málsmeðferð gegn kærendum. Kærendur lögðu fram kröfu um að afritið af samtali seinni kæranda og Picart frá 17. desember 2003 yrði ekki lagt fram sem sönnunargagn í málinu þar sem hlerunin hefði verið ólögleg. Lögmannafélagið hafnaði þessari kröfu. Lögmannafélagið komst að lokum að þeirri niðurstöðu að ummæli seinni kæranda í símtali sínu við Picart 17. desember 2003 hefðu brotið gegn 63. gr. hegningarlaga og að með þeim ummælum hefði seinni kærandi brotið trúnaðarskyldu sína sem lögmaður. Þar sem seinni kærandi hafði unnið undir stjórn fyrri kæranda ákvað lögmannafélagið að telja þau samsek. Lögmannafélagið ógilti lögmennsréttindi kærendanna tímabundið.

Kærendur áfrýjuðu málinu án árangurs.

2. Meðferð máls hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að símhlerunin og notkun afrita af þeirri hlerun í agabrotamáli gegn þeim hefði brotið gegn friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs þeirra, sbr. 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að hlerun og afritun á samtali seinni kæranda og Picart 17. desember 2002 hefði verið truflun á friðhelgi einkalífs þeirra. Sú staðreynd að afrit hleraða samtalsins voru síðar notuð í máli gegn seinni kæranda fól einnig í sér fhlutun í einkalíf kæranda. Varð dómstóllinn því næst að skoða hvort truflunin og fhlutunin væru réttlætningar.

Lagalegan grundvöll var að finna í 100. gr. sakamálalaga. Samkvæmt henni var símhlerun, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, leyfileg. Slík símhlerun leiddi, eðli málsins samkvæmt, af sér að samtöl við þriðja aðila voru hleruð líka.

Dómstóllinn tók fram að hann hefði áður samþykkt að 100. gr. sakamálalaganna væri fullnægjandi lagaheimild fyrir hlerun. Hins vegar væri ekkert í ákvæðinu sem tæki á því álitamáli hvað gera mætti við orð sem þriðji aðili segði í símtali við þann sem verið væri að hlera. Tók dómstóllinn sérstaklega fram að óljóst væri hvort nota mætti ummæli sem þriðji aðili hefur uppi gegn honum í dómsmáli sem er ótengt því dómsmáli sem hlerunin snýst um.

Dómstóllinn tók fram að lagatúlkunardómstóllinn hefði áður dæmt að í undantekningartilvikum kynni hlerað samtal lögmanns og skjólstæðings að vera notað sem sönnunargagn ef líklegt þætti að lögmaðurinn væri samsekur skjólstæðingi sínum. Hins vegar hefði það aðeins verið í þessu tiltekna máli sem áfrýjunardómstóllinn taldi að sama regla gildi þegar glæpur lögmannsins var ótengdur þeim glæp sem hlerunin beindist að. Væri túlkun reglunnar í þessu máli því einsdæmi. Dómstóllinn taldi þó að þessu virtu að seinni kærandi hefði, í ljósi stöðu sinnar sem lögmaður, mátt gera ráð fyrir því að símtöl skjólstæðings hennar væru hleruð. Hefði kærandi því mátt vita að þau orð sem hún sagði væru hleruð og til þess fallin að fella á hana sök. Að öllu þessu virtu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að truflunin á einkalífi kæranda hefði verið í samræmi við lög.

Dómstóllinn taldi að notkun afrita af hleruðum samtölum sem sönnunargögn gegn kæranda í agabrotamáli hefði stefnt að lögætu markmiði samkvæmt 8. gr., þ.e. að firra glundroða eða glæpum.

Umræddar hleranir voru fyrirskipaðar af dómara og dómari hafði yfirumsjón með framkvæmd þeirra. Lagalegt gildi hlerananna var síðar endurskoðað af dómstólum í sakamáli gegn Picart og í tengslum við agabrotamál seinni kæranda. Höfðu kærandur því notið aðgangs að dómstólum og dómstólar höfðu haft möguleika á endurskoðun. Voru því margir öryggisventlar til staðar til að takmarka fhlutun í einkalíf kæranda.

Samtal seinni kæranda og Picart þann 17. desember 2002 var samtal milli lögmanns og skjólstæðings. Dómstóllinn tók fram að þó svo trúnaðar- og þagnar-

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

skylda lögmanna væri einstaklega mikilvæg væri sú skylda ekki án undantekninga. Þessu til stuðnings vísaði dómstóllinn í dómaframkvæmd sína. Samkvæmt frönskum lögum væri trúnaðar- og þagnarskylda lögmanna vernduð þannig að ekki væri heimilt að afrita eða taka upp samtöl lögmanns og skjólstæðings hans. Aðeins ein undantekning væri á þessari reglu, sú að afrita mætti samtöl lögmanns og skjólstæðings í þeim tilvikum þegar lögmaðurinn væri sjálfur að taka þátt í glæpum. Í 100. gr. sakamálaganna kom einnig fram að algjörlega óheimilt væri að afrita samtöl lögmanns og skjólstæðings sem snerust um vörn skjólstæðingsins. Afritun á slíkum samtölum yrði dæmd ógild.

Dómstóllinn taldi að þessu virtu að þar sem grundvöllur trúnaðar- og þagnarskyldu lögmanna væri að vernda rétt skjólstæðingsins til að halda uppi vörnum í dómsmáli væri ekkert því til fyrirstöðu að nota orð lögmanns, sem hann segir í hleruðu samtali við skjólstæðing, sem sönnunargögn fyrir meintum glæpum lögmannsins sjálfs, svo lengi sem slíkt takmarkaði ekki rétt skjólstæðingsins til að halda uppi vörnum. Dómstóllinn taldi að þessi undantekningarregla væri nægjanlega skýr og þröng.

Dómstóllinn taldi að réttur skjólstæðings kæranda til að halda uppi vörnum hefði ekki verið takmarkaður með hlerun samtals hans og kæranda, þar sem hlerunin var ekki notuð gegn honum í dómsmáli, heldur var hún notuð í agabrotamáli gegn lögmanni hans.

Niðurstaða dómstólsins var því að þar sem orð kæranda í hleraða símtalinu voru aðeins notuð gegn kæranda sjálfum en ekki skjólstæðingi hans, og þar sem þetta kom ekki niður á vörn skjólstæðingsins í sakamáli gegn honum, hefði trúnaðar- og þagnarskyldan ekki átt við. Hefði því verið heimilt að nota hleraða samtalið sem sönnunargagn gegn kæranda í agabrotamáli og truflunin á einkalífi kæranda hefði því haft lögmætt markmið, þ.e. að firra glundroða og glæpum, og verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi. Væri því ekki um brot á 8. gr. að ræða.

Ramadan gegn Möltu

Dómur frá 21. júní 2016

Mál nr. 76136/12

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Afturköllun ríkisborgararéttar.

1. Málsatvik

Kærandi, Louay Ramadan, fæddist í Egyptalandi árið 1964. Hann er að því er virðist ríkisfangslaus og búsettur í Hamrun á Möltu.

Kærandi var upprunalega egypskur ríkisborgari en varð maltneskur ríkisborgari árið 1993 þegar hann kvæntist maltneskum ríkisborgara. Kærandi varð þá að afneita egypskum ríkisborgararétti sínum því á þeim tíma var ekki heimilt samkvæmt maltneskum og egypskum lögum að bera tvöfalt ríkisfang. Kærandi og eiginkona hans eignuðust barn saman árið 1994. Hjónaband kæranda var ógilt í janúar 1998. Grundvöllur ógildingarinnar var sá að yfirvöld töldu að um væri að

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

ræða sýndarhjóraband og að eini tilgangur þess hefði verið að tryggja kæranda maltneskan ríkisborgararétt.

Með vísun í þessa ógildingarákvörðun afturkölluðu maltnesk yfirvöld ríkisborgararétt kæranda árið 2007 á þeim grundvelli að kærandi hefði fengið ríkisborgararétt sinn með svikum. Kærandi og lögmaður hans fengu að tjá sig fyrir framan viðeigandi yfirvöld áður en ákvörðunin var tekin. Kærandi áfrýjaði þessari ákvörðun til stjórnlagadómstólsins án árangurs. Kærandi gekk aftur í hjónaband árið 2003 og gekk að eiga rússneskan ríkisborgara. Með þeim maka á kærandi tvö börn sem bæði eru maltneskir ríkisborgarar. Þó að ákvörðunin um að svipta kæranda ríkisborgararétti sé enn í gildi hefur maltneska ríkið ekki tekið nein skref í þá átt að reka kæranda úr landi né hefur nein skipun þess efnis verið gefin út.

2. Meðferð máls hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi bar fram kæru yfir þeirri ákvörðun að svipta hann maltneskum ríkisborgararétti. Taldi kærandi m.a. að sú ákvörðun svipti hann ríkisfangi og að hún gengi gegn rétti hans til fjölskyldulífs, sbr. 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að missir ríkisborgararéttar gæti haft sömu áhrif á fjölskyldu og einkalíf einstaklings og höfnun umsóknar um ríkisborgararétt, jafnvel meiri. Gæti því handahófskennd afturköllun ríkisborgararéttar í sumum tilvikum verið vafaatriði í ljósi 8. gr. sáttmálans.

Ákvörðunin um að afturkalla ríkisborgararétt kæranda hefði hins vegar ekki verið handahófskennd. Ákvörðunin var tekin með skýrri lagaheimild, þ.e. 14. gr. laga um maltneskan ríkisborgararétt, og ákvörðuninni hafði fylgt málsmeðferðarúrræði fyrir kæranda. Sá tími sem leið milli þess að hjónaband kæranda var ógilt 1998 og ákvörðunarinnar um afturköllun ríkisborgararéttar 2007 hafði ekki teljandi neikvæð áhrif á kæranda.

Dómstóllinn taldi að kærandi bæri sjálfur að stórum hluta ábyrgð á þeim atriðum sem hann kvartaði yfir því að kærandi hefði með eigin hegðun, svikum og ákvörðunum valdið því að hann missti ríkisborgararéttinn.

Varðandi þær afleiðingar sem afturköllun ríkisborgararéttar hefur tók dómstóllinn fram að kærandi hefði ekki átt á hættu að vera rekinn úr landi. Kærandi hefði einnig getað haldið áfram að stunda viðskipti sín á Möltu. Enn fremur hefði kærandi átt möguleika á að sækja um búsetuleyfi sem leitt gæti til ríkisborgararéttar. Kærandi hefði heldur ekki fært fram ótvíræða sönnun á því að hann hefði misst egypskan ríkisborgararétt sinn eða gæti ekki fengið hann aftur með lítilli fyrirhöfn.

Með þetta í huga komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Taddeucci og McCall gegn Ítalíu

Dómur frá 30. júní 2016

Mál nr. 51362/09

8. gr. Friðhelgi fjölskyldu og einkalífs

14. gr. Bann við mismunun

Kynhneigð. Búsetuleyfi. Fjölskyldulíf.

1. Málsatvik

Kærandur eru tveir. Fyrri kærandi, Roberto Taddeucci, er ítalskur ríkisborgari fæddur árið 1965. Seinni kærandi, Douglas McCall, er nýsjálenskur ríkisborgari, fæddur árið 1958. Þeir eru samkynhneigt par og búsettir í Amsterdam.

Kærandur bjuggu saman á Nýja-Sjálandi til ársins 2003 þegar þeir fluttust til Ítalíu. Seinni kærandi var fyrst um sinn með tímabundið búsetuleyfi sem nemandi en loks sótti hann um búsetuleyfi á grundvelli fjölskylduadstæðna. Þann 18. október 2004 hafnaði lögreglustjórinn í Livorno umsókn seinni kæranda á þeim grundvelli að lögbundin skilyrði fyrir búsetuleyfi á grundvelli fjölskylduadstæðna væru ekki uppfyllt.

Kærandur lögðu þá fram beiðni á grundvelli reglugerðar nr. 286/1998 um búsetuleyfi fyrir seinni kæranda á grundvelli fjölskylduadstæðna. Þann 5. júlí 2005 varð héraðsdómstóllinn í Flórens við þeirri beiðni þar sem dómstóllinn taldi að 30. gr. reglugerðar 286/1998 ætti að túlka á þann veg að samkynja maki ætti að teljast til fjölskyldu ítalsks ríkisborgara. Þessum úrskurði áfrýjaði innanríkisráðuneyti Ítalíu.

Áfrýjunardómstóll tók málið fyrir og tók fram að nýsjálenska ríkið hefði veitt kærendum stöðu sambúðaraðila en ekki stöðu fjölskyldumeðlima. Samkvæmt áfrýjunardómstólnum væri mismunandi túlkun lögð í þessi tvö hugtök á Ítalíu, og komst hann að þeirri niðurstöðu að seinni kærandi ætti ekki rétt á búsetuleyfi. Kærandur áfrýjuðu þessum dómi.

Lagatúlkunardómstóllinn vísaði máli þeirra frá dómi en tók fram að samkvæmt reglugerð nr. 286/1998 ætti hugtakið „fjölskylda“ aðeins við um maka í hjúskap, börn undir lögdri, fullorðin börn á framfæri foreldra af heilsufarsástæðum, og ættingja sem væru án framfærslu í upprunalandi. Dómstóllinn tók einnig fram að stjórnlagadómstóllinn hefði útilokað að veita sambúðarmaka sömu réttindi og vernd sem fjölskyldumeðlimur fengi. Að lokum tók hann fram að 8. gr. og 12. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu veitti samningsríkjum viðamikið svigrúm til mats.

2. Meðferð máls hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur höfðu verið par síðan 1999 og búið á Nýja-Sjálandi þegar þeir fluttust til Ítalíu. Þeir töldu að þeir hefðu orðið fyrir mismunun á grundvelli kynhneigðar sinnar þegar ítölsk yfirvöld neituðu að veita seinni kæranda búsetuleyfi á grundvelli fjölskylduadstæðna. Vísuðu þeir í 14. og 8. gr. sáttmálans varðandi þetta atriði.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði í fyrri dóm sinn í máli *Schalk og Kopf gegn Austurríki* og tók fram að ekki væri hægt að segja að samkynhneigð pör gætu ekki átt fjölskyldulíf skv. 8. gr. Átti 8. gr. því við í málinu.

Dómstóllinn tók fram að ákvörðun um að hafna að veita seinni kæranda búsetuleyfi hefði þýtt að hann þyrfti lagalega séð að yfirgefa Ítalíu, sem hefði þýtt að sambúð kæranda í landinu varð ómöguleg. Hefði ákvörðunin því truflað kjarnaatriði fjölskyldulífs þeirra og rétt þeirra til þess. Dómstóllinn benti á að þessi truflun á fjölskyldulífi kæranda hefði byrjað þegar seinni kæranda var fyrst neitað um búsetuleyfi 2004 og endað þegar dómstóll vísaði áfrýjun kæranda frá dómi 2009. Eftir það höfðu kærundur ákveðið að flytjast til Hollands. Truflunin á fjölskyldulífi kæranda hefði því varað í rétt tæp fimm ár.

Dómstóllinn tók fram að samkvæmt dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins gæti einungis verið um mismunun skv. 14. gr að ræða þegar farið væri á mismunandi hátt með persónur í sambærilegri stöðu, eða þegar ekki væri farið á mismunandi hátt með persónur í mismunandi stöðu. Dómstóllinn tók í þessu sambandi fram að ógiftir sambúðarmakar féllu ekki undir skilgreininguna á hugtakinu fjölskyldumeðlimur, hvort sem þeir væru af sama kyni eða ekki. Hefðu kærundur því verið í svipaðri aðstöðu og ógiftir gagnkynhneigðir makar. Hins vegar væri aðstaða kæranda ekki svipuð aðstöðu gagnkynhneigðra para þar sem ómögulegt hefði verið fyrir samkynhneigða að stofna til hjúskapar á þeim tíma þegar atvik málsins áttu sér stað og höfðu kærundur því engan möguleika á að uppfylla skilyrði fjölskylduhugtaksins. Þröng túlkun á fjölskylduhugtakinu takmarkaði því rétt samkynhneigðra meira en gagnkynhneigðra því að gagnkynhneigð pör hefðu alltaf átt möguleika á að uppfylla skilyrðið.

Par sem aðstaða kæranda, þ.e. samkynhneigt par sem gat stofnað til hjúskapar, var ekki sú sama og aðstaða gagnkynhneigðra para sem ákváðu að gifta sig ekki, varð dómstóllinn að kanna hvort fara hefði átt á ólíkan hátt með þessa tvo hópa. Dómstóllinn ályktaði að ítölsk lög væru ekki mismunandi fyrir ógift pör, hvort sem í hlut ættu gagnkynhneigð eða samkynhneigð pör. Hins vegar væri hugtakið fjölskyldumeðlimur alltaf takmarkað við gagnkynhneigð pör. Ítalska ríkinu hefði því, án nokkurra réttlættingarástæðna, mistekist að taka tillit til samkynhneigðra para þegar lög in um búsetuleyfi voru sett.

Í ljósi hinnar ólíku stöðu sem kærundur voru í miðað við ógift gagnkynhneigð pör komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ítalska ríkið hefði brotið gegn 14. gr. sáttmálans, tekinni saman með 8. gr., með því að taka á máli þeirra með sama hætti og máli ógiftra gagnkynhneigðra para.

Ítalska ríkinu var gert að greiða kærendum 20.000 evrur í miskabætur og 18.924 evrur í málskostnað.

Tveir dómarar skilufu séráliti.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Kalda gegn Eistlandi

Dómur frá 19. janúar 2016

Mál nr. 17429/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fangar. Jákvæðar skyldur. Réttur til að taka við upplýsingum. Forvörn glæpa og ringulreiðar.

1. Málsatvik

Kærandi sem er fangi var meinaður aðgangur að nokkrum vefsíðum og þar með hindraður í að gera lagalega rannsókn. Ein af síðunum var vefsíða upplýsingastofu Evrópuráðsins. Einnig voru nokkrar þeirra, en ekki allar, öruggir ríkisreknir gagnagrunnar sem höfðu að geyma lög og dómaúrlausnir. Í áfrýjun að frumkvæði kæranda taldi hæstiréttur að það að veita aðgang að síðum umfram það sem fangelsið hafði leyft gæti aukið líkur á því að fangar stunduðu óleyfileg samskipti sem hefðu í för með sér þörf á auknu eftirliti með notkun tölva.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að aðeins væru tilteknar leiðir leyfðar til að fá aðgang að upplýsingum, sérstaklega í gegnum Internetið sem finna mætti á tilteknum vefsíðum og aðgengilegar almenningi.

Niðurstaða

Fangelsun felur óhjákvæmilega í sér ýmiss konar takmarkanir á samskiptum fanga við umheiminn, þar á meðal möguleika þeirra á að fá upplýsingar. 10. gr. yrði ekki túlkuð á þann hátt að hún legði almenna skyldu til að veita föngum aðgang að Internetinu eða að tilteknum vefsíðum. Vegna aðstæðna í þessu máli var föngum samkvæmt innlendum rétti hins vegar veittur takmarkaður réttur til aðgangs að netinu, þar með talinn aðgangur að opinberum gagnagrunnum með lögum og dómaúrlausnum, og því fól takmörkun aðgangs að öðrum vefsíðum, sem einnig höfðu að geyma lagalegar upplýsingar, í sér brot á rétti kæranda til að taka við upplýsingum. Um íhlutunina var mælt í lögum og var lögmætt markmið þeirra að vernda réttindi annarra og koma í veg fyrir ringulreið og glæpastarfsemi.

Sú vefsíða sem kærandi hafði beðið um aðgang að innihélt aðallega lagalegar upplýsingar og upplýsingar varðandi grundvallarréttindi, þar með talið réttindi fanga. Aðgengi að slíkum upplýsingum eflði vitund almennings og virðingu fyrir mannréttindum. Innlendir dómstólar notuðu slíkar upplýsingar og kærandi þurfti þess vegna einnig aðgang að þeim til að vernda rétt sinn í réttarhöldum. Þegar kærandi hafði lagt fram kvörtun sína til innlendra dómstóla voru eistneskar þýðingar á úrlausnum dómstólsins gagnvart ríkinu aðeins aðgengilegar á vefsíðu Evrópuráðsins sem honum hafði verið neitað um aðgang að.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Evrópuráðið og alþjóðasamningar hafa í auknum mæli litið til þess réttar manna að eiga aðgang að Internetinu og því hafa ráðstafanir verið gerðar til að þróa árangursríkar reglur í því skyni að veita alhliða aðgang að netinu og yfirstíga hina „stafrænu gjá“. Þar að auki er æ algengara að þjónusta og upplýsingar séu aðeins aðgengilegar á Internetinu.

Að lokum hafði föngum, samkvæmt innlendum rétti, verið veittur takmarkaður aðgangur að netinu í gegnum tölvur sem voru sérstaklega útbúnar í þeim tilgangi og undir eftirliti fangelsisýfirvalda. Þær framkvæmdir sem voru nauðsynlegar svo föngum væri mögulegt að nota netið höfðu því hvort eða var verið gerðar og hlutaðeigandi kostnaður þegar greiddur af yfirvöldum. Innlendir dómstólar hefðu ekki tekið afstöðu til þess hvort möguleg öryggisáhætta gæti falist í notkun kæranda á umræddum vefsíðum í ljósi þess að þær voru reknar af Evrópuráðinu og af ríkjunum sjálfum. Þá hefði heldur ekki verið sannreynt að það að veita kæranda aðgang af þremur öðrum vefsíðum gæti valdið umtalsverðum aukakostnaði. Með öðrum orðum, þau öryggis- og fjárhagsatriði sem teft var fram af innlendum stjórnvöldum reyndust við nánari skoðun ekki fullnægjandi til að réttlæta takmörkun á rétti kæranda til að taka við upplýsingum.

Niðurstaðan var sú að sex af sjö dómurum töldu að brotið hefði verið gegn 10. gr.

Dómstóllinn taldi að viðurkenning brotsins teldist nægilega sanngjarnar bætur fyrir ófjárhagslegt tjón samkvæmt 41. gr.

De Carolis og France Télévisions gegn Frakklandi

Dómur frá 21. janúar 2016

Mál nr. 29313/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Frelsi til að miðla upplýsingum. Verndun mannorðs og réttinda annarra. Meðalhóf. Gildismat.

1. Málsatvik

Kærandur eru Patrick de Carolis, fæddur 1953 og býr í París, og fyrirtækið France Télévisions. de Carolis var stjórnarformaður ríkissjónvarpsrásarinnar France 3 sem nú er France Télévisions og staðsett í París.

Þann 8. september 2006 sýndi sjónvarprásin France 3 heimildarmynd sem bar nafnið „11 september 2001: The prosecution case“ og rannsakaði af hverju enn hefðu ekki farið fram nein réttarhöld fimm árum eftir atburðinn „9/11“.

Prins Turki Al Faisal bin Abdul Aziz Al Saud (Prins Turki Al Faisal) veitti viðtal í tengslum við heimildarmyndina. Hann var skotmark kvartana frá ættingjum fórnarlambanna sem sökuðu hann um að hafa aðstoðað og fjármagnað talíbana þegar hann stjórnaði leyniþjónustu Sádí-Arabíu.

Þann 7. desember 2006 fór Prins Turki Al Faisal í meiðyrðamál gegn de Carolis, sem forstjóra sjónvarpsrásarinnar, ásamt fréttamönnum þeim sem unnu að myndinni og fyrirtækinu France 3.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Með dómi 2. nóvember 2007 dæmdi sakamáladómstóll Parísar de Carolis og fréttamann seka um að hafa framið ærumeiðingarbrott gegn Prins Turki Al Faisal. Einnig var talið að France 3 bæri bótaábyrgð. Dómstóllinn taldi að hluti ummællanna gagnrýndu prinsinn fyrir að hafa veitt Al-Qaeda efnislegan og fjárhagslegan stuðning þó að vitað væri að þau samtök stunduðu hryðjuverkastarfsemi. Þar með væri gefið í skyn að hann bæri persónulega ábyrgð á árásunum 11. september. Ástæða væri til að ætla að aðeins pólitískar ástæður en ekki skortur á sönnunargögnum gætu útskýrt þá friðhelgi sem hann hefði notið. Þar að auki benti dómstóllinn á að stefndu höfðu ekki reynt að sýna fram á áreiðanleika ummællanna, heldur höfðu þeir byggt vörn sína á að vera í góðri trú. Dómstóllinn taldi að lögmæti heimildarmyndarinnar væri ekki undir í málinu í ljósi þess hve árásirnar 11. september og afleiðingar þeirra voru afdrifaríkar. Dómstóllinn var einnig þeirrar skoðunar að fréttamanninum hefði verið heimilt að vísa sérstaklega til sönnunargagnanna gegn Prins Turki Al Faisal í ljósi stöðu hans og verkefna sem forstjóri leyniþjónustunnar. Að lokum var talið að mikilvægi heimildarmyndarinnar í heild væri ekki umdeilt.

Hins vegar bætti dómstóllinn því við að fréttamenn væru ekki undanþegnir þeirri grundvallarskyldu að beita varfærni og hlutlægni þegar fjallað væri um ásakana sem ekki hefðu komið til kasta dómstóla. Í því sambandi skipti mikilvægi viðfangsefnisins og mikilvæg staða prinsins ekki máli né heldur það ef ætlunin væri að fordæma diplómatiska friðhelgi.

Þann 1. október 2008 staðfesti áfrýjunardómstóll Parísar dóminn. Varðandi vörn stefndu um góða trú tók dómstóllinn þá afstöðu að það lögmæta markmið að miðla upplýsingum væri ekki umdeilt, að heimildarmyndin væri mikilvæg og að í henni kæmi ekki fram persónulegur fjandskapur gagnvart prinsinum. Hins vegar taldi dómstóllinn að fréttamanninum hefði borið að sýna skynsemi og hlutlægni í ljósi þess að hafa vísað til mjög alvarlegra ásakana sem höfðu enn ekki sætt úrlausn dómstóla.

Þann 10. nóvember 2009 vísaði æðri áfrýjunardómstóll áfrýjunarkæru frá á grundvelli lagaatriða þar sem hann taldi að áfrýjunardómstóllinn hefði réttilega metið merkingu og umfang hinna móðgandi ummæla og hefði því réttilega hafnað vörn byggðri á góðri trú.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærendur kvörtuðu yfir broti á tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að dómurinn gegn kærendum, sem hafði falið í sér takmörkun á rétti kærenda til tjáningarfrelsis, væri byggður á lögum. Viðurkennt væri að íhlutunin stefndi að lögmætu markmiði samkvæmt 10. gr. sáttmálans, þ.e. verndun mannorðs eða réttinda annarra.

Þegar áfrýjunardómstóllinn dæmdi kærendum í óhag hafði hann lagt áherslu á tiltekin brott úr heimildarmyndinni. Hann hafði tekið þá afstöðu að fréttamaðurinn

10. gr. Tjáningarfrelsi

hefði ekki verið sérlega varfærinn né gætt raunverulegs hlutleysis vegna þess að þar hefði verið vísað til mjög alvarlegra ásakana og að ekki hefði verið raunhæfur möguleiki fyrir hlutaðeigandi einstakling að neita ásökununum.

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar að staðreyndirnar sem fjallað var um hefðu varðað almannahagsmuni. Fyrsta dómstig hafði staðfest lögmæti heimildarmyndarinnar. Dómstóllinn benti á að Prins Turki Al Faisal hefði gegnt mikilvægu embætti í Sádi-Arabíu. Hann hafði gegnt opinberum embættistörfum, fyrst sem forstjóri leyniþjónustunnar, síðar sem sendiherra landsins í Bandaríkjunum. Dómstóllinn áréttaði að mörk leyfilegrar gagnrýni væru rýmri þegar kæmi að opinberum starfsmönnum sem störfuðu í þágu almennings á meðan þeir sinntu embættisverkum sínum, ólíkt óbreyttum einstaklingum. Í ljósi beggja þessara þátta hefði svigrúm ríkisins til mats verið sérstaklega takmarkað.

Hvað varðar ærumeiðandi hluta heimildarmyndarinnar taldi dómstóllinn nauðsynlegt að gera greinarmun á yfirlýsingum um staðreyndir og gildismati. Afstaða hans var sú að jafnvel þótt heimildarmyndin hefði nefnt nokkrar nákvæmar staðreyndir hefðu hinar umdeildu staðhæfingar frekar falið í sér gildismat en yfirlýsingar um staðreyndir.

Dómstóllinn skoðaði þá hvort „raunverulegur grundvöllur“ gildismatsins væri nægilegur. Hann benti á að fjölskyldur fórnarlambanna 11. september 2001 hefðu kvartað. Innanlandsdómstóll hefði vísað sérstaklega til eðlis málsmeðferðar og umfangmikilla aðferða til að safna sönnunargögnum. Dómstóllinn taldi enn fremur að lægri dómstóll hefði einnig verið þeirrar skoðunar að það væri lögmætt að líta til ábyrgðar Prins Turki Al Faisal þar sem hann hefði verið yfir leyniþjónustu Sádi-Arabíu og hefði veitt Osama bin Laden aðstoð á þeim tíma er Sovétríkin hófu innrás í Afganistan. Heimildarmyndin hefði einnig fjallað um tilurð og þróun Al-Qaeda og leiðtoga hennar. Innlendir dómstólar hefðu einnig komist að þeirri niðurstöðu að heimildarmyndin væri mikilvæg. Dómstóllinn benti á að sú diplómatiska friðhelgi sem Prins Turki Al Faisal naut eftir að hann var skipaður sendiherra hefði án efa haft áhrif á málsmeðferðina sem leiddi til þess að bandarískar dómsúrlausnir snerust eingöngu um þá vernd og möguleikann á að aflétta henni. Með hliðsjón af framangreindu var grundvöllur staðreyndanna nægilegur að mati dómstólsins.

Hvað varðaði notkun málfars benti dómstóllinn á að heimildarmyndin hefði aðeins komið á framfæri kvörtunum ættingja fórnarlambanna 11. september 2001. Fréttamaðurinn hefði dregið skil milli sín og mismunandi vitnisburða með því að nota skildagatíð og vísa til „meints stuðnings“ Prins Turki Al Faisal við Osama bin Laden. Dómstóllinn taldi það vega þungt að fréttamaðurinn hefði ráðfært sig við marga hlutaðeigandi, og þá sér í lagi Prins Turki Al Faisal sjálfan. Jafnvel þótt þeir hefðu neitað að þiggja boð fréttamannsins, hafði bandarískum lögmönnum Prins Turki Al Faisal verið gefinn möguleiki á að tjá sig um efnið ásamt Richard Armitage, fyrrverandi aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna 2001–2005, sem hefði greinilega varið málstað prinsins. Fréttamaðurinn hefði einnig rætt við

10. gr. Tjáningarfrelsi

sérfræðinga og bandaríska embættismenn þar sem hann bað þá um að tjá skoðanir sínar á málinu frjálstlega og greinilega. Eins og heimildarmyndin birtist almenningi var hún aðeins talin hafa kynnt málið frá sjónarhóli ákærvaldsins en hefði í raun sýnt fram á aukinn þunga sönnunargagna í málsmeðferðinni. Fréttamaðurinn hefði því ekki reynt að blekkja almenning.

Dómstóllinn komst þess vegna að þeirri niðurstöðu að umfjöllunin hefði ekki brotið í bága við kröfur um ábyrga fréttamennsku.

Dómstóllinn taldi því að sakfelling fyrir ærumeiðingar og skylda til greiðslu skaðabóta væri óhófleg takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda sem væri ekki nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Það hefði því verið brot á 10. gr. sáttmálsans.

Dómstóllinn taldi að Frakklandi bæri að greiða kærendum 11.500 evrur í skaðabætur og 30.000 evrur í miskabætur.

Magyar Tartalomszolgálatok Egyesülete og Index.hu Zrt gegn Ungverjalandi

Dómur frá 2. febrúar 2016

Mál nr. 22947/13

10. gr. Tjáningarfrelsi

Ummæli á vefsíðum. Gildisdómarlskoðanir. Skaðabótaskylda.

1. Málsatvik

Kærandur eru tveir lögaðilar, Magyar Tartalomszolgálatok Egyesülete og Index.hu Zrt, skráðir samkvæmt ungverskum lögum og með stjórnstöðvar í Búdapest í Ungverjalandi. Sá fyrrnefndi er sjálfseftirlitsaðili á vegum netþjónafyrirtækja í Ungverjalandi og sá síðarnefndi eigandi einnar stærstu netfréttaveitu Ungverjalands. Á þeim tíma sem þeir atburðir áttu sér stað er málið varða leyfðu kærandur notendum sínum að skilja eftir athugasemdir undir fréttum og öðru birtu efni á veitum sínum. Í þessu sambandi var tekið fram í notendaskilmálum beggja kæranda að notendur sjálfir, en ekki kærandur, bæru ábyrgð á því sem skrifað væri í athugasemdum. Til viðbótar þessu var til staðar kerfi þar sem hægt var að benda á ólögleg ummæli svo hægt væri að fjarlægja þau.

Þann 5. febrúar 2010 birti fyrri kærandi grein á vefsíðu sinni þar sem gagnrýnd var viðskiptavenja tveggja fasteignaviðskiptavefsíðna og þær sakaðar um svik. Síðari kærandi fjallaði síðan um greinina og birti hana í heildá vefsíðu sinni. Greinin laðaði að sér móðgandi og gróf ummæli á báðum vefsíðum. Þann 17. febrúar sama ár stefndi fyrirtækið, sem átti og stjórnaði umræddum fasteignaviðskiptasíðum, kærendum fyrir að hafa með þessari grein og þeim ummælum sem fylgdu, skaðað orðspor sitt. Þegar kærandur komust að þessu tóku þeir samstundis umræddar athugasemdir niður. Í mótrökum sínum gegn stefnunni rökstuddu kærandur að þeir sem miðlarar efnis væru ekki ábyrgir á ummælum og athugasemdum notenda, og jafnvel þótt þeir væru það þá hefði gagnrýnin átt rétt á sér í ljósi þeirra fjölmörgu kvartana sem fyrirtækið hefði fengið svo og þeirra dómsmála sem fyrirtækið stóð í. Dómstólar í Ungverjalandi komust í kjölfar þessa að þeirri niðurstöðu að

10. gr. Tjáningarfrelsi

athugasemdirnar hefðu verið móðgandi, niðurlægjandi og gengju lengra en telja mætti ásættanleg mörk tjáningarfrelsis. Dómstóllinn tók fram að kærendur hefðu, með því að leyfa notendum að skilja eftir athugasemdir, tekið ábyrgð á meiðyrðum eða ólöglegum athugasemdum þeirra.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að ákvörðun dómstóla hefði brotið gegn tjáningarfrelsi þeirra, sbr. 10. gr. sáttmálans og héldu því fram að sökum dómsins þyrftu þeir nú að ritskoða athugasemdir notenda á vefsíðum sínum, sem gengi gegn kjarna tjáningarfrelsis á netinu.

Niðurstaða

Ekki var um það deilt milli aðila að ákvörðun ungversku dómstólanna hefði takmarkað tjáningarfrelsi kæranda og dómstóllinn sá enga ástæðu til að komast að annarri niðurstöðu. Enn fremur var dómstóllinn fullviss um að stórt fyrirtæki, sem ræki stóra netfréttaveitu, og sjálfseftirlitsaðili, sem annaðist efni á netinu, gætu og ættu að hafa séð fyrir að aðgerðir þeirra kynnu, að minnsta kosti fræðilega, að leiða af sér skaðabótaábyrgð samkvæmt landslögum. Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að sú takmörkun tjáningarfrelsis sem um væri að ræða væri skráð í lög og að markmið þessarar takmörkunar væri að vernda aðra.

Hins vegar taldi dómstóllinn að ungversku dómstólarnir hefðu ekki, þegar þeir lögðu mat á skaðabótaskylduna í máli kæranda, horft nægjanlega vel til þess að veða og meta þau réttindi sem voru í andstöðu hvort við annað, þ.e. rétt kæranda til tjáningar og rétt fasteignaviðskiptavefsíðunnar til viðskiptaorðspors síns. Hann tók fram að í málum þar sem þriðji aðili skilur eftir athugasemdir sem eru hatursorðræða og beinar hótanir um líkamlegt ofbeldi gæti verið rétt fyrir ríki að setja skaðabótaskyldu á netfréttaveitur fyrir að hafa mistekist að gera ráðstafanir til að taka niður greinilega ólögleg ummæli án tafar. Mál kæranda var hins vegar algjörlega laust við ummerki hatursorðræðu og hótana um ofbeldi. Þó að athugasemdirnar hefðu verið móðgandi og grófar þá þýddi það ekki að um greinilega ólöglega orðræðu væri að ræða.

Dómstóllinn ákvað að beita viðeigandi matsreglum sem hann hafði mótað í fyrri dómafordæmum sínum til þess að meta meðalhóf takmörkunar tjáningarfrelsis í málum sem ekki snerust um hatursorðræðu eða ofbeldi. Hann leit í meginatriðum til fjögurra þátta og þá í fyrsta lagi til samhengis og efnis athugasemdana. Dómstóllinn tók fram að umræddar athugasemdir sneru að máli er varðaði almannahagsmunum og hefðu þegar orðið tilefni fjölda kvartana. Efni ummælanna væri móðgandi og gróft en þó ekki meiðyrði, heldur gildisdómar eða skoðanir sem nytu verndar 10. gr. sáttmálans. Í öðru lagi leit hann til skaðabótaábyrgðar höfunda athugasemdana sjálfra. Hann tók fram að ungverskir dómstólar hefðu ekki á nokkurn hátt tekið tillit eða litið til skaðabótaskyldu þeirra sem skrifuðu athugasemdirnar þegar þeir dæmdu skaðabótaskyldu kæranda. Í þriðja lagi leit hann

10. gr. Tjáningarfrelsi

til aðgerða kæranda og hegðunar aðilans sem skaðann hlaut. Dómstóllinn taldi að ungersku dómstólarnir hefðu dæmt skaðabótaskyldu án þess að horfa til þessara hluta þó að kærundur hefðu á margan hátt reynt að takmarka skaða fyrir og eftir, svo sem með viðvörðunum og kerfi sem hannað var til að taka niður ummæli. Í fjórða og síðasta lagi leit hann til afleiðinga athugasemdanna. Dómstóllinn ítrekaði að í þessu máli væri viðskiptaorðspor lögaðila til umræðu, orðspor sem ekki hefði sömu siðferðilegu við og réttur einstaklings til orðspors. Því yrði að skoða afleiðingar ummælanna út frá ákveðnu sjónarhorni, og horfa sérstaklega til þess að á þeim tíma er athugasemdirnar voru ritaðar sætti fasteignavefsíðufyrirtækið rannsókn vegna viðskiptahegðunar sinnar. Dómstóllinn var því ekki sannfærður um að athugasemdirnar hefðu skaðað orðspor fyrirtækisins á nokkurn raunverulegan hátt. Á hinn bóginn gæti það að gera kærundur skaðabótaskylda haft neikvæðar afleiðingar fyrir viðskiptaumhverfi kæranda.

Að lokum tók dómstóllinn fram að það kerfi sem var til staðar til að taka niður ummæli gæti í raun virkað sem viðeigandi verkfæri til að vega og meta réttindi allra sem að máli komu, svo lengi sem árangursrík málsmeðferð, sem gerði ráð fyrir skjóttum viðbrögðum, væri til staðar. Dómstóllinn sá enga anmarka á því að það kerfi, sem kærundur höfðu báðir sett upp, hefði ekki getað boðið upp á leið til að vernda viðskiptaorðspor fasteignaviðskiptasiðunnar.

Að öllu þessu virtu taldi dómstóllinn að næg rök væru til staðar til að telja að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans. Ungverska ríkinu var gert að greiða kærendum 5.100 evrur í málskostnað.

Société de Conception de Presse et d'Édition gegn Frakklandi

Dómur frá 25. febrúar 2016

Mál nr. 4683/11

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmíðlar. Friðhelgi einkalífs. Skaðabætur. Sektir.

1. Málsatvik

Kærandi, Société de Conception de Presse et d'Édition, er fyrirtæki skráð í Frakklandi.

Í janúar 2006 var I.H. haldið fongnum og hann pyndaður í 24 daga. Hann lést af sárum sínum. Á meðan manninum var haldið fongnum var mynd af honum í hlekkjum með augljósa áverka send fjölskyldu hans með fjárkúgunarbréfi. Á meðan réttarhöld yfir þeim er grunaðir voru um verknaðinn fóru fram, var ljósmyndin af I.H. prentuð á forsíðu tímaritsins Choc sem gefið er út af kæranda. Eftir birtingu myndanna fóru móðir og systur I.H. samstundis í mál við útgáfufyrirtækið og kröfðust þess að þetta tölublað tímaritsins yrði tekið úr umferð á grundvelli þess að það bryti gegn rétti þeirra til einkalífs. Dómari í París skipaði kæranda að taka tölublaðið úr umferð að viðlögðum dagsektum og dæmdi kæranda til greiðslu skaðabóta. Áfrýjunardómstóll staðfesti dóminn í aðalatriðum en í stað þess að skipa útgáfufyrirtækinu að taka tölublaðið úr umferð var því skipað að hylja forsíðumyndina á öllum eintökum að viðlögðum dagsektum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að skipun dómstóls um að hylja myndina bryti gegn rétti sínum til tjáningarfrelsis, skv. 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að greinin sem var í tölublaðinu hefði varðað almenning og stuðlað að umræðu í samfélaginu, en greinin fjallaði um dómsmálið almennt. Hann tók fram að myndin, sem hafði ekki verið ætluð almenningi, hefði verið birt án leyfis ættingja mannsins. Dómstóllinn ítrekaði það mikilvægi sem hann hefði gefið blaðamönnum og siðferðilegum skyldum þeirra í gegnum tíðina. Hann var einnig sammála landsdómstólum um að birting myndarinnar hefði sýnt alvarlegt skeytingarleysi gagnvart sorg aðstandenda mannsins og fæli í sér brot gegn friðhelgi einkalífs þeirra. Dómurinn lagði áherslu á að blaðamönnum væri skylt að horfa til þeirra áhrifa sem birting mynda og upplýsinga, sem þeir gæfu út hefði, og þá sérstaklega til þess hvort slík birting væri til þess fallin að valda usla í einkalífi einstaklinga sem verndað væri af 8. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi að það eitt að skipa fyrir um að hylja mynd, en gera ekkert varðandi texta eða aðrar myndir greinarinnar, hefði tryggt að tjáningarfrelsi blaðsins væri ekki takmarkað um of.

Að lokum taldi dómstóllinn, í ljósi aðstæðna málsins og áhrifa þess á einkalíf aðstandenda I.H., að skaðabætur sem dæmdar voru væru ekki til þess fallnar að hafa neikvæð áhrif á tjáningarfrelsi.

Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að takmörkunin sem landsdómstóll setti á birtingu myndarinnar hefði verið studd viðhlítandi og nægilegum rökum. Væri því ekki um brot á 10. gr. sáttmálans að ræða.

Bédat gegn Sviss – Yfirdeild

Dómur frá 29. mars 2016

Mál nr. 56925/08

10. gr. Tjáningarfrelsi

Blaðamenn. Rannsókn sakamála. Leynilegar upplýsingar.

1. Málsatvik

Kærandi, sem er blaðamaður, birti árið 2003 grein í dagblaði, þar sem lýst var atvikum ákveðins sakamáls. Málið varðaði ökumann sem hafði verið færður í gæsluvarðhald fyrir að hafa ekið bifreið sinni inn í hóp fólks, með þeim afleiðingum að þrír létust og átta særðust, áður en hann sjálfur stökk fram af brú. Í greininni voru birtar spurningar sem lögreglufulltrúar og dómari lögðu fyrir hinn grunaða og svör hans við spurningunum. Einnig birtust ljósmyndir af bréfum sem hinn grunaði hafði sent til dómara sem fór með málið á rannsóknarstigi. Auk þess voru birtar yfirlýsingar frá eiginkonu hins grunaða og lækni.

Kærandi var ákærður fyrir að hafa birt gögnin og í júní 2004 var hann dæmdur í eins mánaðar fangelsi, skilorðsbundið til eins árs. Niðurstöðunni var síðar breytt

10. gr. Tjáningarfrelsi

á þann veg að kærandi greiddi sekt að fjárhæð 4.000 svissneskra franka í stað fangelsisvistar, en áfrýjanir hans í málinu báru ekki árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sakfellingin fæli í sér brot á rétti hans til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn tók fram að með sakfellingu kæranda hefði tjáningarfrelsi hans verið skert. Réttur kæranda til að miðla upplýsingunum til almennings og réttur almennings til að fá upplýsingarnar sköruðust þó á við aðra almanna- og einkahagsmunir, sem löggjöf um bann við miðlun slíkra leynilegra upplýsinga tók mið af. Þessir hagsmunir endurspegluðust m.a. í markmiði og hlutleysisskyldu réttarvörslukerfisins og hins vegar réttindum sakaðs manns til að vera talinn saklaus uns sekt er sönnuð svo og rétti hans til friðhelgi einkalífs. Við mat á því grundvallaratriði hvort nauðsyn hefði borið til skerðingarinnar í lýðræðislegu þjóðfélagi taldi dómstóllinn nauðsynlegt að meta eftirfarandi:

a) Hvernig upplýsingarnar, sem kærandi hafði undir höndum og birt, voru fengnar.

Dómstóllinn taldi ljóst að jafnvel þótt því hefði ekki verið haldið fram í málinu að kærandi hefði fengið upplýsingarnar ólöglega, hefði hann engu að síður ekki getað verið grunlaus um að þær voru leynilegar og bundnar trúnaði.

b) Efni greinarinnar í heild.

Dómstóllinn taldi að greinin sýndi hinn grunaða í málinu í mjög neikvæðu ljósi og að það væri ljóst að henni hefði verið ætlað að vera æsifrétt. Enn fremur hefði verið lögð áhersla á það í greininni að hinn grunaði hefði verið tvísaga um ýmsa atburði.

c) Hvort greinin hefði falið í sér framlag til þjóðfélagsumræðu sem ætti erindi við almenning.

Dómstóllinn taldi ljóst að atburðirnir sem fjallað var um í greininni hefðu átt erindi við almenning. Um einstakan atburð hefði verið að ræða sem hafði í för með sér gedshræringu meðal almennings, auk þess sem yfirvöld hefðu sjálf ákveðið að upplýsa almenning að hluta til um framgang rannsóknarinnar. Það væri hins vegar vafamál hvort svo ítarlegar upplýsingar, líkt og birtust í umræddri grein og voru leynilegar, fælu í sér framlag til þjóðfélagsumræðu sem ætti erindi við almenning eða hvort birtingin væri eingöngu til þess fallin að svala forvitni lesenda um smáatriði varðandi einkalíf hins grunaða. Innanlandsdómstólar hefðu komist að þeirri niðurstöðu, eftir ítarlegt mat á innihaldi greinarinnar, að upplýsingarnar vörpuðu ekki frekara ljósi á atriði sem varðað gætu almenning. Kærandi hefði ekki sýnt fram á hið gagnstæða og því taldi Mannréttindadómstóllinn engin rök standa til þess að endurmeta þá niðurstöðu innanlandsdómstóla, sem hefðu ákveðið svigrúm til mats í þeim efnum.

10. gr. Tjáningarfrelsi

d) Áhrif greinarinnar á meðferð sakamálsins.

Dómstóllinn tók fram að þótt um væri að ræða mikilvæg réttindi samkvæmt 10. gr. sáttmálans annars vegar og 6. gr. sáttmálans hins vegar, þyrfti að líta sérstaklega til markmiða þess að skylt væri að halda ákveðnum upplýsingum leyndum við meðferð sakamála. Markmið slíkra reglna væri ekki aðeins að vernda rannsóknarhagsmuni, heldur einnig hagsmuni sakbornings, sérstaklega hvað varðaði rétt hans til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð. Þá væri jafnframt mikilvægt að skoðanir dómenda væru ekki mótaðar fyrirfram vegna fréttáflutnings. Dómstóllinn taldi að jafnvel þótt ekki hefði verið tekin afstaða til sektar hins grunaða í greininni, hefði hún engu að síður sýnt hann í mjög neikvæðu ljósi. Slíkt væri til þess fallið að grafa undan framangreindum sjónarmiðum og taldi dómstóllinn sannað að umræða meðal almennings um þær upplýsingar, sem fram komu í greininni, hefðu haft áhrif á ákvarðanir yfirvalda á rannsóknarstigi og fyrir dómi.

e) Skerðing á rétti hins grunaða til friðhelgi einkalífs.

Dómstóllinn tók fram að upplýsingarnar sem fram komu í greininni vörðuð ekki aðeins persónulegt líf hins grunaða í málinu, heldur voru einnig birtar læknisfræðilegar upplýsingar um hann. Samkvæmt dómstólnum féllu slíkar upplýsingar undir hæstu mögulegu vernd samkvæmt 8. gr. sáttmálans, en í því samhengi væri ekki síst mikilvægt að hinn grunaði væri ekki opinber persóna.

Dómstóllinn taldi ljóst að ekkert í málinu gæfi til kynna að hinn grunaði, sem hefði verið í berskjaldaðri stöðu, hefði verið upplýstur um fyrirhugaða birtingu greinarinnar eða innihald hennar. Ákvörðun yfirvalda um að grípa til aðgerða hefði þar af leiðandi verið réttlæt看leg, ekki síst í ljósi jákvæðra skyldna þeirra til að vernda rétt hins grunaða til friðhelgi einkalífs.

f) Meðalhóf

Dómstóllinn taldi að við ákvörðun yfirvalda um saksókn og álagningu sektar hefði meðalhófs verið gætt milli takmörkunar á rétti kæranda til friðhelgi einkalífs samkvæmt 10. gr. sáttmálans og þeirra markmiða sem stefnt hefði verið að með henni. Sektin hefði verið lögð á til verndar mikilvægum hagsmunum og tók dómstóllinn sérstaklega fram að slík sekt gæti ekki verið til þess fallin að hafa í för með sér fælandi áhrif fyrir blaðamenn sem greindu frá rannsóknum sakamála

Að öllu þessu virtu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.

Karácsony og fleiri gegn Ungverjalandi

Dómur frá 17. maí 2016 – Yfirdeild

Mál nr. 42461/13 og 44357/13

10. gr. Tjáningarfrelsi

Þingmenn. Mótmæli. Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandur, sem eru sjö talsins, voru þingmenn í stjórnarandstöðu á ungverska þinginu þegar málsatvik áttu sér stað.

Samkvæmt tillögu forseta þingsins voru kærandur sektaðir um 170–600 evrur fyrir að hafa truflað þingið með því að halda uppi mótmælaskiltum og nota gjallarhorn í þeim tilgangi að saka ríkisstjórnina um spillingu. Sektirnar voru samþykktar á fundi þingmanna án umræðu.

Í fyrri málum fyrir Mannréttindadómstólnum, þ.e. í málum nr. 42461/13 og 44357/13, hafði undirdeild dómstólsins komist að samhljóða niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi kæranda, sbr. 10. gr. sáttmálans. Málinu var síðar vísað til yfirdeildar að beiðni ríkisstjórnar Ungverjaland.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi þeirra, sbr. 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Að mati dómstólsins voru sektirnar í eðli sínu takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda, sbr. 10. gr. sáttmálans. Sektirnar voru ákveðnar á grundvelli ákvæðis í þingskaparlögum Ungverjaland og líkt og í mörgum öðrum Evrópuríkjum var sektarheimildin óljós og háð mati og túlkun hverju sinni. Í ljósi stöðu sinnar mátti kærendum hins vegar hafa verið ljóst að hegðun þeirra gæti leitt til sekta. Sektarákvæðið miðaði að tveim lögmætum markmiðum, þ.e. að koma í veg fyrir ólæti á þingi og að vernda aðra. Var sektarákvæðið því nægilega nákvæmt til þess að teljast tæk takmörkun á tjáningarfrelsi almennt.

Til að komast að því hvort umrædd takmörkun á tjáningarfrelsi væri nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi varð dómstóllinn að skoða í fyrsta skipti samspil tjáningarfrelsis 10. gr. sáttmálans og innra agakerfis þingsins þegar kemur að formi tjáningar þingmanna. Yfirdeild dómstólsins ítrekaði meginreglur og dómafrankvæmd er varðar tjáningarfrelsi í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi tók dómstóllinn fram að meginreglur um þá spurningu, hvort tjáningarfrelsistakmörkun væri nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi, væru skýrar og kæmu fram í langri dómafrankvæmd dómstólsins.

Í öðru lagi tók dómstóllinn fram að sanngirni málsmeðferðar og aðgangur að áfrýjunarleið hefði stundum áhrif þegar metið væri hvort meðalhófs hefði verið gætt við beitingu takmarkana á tjáningarfrelsi.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Í þriðja lagi tók dómstóllinn fram að hann hefði oft ítrekað mikilvægi tjáningarfrelsis þingmanna, þar sem tjáning þeirra væri pólitísk í eðli sínu. Yrði því nokkurs konar takmörkun á tjáningarfrelsi stjórnarandstöðþingmanna mjög nákvæmlega skoðuð.

Í fjórða lagi tók dómstóllinn fram að tjáning á þingi nyti sérstaklega mikillar verndar sem endurspegladist í reglum um friðhelgi þingmanna. Þær tryggingar sem felast í þessari friðhelgi þingmanna eiga að sjá til þess að þing sé óháð í störfum sínum. Sú aukna tjáningarfrelsisvörn sem veitt er í þingstörfum ætti ekki að skilja sem vernd fyrir einstaka þingmenn, heldur fyrir þingheim allan. Hins vegar væri tjáningarfrelsi þingmanna alls ekki ótakmarkað og sammingsríki mættu setja því ákveðnar takmarkanir og refsingar innan marka sem dómstólar á endanum ákveða. Dómstóllinn taldi mikilvægt í umfjöllun sinni að skilja á milli efnis tjáningar á þingi og þess forms sem tjáningin tekur. Þótt sammingsríki gætu og ættu í raun að stjórna hvenær, hvar og hvernig tjáning færi fram á þingi án mikilla afskipta frá dómstólum, væri öðruvísi farið um stjórnun á efni tjáningar á þingi. Stundum væri þó nauðsynlegt að takmarka efni tjáningar á þingi svo sem í þeim tilvikum þegar verið væri að hvetja til ofbeldis með beinum eða óbeinum hætti.

Í fimmta lagi tók dómstóllinn fram að reglur um innri starfshætti þingsins ættu rót sína að rekja til stjórnskipulegrar meginreglu um sjálfræði þingsins. Samkvæmt þeirri reglu ætti þing rétt á að stjórna sínum eigin innri málefnum. Þetta sjálfstæði tæki einnig til reglna sem ætlað væri að tryggja lög og reglu í þingstörfum. Þær reglur er vörðuðu innri málefni þinga féllu undir venjulegum kringumstæðum innan svigrúms aðildarríkja til mats. Hins vegar réðist umfang þessa svigrúms af mörgum mismunandi þáttum. Með þetta í huga staðhæfði dómstóllinn að miklir almannahagsmunir fælust í því að tryggja að þing gæti unnið á skilvirkan hátt og sökum þess þyrfti svigrúm til mats í þessum málaflokki að vera víðtækt. Hins vegar væri svigrúmið ekki ótakmarkað og tók dómstóllinn því fram að það yrði að vera í samræmi við lýðræðis- og réttarríkishugmyndir. Sjálfræði þingsins mætti ekki misnota til þess að halda niðri eða kæfa tjáningarfrelsi þeirra sem væru í andstöðu við ríkjandi öfl. Dómstóllinn taldi á grundvelli framangreindra raka að í fyrirbyggjandi máli yrði hann að leggja mat á það hvort umræddar takmarkanir á tjáningarfrelsi kæranda hefðu það að markmiði, eingöngu eða að hluta, að koma niður á stjórnarandstöðunni.

Dómstóllinn samþykkti þá staðhæfingu að með því að nota mótmælaskilti og gjallarhorn hefðu kærendur truflað frið á þingi að svo miklu leyti að nauðsynlegt var að bregðast við. Enn fremur voru kærendur ekki sektaðir fyrir efni tjáningar sinnar, heldur fyrir form hennar.

Dómstóllinn greindi á milli tveggja mismunandi aðstæðna þegar hann lagði mat á það hvort takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda hefði fylgt nægjanleg vörn gegn misbeitingu. Fyrri aðstaðan væri til staðar ef þingið hegðaði sér með greinilega spilltum hætti, á þann hátt að það beitti refsingum handahófskennt, úr hófi eða með ólögumætum hætti. Við slíkar aðstæður gæti þingið ekki réttlætt athafnir sínar með vísan í sjálfræði þingsins. Síðari aðstaðan, sem við átti í þessu máli, væri til staðar ef sektaðir þingmenn hefðu ekki eðlilega réttarfarslega leið til að andmæla

10. gr. Tjáningarfrelsi

agaviðurlögnum. Réttarfarsúrræði yrði í það minnsta að gera ráð fyrir að sektaður þingmaður gæti tjáð sig áður en sekt væri ákveðin. Þessi réttur virtist að mati dómstólsins vera orðinn að grundvallarreglu innan samningsríkjanna.

Á þeim tíma þegar atvik máls áttu sér stað var hvergi í landslöggjöf að finna nokkurn möguleika fyrir kærndur til að vera þátttakendur í málsmeðferðinni gegn þeim né höfðu þeir möguleika á að tjá sig um ákvörðun sektar. Auk þess var ákvörðunin um að sekta kærndur ekki rökstudd á neinn hátt. Enn fremur voru uppástungur ungverska ríkisins um réttarfarsúrræði kærnda, svo sem að ávarpa þing eða þingnefnd, ekki til þess fallnar að veita kærndum raunhæfan möguleika á að tjá sig um og gagnrýna ákvörðunina um sekt. Þó svo að löggjöf hefði verið sett árið 2014, sem greiddi úr þessu vandamáli, breytti það engu varðandi stöðu kærnda.

Því taldidómstóllinn að takmörkun á tjáningarfrelsi kærnda hefði ekki verið í samræmi við það lögmæta markmið sem stefnt væri að sökum skorts á réttarfarsúræðum. Hefði takmörkunin á tjáningarfrelsi kærnda því ekki verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að um brot á 10. gr. sáttmálans væri að ræða. Ungverska ríkið var dæmt til að greiða kærndum skaðabætur sem námu sektum þeirra.

Brambilla og fleiri gegn Ítalíu

Dómur frá 23. júní 2016

Mál nr. 22567/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Hlerun lögreglusamskipta. Uptaka búnaðar.

1. Málsatvik

Kærandurnir, C. Brambilla, D. de Salvo og F. Alfonso, eru ítalskir ríkisborgarar. Þeir eru fæddir 1954, 1976 og 1971. Þeir eru búsettir í Lecco á Ítalíu. Kærndur eru blaðamenn og allir starfsmenn dagblaðs í Lecco.

Þann 1. ágúst 2001 náðu kærndur með hjálp útvarpsendis að tengjast þeirri bylgjulengd sem lögreglan og Carabinieri-sérsvaitin notaðist við til að hafa samskipti sín á milli. Á meðan kærndur hlustuðu á samtöl lögreglunnar heyrdi þeir þegar lögreglunni var skipað að fara að vöruskemmu og gera þar upptæk ólögleg vopn. Kærndur brugðust skjótt við og fóru samstundis að vöruskemmuni. Þegar þeir komu á staðinn ákvað Carabinieri-sérsvaitin að leita í bíl þeirra og fundu þá þau tæki og tól sem kærndur höfðu notað til að hlera samskipti lögreglunnar.

Kærndur voru ákærðir fyrir verknaðinn. Þeir voru sýknaðir í héraðsdómi í Lecco 9. nóvember 2004 á þeim grundvelli að dómstóllinn teldi hegðun þeirra ekki brjóta gegn lögum. Málinu var áfrýjað til áfrýjunardómstóls í Mílanó sem komst að annarri niðurstöðu. Áfrýjunardómstóllinn dæmdi kærndur fyrir hlerunina þar sem samtöl lögreglunnar höfðu verið trúnaðarmál og hlerun á trúnaðarmálum var ólögleg skv. hegningarlögum. Dómur kærnda var skilorðsbundinn.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Lagatúlkunardómstóllinn staðfesti þennan dóm 28. október 2008. Dómstóllinn tók fram að frelsi blaðamanna hefði ekki forgang í máli sem snerti ólöglega hlerun á lögregluaðgerðum.

2. Meðferð máls hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að leitin í bíl þeirra og dómur þeirra fyrir hlerun hefði brotið gegn tjáningarfrelsi þeirra sbr. 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að kærendum hefði ekki verið bannað að flytja fréttir af umræddum aðgerðum lögreglunnar þar sem þeir voru einungis dæmdir fyrir að hlera samskipti lögreglunnar, en slík samskipti voru trúnaðarmál samkvæmt landslögum.

Dómstóllinn ítrekaði að fréttamenn yrðu að gera sér grein fyrir að þeir ættu á hættu að vera ákærðir fyrir lögbrot ef þeir öfluðu upplýsinga með vafasömum hætti. Háleit markmið fréttamennsku gætu ekki afsakað lögbrot. Dómstóllinn tók fram að kærandur hefðu brotið gegn lögum þegar þeir öfluðu upplýsinga með því að hlera samtöl lögreglunnar. Dómstóllinn tók fram að refsing kæranda hefði verið upptaka á búnaði og skilorðsbundnir dómur. Að því virtu taldi dómstóllinn að refsingin hefði ekki verið úr hófi.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Baka gegn Ungverjalandi

Dómur frá 23. júní 2016 – Yfirdeild

Mál nr. 20261/12

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

Dómarar. Starfsskilyrði. Brottvikning úr starfi. Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandinn, Andras Baka, er fyrrverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu.

Hann var kosinn forseti hæstaréttar Ungverjalands til sex ára og var kjörtímabil hans til 2015. Sem forseti hæstaréttar tjáði kærandi sig um ýmsar fyrirhugaðar lagabreytingar á dómskerfinu í Ungverjalandi. Bráðabirgðaákvæði nýrrar stjórnarskrár Ungverjalands tóku fram að í stað hæstaréttar ætti að koma nýr dómstóll, Kúria, og að kjörtímabili forseta hæstaréttar ætti að ljúka um leið og nýja stjórnarskráin tæki gildi. Afleiðingin var sú að kjörtímabili kæranda lauk 1. janúar 2012. Eitt af skilyrðunum fyrir því að vera kjörinn forseti nýja dómstólsins Kúria var að frambjóðandi varð að hafa fimm ára reynslu sem dómari í Ungverjalandi. Seta í alþjóðlegum dómstól var ekki talin með. Þessi regla leiddi til þess að kærandi

10. gr. Tjáningarfrelsi

uppfyllti ekki skilyrðin og gat hann því ekki boðið sig fram til embættisins.

Í dómi Mannréttindadómstólsins 27. maí 2014 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 6. gr. sáttmálans þar sem kærandi gat ekki mótmælt skyndilegum starfslokum sínum. Dómstóllinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans þar sem skyndileg starfslok kæranda voru knúin fram vegna ummæla kæranda á opinberum vettvangi.

15. desember 2014 var málinu vísað til yfirdeildar Mannréttindadómstólsins að ósk ungverska ríkisins.

2. Meðferð máls hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið á rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 6. gr. sáttmálans, þar sem honum hafði verið neitaður aðgangur að dómstólum til að mótmæla snemmbúinni brottvikningu sinni úr starfi.

Kærandi taldi einnig að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi hans, sbr. 10. gr. sáttmálans, þar sem brottvikning hans úr starfi kom til vegna opinberra ummæla kæranda.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Varðandi 6. gr. sáttmálans tók dómstóllinn fram að kærandi hefði verið kjörinn á grundvelli laga sem kváðu á um að kjörtímabil hans ætti að vera sex ár. Lögin innihéldu tæmandi talningu af ástæðum fyrir mögulega styttra kjörtímabili. Samkvæmt lögnum var aðeins hægt að segja dómara upp ef hægt væri að sanna vanhæfni hans til að gegna starfinu. Var þetta eina heimildin til að víkja dómara frá störfum án hans samþykkis, og var heimildin einnig háð endurskoðun dómstóla. Dómstóllinn minnti einnig á stjórnskipunarregluna um sjálfstæði dómara. Að endingu tók dómstóllinn fram að þó að kjörtímabil kæranda hefði verið stytt með lögum þá hefðu þau lög ekki afturvirk áhrif á réttindi kæranda.

Dómstóllinn tók fram að samkvæmt dómsframkvæmd sinni væri hægt að takmarka 6. gr. um réttindi opinberra starfsmanna ef tvö skilyrði væru uppfyllt. Fyrra skilyrðið var að landslög yrðu að taka berum orðum fram takmörkun á aðgangi að dómstólum og seinna skilyrðið var að takmörkunin á 6. gr. um réttindi opinberra starfsmanna yrði að vera réttlæt看leg samkvæmt hlutlægum mælikvarða. Hvað fyrra skilyrðið varðaði tók dómstóllinn fram að kæranda hefði ekki verið neitaður aðgangur að dómstólum með skýrum lagabókstaf. Kærandi gat ekki áfrýjað eða kært ákvörðunina um styttingu kjörtímabilsins vegna þess að kveðið var á um hana í bráðabirgðaákvæði stjórnskipunarlaga sem voru ekki háð neinni endurskoðun dómstóla, ekki einu sinni hæstaréttar. Dómstóllinn varð því að meta hvort aðgangur kæranda að dómstólum hefði verið takmarkaður samkvæmt eldri lögum. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að engin slík takmörkun hefði verið til staðar samkvæmt eldri lögum sem giltu þegar kærandi var ráðinn. Var því fyrra skilyrðið ekki uppfyllt og sá dómstóllinn því enga ástæðu til að fjalla um síðara skilyrðið. Átti 6. gr. sáttmálans því við í þessu máli.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Dómstóllinn tók fram að ákvörðunin um styttingu á kjörtímabili kæranda hefði ekki verið endurskoðuð af dómstólum eða öðrum bærum aðilum. Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að ungverska ríkið hefði brotið á rétti kæranda skv. 6. gr.

Um 10. gr.: Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði, sem dómari og forseti hæstaréttar, opinberlega viðrað skoðanir sínar á ýmsum lagaumbótum sem höfðu áhrif á dómssvaldið, m.a. í ræðu á ungverska þinginu 3. nóvember 2011. Stuttu eftir þá ræðu kom fram tillaga um að fjarlægja kæranda úr embætti. Tillagan var samþykkt í þinginu á undarlega stuttum tíma og eftir það uppfyllti kærandi ekki lengur skilyrði embættisins. Eftir að hafa skoðað málið í heild sinni komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að tenging væri á milli ummæla kæranda og þess að hann var fjarlægður úr embætti. Væri því um takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda að ræða.

Dómstóllinn þurfti næst að skoða hvort takmörkunin hefði einhverjar réttlætíngarástæður. Ungverska ríkið taldi að markmið þess að kærandi var fjarlægður úr embætti hefði verið að tryggja hlutleysi og sjálfstæði dómstóla. Dómstóllinn var ósammála þessari túlkun og taldi að ungverska ríkið gæti ekki rökstutt það að fjarlægja dómara úr embætti með þessum rökum. Að mati dómstólsins var ákvörðun ríkisins í málinu ekki til þess fallin að tryggja sjálfstæði dómstólanna, og komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að takmörkunin hefði ekki stefnt að lögætu markmiði.

Auk þessa tók dómstóllinn fram að kærandinn hefði tjáð sig um stjórnarskrár-breytingar, breytingar á dómskerfinu, sjálfstæði dómara og eftirlaunaaldur þeirra. Dómstóllinn taldi þessi ummæli ekki hafa farið út fyrir mörk faglegrar gagnrýni og væru þau til þess fallin að vera framlag til opinberrar umræðu um mikilvæg málefni. Af þeim sökum væri rík ástæða til að takmarka ekki tjáningarfrelsi kæranda þar sem slík takmörkun gæti leitt til þess að dómara í framtíðinni yrðu tregir til að tjá sig um dómkerfið.

Þar sem tjáningarfrelsi kæranda hafði verið takmarkað án nokkurrar réttlætíngarástæðu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 6. gr. sáttmálans.

Ungverska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 70.000 evrur í miskabætur og 30.000 evrur í málskostnað.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Geotech Kancev GmbH gegn Þýskalandi

Dómur frá 2. júní 2016

Mál nr. 23646/09

11. gr. Funda- og félagafrelsi

1. gr 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Kjarasamningur. Félagsmálagjöld.

1. Málsatvik

Kærandinn, Geotech Kancev GmbH, er hlutfélag skráð í Castrop-Rauxel í Þýskalandi. Félagið sérhæfir sig í að taka jarðvegssýni fyrir jarðfræðirannsóknir, einkum til að kanna hvort jarðvegur sé hæfur til byggingarframkvæmda.

Samkvæmt kjarasamningi milli tveggja félagasamtaka atvinnurekenda og stéttarfélags í byggingariðnaði, sem atvinnu- og félagsmálaráðuneyti Þýskalands hafði staðfest að væri bindandi, bar atvinnurekendum í byggingariðnaði skylda til að greiða 19,8% af launum starfsmanna sinna í félagsmálasjóð.

Árið 2005 kvartaði kærandi yfir því að vera á skrá hjá félagsmálasjóðnum. Í október 2007 skipaði vinnumáladómstóll í Wiesbaden kæranda að greiða rúmlega 63.000 evrur sem voru í vanskilum við sjóðinn. Dómurinn var staðfestur á efra dómstigi í desember 2008.

2. Meðferð máls hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að skylda til þess að taka þátt í félagsmálasjóðnum bryti gegn félagafrelsi sínu, sbr. 11. gr. sáttmálans. Kærandi hélt því fram að verið væri að hlutast til um hinn neikvæða hluta félagafrelsisins þar sem kæranda hefði verið gert að greiða í sjóðinn á sama hátt og meðlimi í félagasamtökum atvinnurekenda þó að kærandi væri ekki félagi í þeim samtökum og hefði ekki möguleika á að verja hagsmuni sína innan þeirra. Kærandi hélt því fram að þessi aðstæða væri til þess fallin að neyða kæranda til að ganga í félagasamtök atvinnurekenda. Kærandi hélt því einnig fram að brotið hefði verið á rétti hans skv. 1. gr. 1. samningsviðauka með sáttmálanum.

Niðurstaða

Um 11. gr.: Dómstóllinn varð að ákveða hvort skyldan til að greiða í félagsmálasjóðinn samsvaraði skyldu til þess að ganga í samtök atvinnurekenda, en slíkt fæli í sér íhlutun í hið neikvæða félagafrelsi kæranda. Dómstóllinn taldi rétt að skyldan til að greiða í félagsmálasjóð gæti verið túlkuð á þá lund að í því fælist aukinn hvati til að ganga í félagasamtök atvinnurekenda í byggingariðnaði. Hins vegar taldi dómstóllinn að slíkur hvati væri ekki þess eðlis að það gæti talist brot á félagafrelsi skv. 11. gr. sáttmálans, og væri því ekki um brot á því ákvæði að ræða. Dómstóllinn studdi þá niðurstöðu eftirfarandi rökum:

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Skylda kæranda til að greiða í félagsmálasjóðinn var hagsmunamál fyrir alla starfsmenn í byggingariðnaði og var byggð á meginreglunni um samstöðu. Til þess að sjóðurinn gæti tryggt það sem honum var falið að tryggja var nauðsynlegt að öll fyrirtæki sem komu að byggingariðnaðinum tækju þátt. Dómstóllinn tók einnig fram að framlög kæranda væru endurgreiðanleg til kæranda samkvæmt reglum sjóðsins og að öll fyrirtæki sem greiddu í sjóðinn fengju ítarlegar upplýsingar um stöðu hans. Meðlimir í þeim félagasamtökum sem stofnuðu sjóðinn fengu heldur ekki aðra meðferð en þau félög sem ekki voru meðlimir að þeim samtökum.

Um 1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn taldi að sú íhlotun í réttindi kæranda skv. 1. gr. 1. samningsviðauka sáttmálans sem kærandi hafði orðið fyrir ætti sér stöð í landsrétti og stefndi að lögmætu markmiði. Dómstóllinn vísaði til rökstuðnings síns í umfjöllun sinni um 11. gr. sáttmálans og komst að þeirri niðurstöðu að meðalhófs og jafnvægis hefði verið gætt. Dómstóllinn tók einnig fram að þýsk yfirvöld hefðu mjög víðfedmt svigrúm til mats í málefnum er snerta félags- og efnahagsmál og hefðu þau ekki farið út fyrir það svigrúm. Væri því ekki brotið gegn 1. gr. 1. samningsviðauka við sáttmálann.

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

Chapin og Charpentier gegn Frakklandi

Dómur frá 9. júní 2016

Mál nr. 40183/07

8. gr. Friðhelgi fjölskyldu og einkalífs

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

14. gr. Bann við mismunun

Kynhneigð. Hjónaband samkynhneigðra. Réttur til fjölskyldulífs.

1. Málsatvik

Kærandur, Stephane Chapin og Bertrand Charpentier, eru franskir ríkisborgarar. Þeir eru fæddir 1970 og 1973 og búsettir í Plassac.

Í maí 2004 sóttu kærandur um hjúskaparleyfi hjá sýslumanni í sveitarfélaginu Bégles. Sýslumaður gaf út slíkt leyfi og var það auglýst samkvæmt lögum. Saksóknari í Bordeaux tilkynnti sýslumanni og kærendum andstöðu sína við fyrirhugaðan hjúskap. Hjónavígslan fór fram þrátt fyrir þessi andmæli og gaf borgarstjórinn kærandur saman. Þann 22. júní 2004 hóf saksóknari í Bordeaux málarekstur gegn kærendum og sóttist eftir því að fá hjónabandið ógilt. Þann 27. júlí sama ár ógilti dómstóll hjónaband kærenda. Áfrýjanir kærenda báru engan árangur.

2. Meðferð máls hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að með því að takmarka hjónaband við ósamkynja pör hefði verið brotið gegn rétti þeirra til að stofna til hjúskapar, sbr. 12. gr. sáttmálans, og mismunad gegn þeim, sbr. 14. gr. sama sáttmála. Enn fremur töldu kærandur að brotið hefði verið gegn rétti þeirra til að njóta friðhelgi fjölskyldu og einkalífs, sbr. 8. gr. sáttmálans, á grundvelli mismununar vegna kynhneigðar þeirra sem einnig væri brot á 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

12. sbr. 14. gr.: Í dómi Mannréttindadómstólsins í máli *Schalk og Kopf gegn Austurríki* hafði dómstóllinn samþykkt m.a. að þó að hugmyndin um hjónaband hefði breyst töluvert innan samningsríkjanna síðan sáttmálinn var samþykktur væri enn ekki samstaða innan Evrópu um hvort veita ætti samkynja pörum leyfi til að ganga í hjónaband. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 12. gr. ætti við kærðu kærenda, en það væri þó enn undir hverju samningsríki komið að ákveða hvort hjónaband samkynhneigðra væri leyfilegt. 12. gr. legði enga skyldu á samningsríki að veita samkynja pörum leyfi til að ganga í hjónaband. Dómstóllinn ítrekaði að þetta hefði verið niðurstaðan í nokkrum nýlegum málum og ekki væri ástæða til að halda að aðstæður hefðu síðan breyst. Einng tók dómstóllinn fram að lög voru samþykkt í Frakklandi árið 2013 sem heimila samkynja pörum að ganga í hjónaband

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

og væri kærendum því frjálst að ganga í hjónaband. Niðurstaða dómstólsins var að ekki hefði verið um brot gegn 12. sbr. 14. gr. sáttmálans að ræða.

8. sbr. 14. gr.: Dómstóllinn ítrekaði að sammingsríki hefðu frjálsar hendur til að takmarka hjónaband á þá vegu að það væri aðeins gilt milli ósamkynja para og að þau hefðu svigrúm til mats varðandi aðra lagalega viðurkenningu fyrir pör. Á þeim tíma sem gifting kærenda átti sér stað var mögulegt fyrir pör í Frakklandi að skrá sig í staðfesta samvist, en slík samvist fæli í sér margt af þeim réttindum og skyldum sem fylgdu hjónabandi. Dómstóllinn tók fram að honum bæri ekki að úrskurða með ítarlegum hætti um muninn á hjónabandi og staðfestri samvist sem yfirleitt væri svipaður í sammingsríkjunum. Dómstóllinn taldi engar sannanir vera fyrir því að franska ríkið hefði farið út fyrir svigrúm sitt til mats þegar kæmi að fyrirkomulagi hjónabands almennt. Af þeim sökum hefði ekki verið um brot á 8. sbr. 14. gr. sáttmálans að ræða.

14. gr. Bann við mismunun

Partei Die Friesen gegn Þýskalandi

Dómur frá 28. janúar 2016

Mál nr. 65480/10

14. gr. Bann við mismunun

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Þjóðernisminnihluti. Kosningaskilyrði.

1. Málsatvik

Kærandi var flokkur um hagsmuni Frísa sem er þjóðernisminnihlutahópur. Starfsemi flokksins var takmörkuð við landsvæði í Neðra-Saxlandi (Niedersachsen). Samkvæmt kosningalögum Neðra-Saxlands var þingsætum aðeins úthlutað til flokka sem fengu að lágmarki 5% af öllum gildum greiddum atkvæðum. Flokkur kæranda fór fram á undanþágu frá þessu skilyrði við forsætisráðherra og forseta Neðra-Saxlands árið 2008 en því var hafnað. Í þeim kosningum fékk flokkurinn um 0.3% af öllum gildum atkvæðum og því ekki umboð til þingsetu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi 5% þröskuldinn brjóta rétt hans til að taka þátt í kosningum án þess að vera mismunað og þar með væri brotið gegn 14. gr. samanber 3. gr. 1. viðauka.

Niðurstaða

Um 14. gr. með hliðsjón af 3. gr. 1. viðauka: Í þingkosningunum árið 2008 fékk kærandi ekki nægan fjölda atkvæða til að fá umboð til þingsetu óháð 5% þröskuldinum. Þröskuldurinn gat engu að síður haft neikvæð áhrif á mögulega kjósendur sem vildu ekki „eyða“ atkvæði sínu í pólitískan flokk sem væri ómögulegt að ná lágmarkinu. 5% þröskuldurinn hafði því haft áhrif á rétt flokks kæranda til að taka þátt í kosningum og því féll málið innan ramma 3. gr. 1. viðauka. 14. gr. varð þ.a.l. beitt.

Þó að þröskuldurinn sem slíkur kæmi ekki til álita samkvæmt 14. gr. með hliðsjón af 3. gr. 1. viðauka, þurfti dómstóllinn að meta hvort beiting þröskuldar á flokk kæranda hefði brotið gegn umræddum ákvæðum. Í því sambandi væri óumdeilt að kærandi hefði sætt sömu meðferð og aðrir fámennir pólitískir flokkar sem tóku þátt í kosningum í Neðra-Saxlandi.

Um það hvort staða kæranda væri, eins og hann hélt fram, líkur öðrum flokkum sem buðu fram í kosningum í tveimur öðrum héruðum sem bæði veittu minnihlutflokkum forréttindi, taldi dómstóllinn að samkvæmt kosningalögum nytu allir þjóðarminnihlutflokkar sömu réttinda í þingkosningum. Hins vegar komst stjórnlagadómstóll Neðra-Saxlands að þeirri niðurstöðu að stjórnvöldum bæri engin

14. gr. Bann við mismunun

stjórnskipunarleg skylda til að forða flokkum þjóðarminnihluta frá þröskuldum hvað varðar kosningar í einstökum héruðum. Í ljósi þess fullveldis sem héruðum er fengið í þýska réttarkerfinu, hefði ákvörðun handhafa löggjafarvalds í einstökum héruðum til að veita þjóðarminnihlutflokkum undanþágur í sínum eigin kosningalögum því engin áhrif á þjóðarminnihlutflokka utan þeirrar eigin umdæmis. Þá væru aðstæður kæranda ekki sambærilegar öðrum þjóðarminnihlutflokkum því þeir væru ekki í framboði í Neðra-Saxlandi.

Varðandi það hvort staða kæranda væri verulega öðruvísi en annarra pólitískra flokka í Neðra-Saxlandi, féllst dómstóllinn á að fjöldi Frísa þar væri ekki nógu mikill til að komast yfir kosningaþröskuldinn, jafnvel þótt allir Frísar kysu kæranda. Aftur á móti væri staða kæranda í þessu sambandi svipuð stöðu flokka sem væru fyrst og fremst í fyrirsvari fyrir tölulega fámenna hagsmunahópa sem afmörkuðust af viðmiðum svo sem aldri, trú eða starfsgreinum. Óhagræðið í kosningaferlinu byggðist því á þeirri hugmynd að gæta aðeins hagsmuna lítils hluta íbúanna, en samningsríki gætu ekki borið ábyrgð á því.

Dómstóllinn tók að lokum til skoðunar hvort kæranda hefði verið mismunad í hlutverki sínu sem flokkur í fyrirsvari fyrir þjóðernisminnihluta. Þar sem það að stofna hreyfingu til að tjá og efla sjálfsmynd gæti verið mikilvægt til að aðstoða minnihlutahópa við að varðveita og viðhalda réttindum sínum, tengdist þetta álitamál spurningunni um það hvort þjóðarminnihlutflokkar ættu að fá aðra meðferð en aðrir sérhagsmunaflokkar. Í *Magnago og Südtiroler Volkspartei gegen Itáliu (mál nr. 25035/94 frá 15. Apríl 1996)* taldi fyrrum framkvæmdastjórn að sáttmálinn gæti ekki skyldað samningsaðila til þess að beita jákvæðri mismunun í þágu minnihlutahópa. Síðari rammasamningur frá 1998 um verndun þjóðernisminnihlutahópa lagði áherslu á þátttöku þjóðarminnihlutahópa í samfélagsmálum. Þótt sá möguleiki að veita undanþágu frá lágmarksskilyrðum væri aðeins settur fram sem einn af mörgum valkostum, væri túlkun ráðgjafarnefndar um rammasamninginn og Feneýjarnefndarinnar sú að kröfur kosningaþröskulda ættu að vera þannig hannaðar að þær hefðu ekki áhrif á þjóðarminnihlutahópa. Þrátt fyrir það væri ekki talið að rammasamningurinn fæli í sér skýra og bindandi skyldu til að víkja þjóðarminnihlutflokkum undan kosningaþröskuldum. Þar af leiðandi var dómstóllinn einróma í því áliti sínu, jafnvel með hliðsjón af rammasamningnum, að samkvæmt sáttmálanum væri ekki grundvöllur fyrir mismunandi meðferð í þágu minnihlutflokka. Væri því ekki um brot gegn 14. gr. að ræða.

Di Trizio gegn Sviss

Dómur frá 2. febrúar 2016

Mál nr. 7186/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Mismunun á grundvelli kynferðis. Örorkubætur. Réttur til fjölskyldulífs.

1. Málsatvik

Kærandi, Vita Maria di Trizio, er ítalskur ríkisborgari, fædd 1977. Hún er búsett í Rapperswill-Jona í Sviss. Kærandi vann upphaflega fulla vinnu en varð að hætta árið 2002 vegna bakmeiðsla. Hún fékk greiddar 50% örorkubætur frá þeim tíma fram að fæðingu tvíbura árið 2004. Eftir fæðinguna neitaði tryggingastofnun að greiða frekari bætur og rökstuddi það með því að vísa til svokallaðrar „samþættingaraðferðar“. Samkvæmt þeirri aðferð var talið að þó að kærandi hefði áður unnið þá myndi hún hvort eð er aldrei vinna fulla vinnu eftir fæðingu barnanna og ætti því ekki rétt á bótum. Kærandi var ósammála þessum úrskurði og lagði fram kvörtun. Eftir stjórnáráðgjafi fór málið fyrir dómstól. Hann komst að þeirri niðurstöðu að tilgangur örorkubóta væri að bæta vinnutap fyrir þá sem sökum læknisfræðilegra ástæðna gætu ekki lengur unnið. Tilgangurinn væri hins vegar ekki sá að veita bætur fyrir vinnumissi ef sá sem um ræddi hefði hvort eð er aldrei getað eða ætlað sér að vinna þá vinnu sem bæta ætti. Samþættingaraðferðinni væri ætlað að koma í veg fyrir greiðslu bóta fyrir vinnu sem aldrei hefði verið unnin og fæli ekki í sér mismunun. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að kærandi ætti ekki rétt á bótum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sú ákvörðun að hafna bótagreiðslum til hennar á grundvelli samþættingaraðferðarinnar fæli í sér brot á rétti hennar skv. 8. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að jafnrétti kynjanna væri eitt af helstu markmiðum Evrópuráðsins og að mjög veigamikil rök þyrfti að færa fram svo mismunandi meðferð eftir kyni gæti talist samræmast sáttmálanum.

Samkvæmt gögnum sem svissneska ríkið lagði fram hafði samþættingaraðferðinni verið beitt í 7,5% af öllum örorkuþryggingarmálum árið 2009 og 97% af þeim málum fjölluðu um konur. Ríkisdómstóllinn hafði sjálfur viðurkennt að samþættingaraðferðinni væri langoftast beitt í tilvikum kvenna sem hefðu minnkað við sig vinnu eftir barnsburð.

Dómstóllinn féllst á þau rök svissneska ríkisins að tilgangur örorkubóta væri að bæta tapaða vinnu sem einstaklingar gætu ekki unnið lengur sökum læknisfræðilegra ástæðna en ekki til að bæta vinnutap sem aldrei hefði átt sér stað. Hins vegar tók dómstóllinn fram að meta yrði þetta markmið með hliðsjón af jafnrétti kynjanna.

14. gr. Bann við mismunun

Dómstóllinn tók fram að kærandinn hefði líklegast fengið örorkubætur greiddar hefði hún unnið fulla vinnu eða verið heimavinnandi að öllu leyti. Þar sem hún hafði áður unnið fulla vinnu hafði hún í upphafi fengið greiddar örorkubætur allt fram að fæðingu barnanna. Var því ljóst að ákvörðunin um að neita henni um örorkubætur var byggð á þeirri staðreynd að hún var nú móðir og hafði dregið úr vinnu til að annast börn sín. Í framkvæmd væri samþættingaraðferðin því grundvöllur mismununar þar sem henni væri beitt í 97% tilvika þegar um konur væri að ræða. Dómstóllinn tók einnig fram að samkvæmt greinargerð um samþættingaraðferðina sem svissneska ríkisráðið hafði tekið saman kom fram að aðferðin væri mögulega til þess fallin að valda mismunun. Dómstóllinn taldi í ljósi þessa að það væru engin rök fyrir mismununinni sem kærandi hefði orðið fyrir og að brotið hefði verið á rétti kæranda skv. 14. gr. sbr. 8. gr. sáttmáls.

Þrjú dómáramur skiluðu séráliti í málinu.

Svissneska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 5.000 evrur í miskabætur og 24.000 evrur í málskostnað.

Çam gegn Tyrklandi

Dómur frá 23. febrúar 2016

Mál nr. 51500/08

14. gr. Bann við mismunun

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Réttur fatlaðs umsækjanda. Skortur á úrræðum fyrir fatlaða nemendur.

Formlegar kröfur um líkamlegt hæfi.

1. Málsatvik

Kærandinn, Ceyda Evrim Cam, er tyrkneskur ríkisborgari. Hún er fædd árið 1989 og býr í Istanbul í Tyrklandi. Árið 2004 stóðst kærandi, sem er blind, inntökupróf tyrknesku tónlistarakademíunnar. Samkvæmt innritunarferli skólans var aflað læknisskýrslu nefndar Bakirköy-spítalans þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að kærandi gæti setið áfangu skólans þar sem sjón væri ekki nauðsynleg. Skólinn tilkynnti að engir áfangar skólans væru þess eðlis að sjónar væri ekki þörf. Skólinn bað yfirmann spítalans að gera nýja skýrslu til að útskýra betur hvort kærandi hefði getu til að stunda nám við skólann sökum þessa. Skólinn neitaði einnig beiðni kæranda um inngöngu í skólann.

Foreldrar kæranda áfrýjuðu ákvörðun skólans til stjórnsýsludómstóls í Istanbul. Þeir kröfðust þess að ákvörðun skólans yrði afturkölluð. Dómstóllinn dæmdi skólanum í vil á þeim grundvelli að kærandi hefði ekki getað lagt fram gögn frá spítala sem segðu að hún hefði getu til að stunda tónlistarnám við skólann. Þessum dómi áfrýjuðu foreldrar kæranda til æðsta stjórnsýsludómstóls Tyrklands sem vísaði málinu frá árið 2008. Þeir lögðu samhliða þessum dómsmálum fram kvörtun gegn Bakirköy-spítalanum, sem hafði breytt skýrslu sinni og sagði nú að kærandi hefði ekki getu til að sitja áfangu skólans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn rétti hennar til menntunar, sbr. 2. gr. samningsviðauka nr. 1 þar sem tyrkneska ríkinu hefði mistekist að veita persónu með fötlun sömu tækifæri og öðrum. Hún hélt því einnig fram að henni hefði verið mismunað sökum þess að hún var blind, og væri það brot á 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Varðandi neitun á beiðni kæranda um að fá inngöngu í tónlistarakademíuna tók dómstóllinn fram að á þeim tíma sem málið átti sér stað hefði löggjöf kveðið á um að börn með fötlun ættu rétt á menntun án mismununar. Hins vegar tók dómstóllinn einnig fram að frávísun á beiðni kæranda hefði verið byggð á málsmeðferðarreglum skólans, þar sem krafa var gerð um læknisvottorð um getu til að taka þátt í námi skólans Þótt þessar reglur mismunuðu ekki blindu fólki og allir umsækjendur væru skyldugir til að framvísa sama vottorði, mat dómstóllinn málið þannig að ekki væri hægt að horfa fram hjá því að slíkar kröfur hefðu verið til þess fallnar að hafa frekari áhrif á einstaklinga með fötlun. Dómstóllinn bætti því við að kærandi hefði sannarlega veitt skólanum umrætt vottorð en að skólinn hefði hvort eð er neitað því og beðið spítalann um að gera breytingar. Þó að skólinn hefði reynt að réttlæta neitun sína á umsókn kæranda á þeim grundvelli að hún hefði ekki uppfyllt formlegar kröfur málsmeðferðarreglna skólans, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að sú staðreynd að kærandi var blind hefði verið eina ástæða þess að henni var synjað um skólavist. Enn fremur tók dómstóllinn fram að það hefði verið mjög auðvelt fyrir skólann að fá spítalann til að breyta vottorðinu, sem benti til þess að kærandi hefði aldrei getað uppfyllt formlegar kröfur skólans um líkamlegt hæfi.

Með því að hafa staðist inntökupróf skólans taldi dómstóllinn að kærandi hefði sýnt fram á næga hæfni til þess að stunda nám við skólann.

Í ljósi skorts á úrræðum til að koma til móts við nemendur með fötlun komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að tyrknesk yfirvöld hefðu ekki gert neina tilraun til að koma til móts við þarfir kæranda og að tyrkneska ríkið hefði ekki getað útskýrt hvers vegna blinda kæmi í veg fyrir að kærandi gæti stundað tónlistarnám. Hann tók einnig fram að skólinn hefði ekki gert neina tilraun til að sníða kennslu sína að þörfum blindra nemenda.

Að öllu þessu virtu komst dómstóllinn að þeirri endanlegu niðurstöðu að kæranda hefði verið neitað, án hlutlægrar og rökréttar ástæðu, um tónlistarnám og væri því um brot á 14. gr. sáttmálans að ræða. Þar sem dómstóllinn komst að því að um brot á 14. gr. væri að ræða þótti ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um 2. gr. samningsviðauka nr. 1. Tyrkneska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 10.000 evrur í miskabætur og 3.000 evrur í málskostnað.

Pajic gegn Króatíu

Dómur frá 23. febrúar 2016

Mál nr. 68453/13

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Samkynja pör. Réttur til fjölskyldulífs. Lögmætt markmið.

1. Málsatvik

Kærandinn, Danka Pajic, er ríkisborgari Bosníu og Hersegóvínu. Hún er fædd árið 1973 og býr í Brcko í Bosníu og Hersegóvínu. Í desember 2011 lagði kærandi fram beiðni um dvalarleyfi í Króatíu á grundvelli fjölskyldusameiningar, en hún ætlaði að búa þar með kærustu sinni, D.B., sem bjó í Sisak í Króatíu. Meðan á málsmeðferð stóð komst lögreglan í Sisak að því að konurnar tvær höfðu verið í sambandi frá því í október 2009 og til þess að halda sambandi höfðu þær ferðast á milli landanna tveggja þann tíma. Beiðni kæranda var hafnað af lögreglunni í Sisak á grundvelli þess að viðeigandi kröfum innflytjendalaga hefði ekki verið fullnægt. Áfrýjun kæranda til innanríkisráðuneytisins var hafnað. Hún lagði þá fram kæru hjá stjórnsludómstólnum í Zagreb og hélt því fram að henni hefði verið mismunað þar sem pör af mismunandi kyni hefðu möguleika á fjölskyldusameiningu skv. innflytjendalögum. Stjórnsludómstóllinn hafnaði kröfu hennar á þeim grundvelli að þar sem lagaleg áhrif samkynja sambanda væru takmörkuð, væri slíkt samband ekki grundvöllur fyrir fjölskyldusameiningu. Í maí 2013 hafnaði stjórnlagadómstóll kröfum kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn 14. og 8. gr. sáttmálans. Taldi hún að sér hefði verið mismunað á grundvelli kynhneigðar sinnar.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að enginn vafi léki á því að samband samkynhneigðra para eins og kæranda félli undir skilgreiningu „einkalífs“ skv. 8. gr. sáttmálans. Auk þess komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að staðreyndir málsins féllu innan skilgreiningar á hugtakinu „fjölskyldulíf“ skv. sama ákvæði. Var því 14. gr. beitt samhliða 8. gr. við úrlausn málsins.

Dómstóllinn tók sérstaklega fram að undanfarin ár hefði talsverður fjöldi aðildarríkja Evrópuráðsins veitt samkynja pörum lagalega vernd. Í ljósi þeirrar þróunar væri því um innantóm rök að ræða að telja að samkynja pör, ólíkt ósamkynja pörum, gætu ekki notið fjölskyldulífs. Í fyrri dómi dómstólsins hefði einnig verið komist að því að engin rök væru fyrir því að greina á milli stöðugra samkynja sambanda og þeirra samkynja sambanda sem sökum faglegra eða félagslegra ástæðna væru það ekki.

Varðandi spurninguna hvort kæranda hefði verið mismunað tók dómstóllinn

14. gr. Bann við mismunun

fram að króatíska lagakerfið viðurkenndi bæði sambönd ósamkynja og samkynja para utan hjónabands. Ríkið viðurkenndi þar með almennt þann möguleika að báðir hópar væru færir um að mynda stöðug, skuldbindandi sambönd. Taldi dómstóllinn því að einstaklingur í samkynja sambandi væri í sambærilegri stöðu og einstaklingur í ósamkynja sambandi.

Gert væri ráð fyrir því í innflytjendalögum Króatíu að mögulegt væri að sækja um dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar ef um ósamkynja fjölskyldu væri að ræða, hvort sem einstaklingar væru giftir eða ekki. Með því að láta samkynja pör falla utan skilgreiningar þessa ákvæðis væri hins vegar búið að kynna til sögunnar mismunandi meðferð byggða á kynhneigð umsækjenda. Dómstóllinn hafnaði rökum króatíska ríkisins þess efnis að kærandi væri ekki í sömu stöðu og ósamkynja pör sökum þess að hún hefði ekki verið í sambandi í meira en þrjú ár. Dómstóllinn benti á að króatísk yfirvöld hefðu ekki skoðað staðreyndir málsins þar sem þau hefðu reitt sig á staðreyndarlegan ómöguleika þess að fá dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar ef umsækjandi væri í samkynja sambandi. Enn fremur hefði samband kæranda og D.B. uppfyllt það skilyrði þegar mál kæranda var komið á borð stjórnásludómstólsins í Zagreb. Kærandi hefði því orðið að sæta mismunandi meðferð vegna kynhneigðar.

Dómstóllinn taldi því að það hefði verið skylda króatíska ríkisins að sýna fram á að hin mismunandi meðferð ætti rétt á sér, t.d. með því að stefna að lögmatu markmiði. Ríki hefðu aðeins takmarkað svigrúm til mats í málum þar sem mismunandi meðferð væri byggð á kynhneigð eða kynferði, og yrðu ríki því að sanna að það væri nauðsynlegt að útiloka ákveðna hópa fólks, í þessu máli samkynhneigð pör, frá gildissviði ákveðinna ákvæða landslaga.

Hins vegar hefði króatíska ríkið ekki reitt fram neinar slíkar réttlætningar né gefið neinar aðrar haldbærar ástæður fyrir mismununinni. Ákvæðið í innflytjendalögunum hefði því einhliða og án réttlætningar útilokað samkynja pör frá því að njóta sömu réttinda og sambærileg ósamkynja pör. Væri því um að ræða brot gegn réttindum skv. 14. gr. sbr. 8. gr. sáttmálans.

Króatíska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 10.000 evrur í miskabætur og 5.690 evrur í málskostnað.

M.G. gegn Tyrklandi

Dómur frá 22. mars 2016

Mál nr. 646/10

3. gr. Bann við pyndingum

14. gr. Bann við mismunun

Heimilisofbeldi. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærandi, M.G., er tyrkneskur ríkisborgari. Hún er fædd árið 1973 og búsett í Istanbul. Í júlí 2006 lagði hún fram kæru hjá saksóknara gegn eiginmanni sínum. Hún kvaðst hafa flúið heimili sitt vegna heimilisofbeldis, sem hefði varað allt frá

14. gr. Bann við mismunun

upphafi hjónabandsins árið 1997. Í málinu lágu fyrir skýrslur um áverka kæranda og andlegar afleiðingar ofbeldisins. Þá kom enn fremur fram að hún þjádíst af þunglyndi og áfallastreituröskun sem rekja mætti til ofbeldisins.

Tekin var skýrsla af eiginmanni kæranda í desember 2006 en hann neitaði sakargiftum. Í febrúar 2012 var hann ákærður fyrir ofbeldisbrot gegn kæranda. Í millitíðinni fór kærandi fram á skilnað fyrir fjölskyldurétti og óskaði eftir vernd frá eiginmanni sínum. Á það var fallist. Skilnaður var veittur í september 2007 og var kæranda veitt forsjá barna þeirra.

Í nóvember 2012, október 2013 og júní 2014 fór kærandi fram á fyrir dómstólum að gripið yrði til frekari fyrirbyggjandi aðgerða vegna hótana fyrrverandi eiginmanns hennar. Fallist var á kröfu hennar og var fyrrverandi eiginmanni kæranda gert að sæta nánar tilgreindu nálgunarbanni.

Í mars 2014 lögðu samtökin Purple Roof fram skýrslu en þau höfðu veitt kæranda og börnum hennar skjól. Þar kom fram að öryggi kæranda væri alvarlega ógnað og að hún sætti stöðugum hótunum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi það andstætt 3. gr. sáttmálans um bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð að yfirvöld hefðu ekki komið í veg fyrir ofbeldið sem hún varð fyrir. Jafnframt taldi hún að brotið hefði verið gegn rétti hennar til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans, 13. gr. sáttmálans um raunhæft réttarúrræði og 5. gr. sáttmálans um rétt til frelsis og mannhelgi. Kærandi taldi jafnframt að brotið hefði verið gegn 14. gr. um bann við mismunun ásamt 3. gr. sáttmálans hvað varðaði ofbeldi gegn konum í Tyrklandi. Mannréttindadómstóllinn tók kvörtun kæranda til skoðunar með tilliti til 3. gr. sáttmálans sérstaklega og ásamt 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Mannréttindadómstóllinn tók fram að kærandi hefði kvartað yfir ofbeldi af hálfu eiginmanns síns í júlí 2006 og að sérfræðiskýrslur hefðu verið lagðar fram um líkamlegar og andlegar afleiðingar brotanna svo fljótt sem næsta dag. Handtökuskipun hefði aftur á móti ekki verið gefin út á hendur manningum fyrr en í nóvember sama ár og að hann hefði ekki verið færður til skýrslutöku hjá saksóknara fyrr en í desember það ár eða fimm mánuðum eftir að kæra var lögð fram.

Dómstóllinn tók enn fremur fram að meðferð sakamálsins, sem enn var ólokið, hefði ekki hafist fyrr en í febrúar 2012 eða rúmum fimm árum eftir að kæra var lögð fram.

Dómstóllinn undirstrikaði mikilvægi þess að vandað væri til verka við meðferð heimilisofbeldismála og vísaði til Istanbul-samningsins í því samhengi, þar sem kveðið er á um skyldu ríkja til að hraða rannsókn og meðferð mála er varða heimilisofbeldi. Enn fremur taldi dómstóllinn það vera skyldu yfirvalda að taka tillit til

14. gr. Bann við mismunun

einstaklingsbundinna aðstæðna við meðferð slíkra mála.

Samkvæmt gögnum málsins var ekki að finna neina ástæðu sem réttlætt gæti þá töf sem orðið hafði og taldi dómstóllinn málsmeðferðina ekki uppfylla skilyrði 3. gr. sáttmálans. Kærandi hafði greint frá því að sér hefði ekki verið gert kleift að óska eftir verndarráðstöfunum eftir að henni var veittur skilnaður þar sem innanlend löggjöf þar að lútandi tók ekki gildi fyrr en í mars 2012. Sú löggjöf hefði enn fremur verið óskýr hvað varðaði rétt fráskilinna kvenna í hennar stöðu. Hún hefði því verið þvinguð til að lifa í felum og í stöðugum ótta við að verða fyrir frekara ofbeldi.

Dómstóllinn áréttaði að lokum mikilvægi þess að tillit þyrfti að taka til þeirra andlegu afleiðinga sem heimilisofbeldi hefði í för með sér. Með vísan til alls framangreinds komst dómstóllinn að einróma niðurstöðu þess efnis að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 14. gr. sbr. 3. gr.: Mannréttindadómstóllinn taldi að framkvæmd og lagaumhverfi í Tyrklandi skapaði aðstæður þar sem heimilisofbeldi væri samþykkt og að framkvæmdin fæli í sér mismunun gagnvart konum sem orðið hefðu fyrir ofbeldi í skilningi 3. gr. Istanbul-samningsins. Í ljósi þess að ekki væru skýr lagaleg úrræði fyrir konur í þeirri stöðu til að óska eftir verndarráðstöfunum, jafnvel eftir skilnað, komst dómstóllinn að einróma niðurstöðu þess efnis að brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans ásamt 3. gr. sáttmálans.

Tyrkneska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 19.500 evrur í miskabætur og 4.000 evrur í málskostnað.

Sousa Goucha gegn Portúgal

Dómur frá 22. mars 2016

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Fjölmíðlar. Tjáningarfrelsi. Jákvæðar skyldur. Mismunun.

Guberina gegn Króatíu

Dómur frá 22. mars 2016

Mál nr. 23682/13

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

14. gr. Bann við mismunun

Börn. Fötlun. Skattaúvilnun. Húsnæði.

1. Málsatvik

Kærandi, Joško Guberina, er króatískur ríkisborgari, fæddur árið 1969 og býr í Samobor, Króatíu. Kærandi og eiginkona hans eignuðust fjölfatlaðan son árið 2003 og einkenndist fötlunin bæði af líkamlegum og andlegum einkennum, þar á meðal heilalömun. Drengurinn var metinn 100% öryrki af félagsmálayfirvöldum í Króatíu árið 2008.

Árið 2006 festi kærandi kaup á fasteign í Samobor. Fyrra húsnæði fjölskyldunnar hentaði ekki fyrir fatlaðan einstakling og seldi kærandi því eignina árið 2008. Fljótlega eftir kaupin á fasteigninni í Samobor lagði kærandi fram beiðni

14. gr. Bann við mismunun

um skattafrádrátt samkvæmt lögum á grundvelli þess að þáverandi húsnæði, sem var á þriðju hæð og án lyftu, hentaði ekki með tilliti til þarfa barnsins. Honum hefði reynst sífellt erfiðara að yfirgefa íbúðina með son sinn sem bundinn var við hjólastól. Árið 2009 synjuðu skattayfirvöld beiðni hans á grundvelli þess að aðstæður fjölskyldunnar féllu ekki undir skilyrði laganna og að hin selda fasteign hefði fullnægt þörfum fjölskyldunnar. Ekki var litið til fötlunar barnsins og þeirrar staðreyndar að engin lyfta var í fyrra húsnæði fjölskyldunnar. Kærandi kvartaði til fjármálaráðuneytis og höfðaði mál fyrir dómstólum en máli hans var vísað frá.

Í september 2012 var málinu einnig vísað frá stjórnlagadómstól á grundvelli vanreifunar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn rétti hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka um friðhelgi eignarréttar og 14. gr. um bann við mismunun, þar sem honum hefði verið mismunað með ósanngjarnri beitingu skattalöggjafar í heimaríki hans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn taldi að jafnvel þótt kærandi væri ekki fatlaður sjálfur gæti hann engu að síður lagt fram kvörtun vegna mismununar skv. 14. gr. sáttmálans, þar sem málið varðaði barn sem væri undir umönnun kæranda komið. Af fordæmum dómstólsins mætti leiða að undir ákvæðið féllu einnig tilvik þar sem einstaklingur líður fyrir aðstæður annars einstaklings. Skattayfirvöld hefðu synjað beiðni kæranda um skattaávilnun vegna húsnæðiskaupa hans án þess að meta sérstaklega þarfir fjölskyldunnar vegna fötlunar barnsins. Á sama hátt hafði fjármálaráðuneytinu og dómstólum láðst að meta hinar breyttu aðstæður. Markmið skattalaganna var samkvæmt króatískum stjórnvöldum að tryggja grunnþarfir í húsnæðismálum, sem væru ekki háðar mati skattayfirvalda í einstökum tilvikum. Það kom aftur á móti fram í lögum að ef um væri að ræða fatlaða einstaklinga væri aðgangur að lyftu lágmarksskilyrði í húsnæði, en yfirvöld höfðu ekki tekið mið af þeim reglum við ákvörðun sína.

Dómstóllinn vísaði enn fremur til þess að yfirvöld hefðu ekki litið til skuldbindinga sinna samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í ljósi þess taldi Mannréttindadómstóllinn að yfirvöld hefðu með svo þröngri túlkun sinni á skattalögum ekki uppfyllt skyldur sínar í máli kæranda. Dómstóllinn var þar að auki ekki sannfærður um að fjárhagsaðstæður kæranda féllu ekki undir skilyrði laganna um skattafrádrátt þar sem yfirvöld höfðu ekki metið fjárhagsstöðu hans sérstaklega, heldur aðeins haldið því fram að fyrra húsnæði hentaði þörfum fjölskyldunnar.

Að öllu þessu virtu komst dómstóllinn að einróma niðurstöðu þess efnis að brotið hefði verið gegn 14. gr. og 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Dómstóllinn dæmdi króatíska ríkið til að greiða kæranda 5.000 evrur í miskabætur og 11.500 evrur í málskostnað.

M.C. og A.C. gegn Rúmeníu

Dómur frá 12. apríl 2016

Mál nr. 12060/12

3. gr. Bann við pyndingum

14. gr. Bann við mismunun

Rannsókn. Hatursglæpir. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærandur tóku þátt í hinsegin göngu árið 2006 í Búkarest, Rúmeníu. Mótmælt var við samkomuna og voru nokkrir einstaklingar sektaðir fyrir óspektir. Í lok göngunnar réðst hópur einstaklinga á kærandur og höfðu í frammi skammaryrði og móðganir í þeirra garð.

Við rannsókn málsins tókst ekki að bera kennsl á árásarmennina og var málið fellt niður árið 2011.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að stjórnvöld hefðu brugðist þeirri skyldu sinni að rannsaka málið og að með því hefði verið brotið gegn rétti þeirra samkvæmt 3. og 14. gr. sáttmálans. Ekki hefði verið tekið mið af því að ofbeldið sem þeir urðu fyrir hefði grundvallast á hatri í garð hinsegin fólks, og jafnframt því að löggjöf væri ófullnægjandi til að vernda hinsegin samfélagið sem minnihlutahóp gegn hatursglæpum.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn taldi ljóst að markmið ofbeldisins sem kærandur urðu fyrir hefði verið að valda þeim hræðslu til að þeir létu af opinberri tjáningu sinni til stuðnings hinsegin samfélaginu. Andlegar afleiðingar ofbeldisins hlytu að hafa verið kærandum enn þungbærari í ljósi þess að þeir hefðu verið að njóta réttinda samkvæmt sáttmálanum þegar þeir tóku þátt í göngunni.

Dómstóllinn vísaði til þess að ýmsar alþjóðlegar stofnanir um vernd mannréttinda hefðu tjáð sig um slæma stöðu hinsegin einstaklinga í Rúmeníu. Þar af leiðandi næði sú meðferð sem kærandur urðu fyrir því alvarleikastigi að flokkast undir 3. gr. sáttmálans sbr. og 14. gr. sáttmálans.

Hvað varðaði rannsókn málsins tók dómstóllinn fram að yfirvöld hefðu ekki gripið til neinna aðgerða í málinu í tæpt ár eftir að kærandur lögðu fram kæru þó að kærandur hefðu lagt fram sönnunargögn sem hefðu getað leitt til þess að kennsl yrðu borin á árásarmennina. Málið hefði síðan verið fellt niður fjórum árum síðar. Dómstóllinn taldi að yfirvöld hefðu átt að rannsaka tengsl atburðanna við hreyfingar sem byggðust á hatri gagnvart hinsegin fólki og voru látnar óáreittar í ríkinu. Með því að nálgast slík mál á sama grundvelli og önnur mál væri jafnvel hægt að halda því fram að slíkt jafnaðist á við þegjandi samþykki af hálfu yfirvalda hvað varðaði hatursglæpi af þessum toga.

14. gr. Bann við mismunun

Dómstóllinn taldi enn fremur að með svo ófullnægjandi rannsókn á málinu væri erfitt fyrir ríkið að stuðla að því að viðburðir sem þessir gætu farið fram friðsamlega, en það græfi undan jákvæðum skyldum ríkisins hvað varðaði bann við mismunun. Að öllu þessu virtu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 3. gr. ásamt 14. gr. sáttmálans.

Kærendum voru hvorum um sig dæmdar 7.000 evrur í miskabætur og samtals 3.868 evrur í málskostnað.

Biao gegn Danmörku
Dómur frá 24. maí 2016 – Yfirdeild
Sjá reifun dómsins undir 8. gr.
Innflytjendur. Búsetuleyfi.

Chapin og Charpentier gegn Frakklandi
Dómur frá 9. júní 2016
Sjá reifun dómsins undir 12. gr.
Kynhneigð. Hjónaband samkynhneigðra. Réttur til fjölskyldulífs.

Aldeguer Tomás gegn Spáni
Dómur frá 14. júní 2016
Sjá reifun dómsins undir 8. gr.
Sambúð samkynhneigðra. Fjölskyldulíf. Almannatryggingar.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Guberina gegn Króatíu

Dómur frá 22. mars 2016

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Börn. Fötlun. Skattaávilnun. Húsnæði.

Ivanova og Cherkezov gegn Búlgaríu

Dómur frá 21. apríl 2016

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Byggingar. Niðurrif. Meðalhóf.

Geotech Kancev GmbH gegn Þýskalandi

Dómur frá 2. júní 2016

Sjá reifun dómsins undir 11. gr.

Kjarasamningur. Félagsmálagjöld.

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Çam gegn Tyrklandi

Dómur frá 23. febrúar 2016

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Réttur fatlaðs umsækjanda. Skortur á úrræðum fyrir fatlaða nemendur.

Formlegar kröfur um líkamlegt hæfi.

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Partei Die Friesen gegn Þýskalandi
Dómur frá 28. janúar 2016
Sjá reifun dómsins undir 14. gr.
Þjóðernisminnihluti. Kosningaskilyrði.

2. gr. 4. viðauka. Ferðafrelsi

Garib gegn Hollandi

Dómur frá 23. febrúar 2016

Mál nr. 43494/09

2. gr. 4. viðauka. Ferðafrelsi

Réttur til að velja búsetustað. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi, Rohiniedevie Garib, er hollenskur ríkisborgari, búsett í Vlaardingen. Hún er fædd árið 1971, einstæð móðir tveggja barna og hefur einungis bætur til að framfleyta sér. Kærandi fékk leiguíbúð í Tarwewijk-hverfi í Rotterdam árið 2005 eftir að hafa áður búið annars staðar. Leigusalinn bað hana um að skipta á þeirri íbúð og annarri stærri í sama hverfi þar sem hann vildi gera endurbætur á húsinu. Samþykkti hún það þar sem um stærri íbúð var að ræða sem betur hentaði henni og börnum hennar.

Í millitíðinni var Tarwewijk tilgreint, undir löggjöf um vandamál innri borgarhluta, sem hverfi þar sem takmarka ætti nýja búsetu með þeirri aðferð að gera það nauðsynlegt að fá leyfi til búsetu frá borgaryfirvöldum. Tarwewijk-hverfið var á þessum tíma þrugað af atvinnuleysi og glæpum. Kærandi óskaði eftir slíku leyfi en var hafnað af yfirvöldum á grundvelli þess að hún hafði ekki búið í Rotterdam í meira en sex ár. Enn fremur voru tekjur hennar ekki atvinnutekjur og uppfyllti hún því ekki tekjuskilyrði löggjafarinnar sem hefði gert henni kleift að fá undanþágu frá búsetuskilyrðinu.

Mótmælum kæranda var hafnað af borgaryfirvöldum og í apríl 2008 vísaði héraðsdómur áfrýjun hennar frá. Dómstóllinn rökstuddi ákvörðunina með því að benda á að löggjöfin fæli í sér leyfi til að takmarka frelsi til búsetu tímabundið. Þessar takmarkanir miðuðu að því að snúa við þróun í vandamálhverfum borgarinnar með því að stuðla að því að íbúar hverfanna yrðu fjölbreyttari og af fleiri þjóðfélagsstigum. Frekari áfrýjunum hennar var vísað frá og í september 2009 fluttist hún til Vlaardingen.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að löggjöfin um vandamál innri borgarhluta og tengd löggjöf borgarinnar hefði brotið gegn réttindum hennar til að velja sér búsetustað, sbr. 2. gr. 4. samningsviðauka.

Niðurstaða

Dómstóllinn viðurkenndi að kæranda, sem er hollenskur ríkisborgari og var löglega innan yfirráðasvæðis ríkisins, hefði verið neitað um búsetuleyfi sem hefði gert henni kleift að búa með fjölskyldu sinni í húsnæði sem hún vildi og stóð henni

2. gr. 4. viðauka. Ferðafrelsi

til boða. Því hefði augljóslega verið um að ræða takmörkun á frelsi hennar til að velja sér búsetu.

Ljóst var að takmörkunin var leidd af löggjöf um vandamál innri borgarhluta og tengdum reglum borgarinnar. Því hefði takmörkunin verið í samræmi við lög, en slíkt væri skilyrði takmörkunar skv. 2. gr. 4. viðauka. Enn fremur var markmið löggjafarinnar réttmætt fyrir löggjafann og borgaryfirvöld að sækjast eftir, þ.e. að snúa við hnignun ákveðinna hverfa borgarinnar.

Varðandi þá spurningu hvort gætt hefði verið meðalhófs benti dómstóllinn á að í mörgum málum er vörðuðu almenn stefnumál yrði að gefa þeim er mótuðu stefnumál ákveðið svigrúm. Í þessu máli hefði verið um að ræða tilraunir yfirvalda til að stemma stigu við vaxandi félagslegum vandamálum sem áttu rót að rekja til fátæktar og atvinnuleysis. Löggjöfinni var ætlað að vera í stöðugri endurskoðun og tengd ýmsum fjárfestingarmöguleikum sem veittu möguleika á fjármagni til endurbóta. Einnig var löggjöfin takmörkuð við ákveðin landfræðileg mörk og tilgreining hvers hverfis fyrir sig gat ekki staðið í meira en fjögur ár í senn.

Enn fremur fól löggjöfin í sér ýmsa varnagla. T.d. voru yfirvöld skyldu til að tryggja að nóg væri af húsnæði í grenndinni fyrir þá sem ekki gætu fengið búsetuleyfi. Einnig var gert ráð fyrir því að ef ekki væri til nóg húsnæði yrði tilgreining skv. löggjöfinni dregin til baka. Þessir varnaglar voru slegnir eftir að löggjöfinni hafði verið mótmælt á þingi og til þess fallnir að gera hana eins sanngjarna og mögulegt væri. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að takmarkanir á búsetu sem kærandi varð fyrir væru innan sanngjarna marka og væru vel til þess fallnar að ná lögumarkmiði laganna. Það væri því ekki dómstólsins að úrskurða hvort löggjöfin fæli í sér bestu lausnina á því vandamáli sem verið var að reyna að leysa.

Ákvörðun yfirvalda að neita kæranda um búsetuleyfi var í samræmi við landslög. Dómstóllinn benti á að kærandi hefði hvorki uppfyllt búsetu- né tekju-skilyrði löggjafarinnar. Kæranda hefði aldrei verið meinað að taka upp búsetu í öðrum borgarhluta í Rotterdam. Hins vegar gaf kærandi enga skýringu á því af hverju hún vildi búa í Tarwewijk-hverfinu aðra en þá að þar stóð henni til boða stærri íbúð. Að hún eftir að uppfylla búsetuskilyrðið árið 2011 ákvað að flytja ekki aftur í hverfið, heldur halda áfram að búa í Vlaardingen hafði áhrif á niðurstöðu málsins.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að gætt hefði verið meðalhófs þegar yfirvöld tóku ákvörðun um búsetu kæranda og að stefnt hefði verið að lögumarkmiði. Því hefði ekki verið um brot á 2. gr. 4. viðauka að ræða.

Tveir dómarar skilðu séráliti.